## STÖNDUM MEÐ PARIS HILTON

**Auðunn Blöndal drekkur einn lítra af gosi á dag. Ármann Jakobsson slekkur á Kastljósinu um leið og hann heyrir fyrstu amböguna.**



32



Hjólhýsasýning um helgina

Ellingsen



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. apríl 2007 — 100. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


## LAUGARDAGUR

### Litríkt sumar fram undan



Sumarið verður með afbrigðum litaglöð og framúrstefnuleg árstíð. Níundi áratugurinn kemur sterkur inn og neon-litir eru í fyrirrúmi.

TÍSKA 56

### Hvað er með þessa hálsfesti?

Þjóðleikhúsið frumsýnir Hálsfesti Helenu eftir kanadíska leikskáldið Carole Fréchette.

MENNING 52

### Lykilleikurinn er í dag

Njarðvík og KR spila þriðja leik sinn um Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta í dag. Níutíu prósent sigurvegara þriðja leiksins hafa unnið titilinn síðasta áratuginn.



ÍÞRÓTTIR 60

### Húsgagnaarkitekt Íslands

Hjalti Geir Kristjánsson, hönnuður og húsgagnasmiður, heldur sína fyrstu einkasýningu í galleríi 101.




HÚS & HEIMILI

### VEÐRIÐ Í DAG




**YFIRLEITT BJARTVIÐRI** - Í dag er áfram strekkingur af suðri og suðvestri. Hvassast verður við norðurströndina. Hitinn er á bilinu 4-10 stig, hlýjast austanlands, en svalast á Norðvesturlandi. Viðvarandi úrkoma vestantil en þurrt fyrir austan.

VEÐUR 4

# Umdeildar reglur hugsanlega þáttur í banaslysi fyrir vestan

**Rannsóknarnefnd sjóslysa rannsakar hvort krafa um löndun í sömu höfn og lagt var upp frá hafi verið þáttur í banaslysi við mynni Ísafjarðardjúps 14. mars. Smábátaeigendur hafa margsinnis kvartað yfir reglunum.**

**SLYS** Rannsóknarnefnd sjóslysa er að skoða hvort reglur um línuívilnun, sem gera ráð fyrir því að því að bátur komi til hafnar innan 24 klukkustunda á sama stað og haldið var til veiða, hafi spilað inn í ákvarðanatöku manna sem leiddu til sjóslyss úti fyrir Ísafirði 14. mars síðastliðinn. Þetta staðfesti Jón Ingólfsson, forstöðumaður rannsóknarnefndar sjóslysa við Fréttablaðið. „Það eru ýmsir samverkandi þættir sem valda sjóslysum. Í þessu tilfelli var nokkuð styttra að fara með bátinn í höfn í Súgandafirði en til Ísafjarðar. Samkvæmt reglugerð um línuívilnun þarf að landa [aflanum] á sama stað og lagt er upp í ferðina innan sólarhrings. Mér finnst líklegt að þess verði getið í skýrslu okkar vegna slyssins að þetta geti verið til þess að fallið að skapa óöryggi þegar taka þarf ákvarðanir á skömmum tíma, og skipstjórar eru alltaf að gera það,“ sagði Ingólfur.

Tveir sjómenn, Eiríkur Þórðarson og Unnar Rafn Jóhannsson, létust er bátnum Björg Hauks ÍS 127 hvolfdi úti fyrir Stigahlíð í mynni Ísafjarðardjúps.

Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda, segir ítrekað hafa verið gerðar athugasemdir við reglugerðina. „Við höfum frá upphafi bent á þetta sem stórkostlegan galla á fyrirkomulaginu. Það liggur fyrir að þessi staða getur orðið til þess að skapa óöryggi, sem síðan getur leitt til stórkostlegra slysa. Þessu þarf að breyta, það gefur auga leið.“

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra telur vel koma til greina að breyta lögunum. „Að sjálfsögðu viljum við ekki að fyrirkomulag í fiskveiðistjórnunarlögunum verði til þess að draga úr öryggisjómanna.Semsjávarútvegsráðherra myndi ég tvímælalaust beita mér fyrir þess háttar breytingum, ef þörf er talin á þeim.“ - mh

### UM LÍNUÍVILNUN

- Með línuívilnun er átt við heimildir dagróðrabáta til að landa ákveðnu hlutfalli umfram afla í þorski, ýsu og steinbít sem reiknast til aflamarks.
- Bátur þarf að koma til löndunar í höfn þeirri þar sem línan var tekin um borð innan 24 klukkustunda frá því haldið var til veiða úr þeirri höfn.




**GLEÐI Á LANDSFUNDI** Liðsmenn Samfylkingarinnar veifa til gesta á landsfundi flokksins, sem hófst í Egilshöll í gær. Í setningarræðu sinni sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir formaður að standa yrði vörð um jöfnuðinn í íslensku samfélagi; framtíð lands og þjóðar væri undir því komin. Sjá síðu 6

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þórhildur Þorleifsdóttir og börn:

## Fjölskylda stýrir landsfundum

**FÓLK** „Ég stökk bara inn í þetta,“ segir Sólveig Arnarsdóttir, leikkona og frambjóðandi, sem er fjölmiðlafulltrúi á landsfundi Samfylkingarinnar.

Móðir Sólveigar, Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri, er sömuleiðis í stóru hlutverki á fundinum. Þórhildur er í raun að leikstýra fundinum. Svo vill til að sonur Þórhildar, Þorleifur Örn Arnarsson leikstjóri, er þessa sömu helgi að „leikstýra“ landsfundi Sjálfstæðisflokksins.

„Það þarf gott fólk til að halda utan um svona samkomu svo það er ekki skrítið að í það starf veljist einhver sem hefur að atvinnu að stýra og púsla saman stórum sýningum,“ segir Sólveig.

„Það skiptir máli hvar hlutirnir og ræðumenn eru. Þetta er alls ekki svo ólíkt leikhúsinu þar sem sviðsmunir og leikarar þurfa að vera á réttum stað,“ segir Þorleifur. - gar / - fgg / sjá síðu 66

Utanríkisþjónustan hefur vaxið mikið að umfangi í tíð núverandi stjórnarflokka:

# 83 prósenta kostnaðaraukning

**STJÓRNMÁL** Kostnaður við rekstur sendiráða, fastanefnda og sendiræðisskrifstofa hefur aukist um 83 prósent á núvirði frá því að núverandi stjórnarflokkar tóku við völdum árið 1995. Það ár nam kostnaðurinn 970 milljónum króna á núvirði en er áætlaður 1.773 milljónir á fjárlögum ársins 2007.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í fjórðu kosningagrein Fréttablaðsins af átta. Þar eru áherslur stjórnmálaflokkanna í utanríkismálum reifaðar og kastljósi varpað á stærstu málin. Í komandi kosningum verða Evrópumál og umfang utanríkisþjónustunnar ofarlega á baugi.

Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnmálafræði, segir að pólitískar stöðuveitingar í utanríkisþjónustunni hafi dregið úr trúverðugleika hennar meðal kjósenda og að þeim verði að linna. „Það hafa ítrekað verið ráðnir inn sendiherrar sem hafa verið pólitískt skipaðir og það hefur orðið til þess að fólk hefur brenglaða mynd af þjónustunni.“

Hörður Arnarson, forstjóri Marels, segir starfsemi íslenskra stjórnvalda á erlendum vettvangi skipta sköpum og að starfsmenn sendiráðanna vinni mikilvægt starf. „Sérstaklega hefur þetta skipt miklu máli þegar fyrirtæki eru að koma inn á nýja markaði.“ - mh - þsj/sjá síðu 34 og 35





AFNEMUM LEIGUFORRÉTTINDI KVÓTAEIGENDA. FÆRUM VEIÐIRÉTTINN AFTUR TIL BYGGÐANNA!

Frjálslyndi flokkurinn

www.xf.is

Árangur áfram - ekkert stopp



XB 2007

framsokn.is

Framsókn

## SPURNING DAGSINS



*Ragnheiður, viljið þið Mosfellingar ekki sjá himnaríki á jörðu?*

„Mosfellsbær er nú þegar paradís á jörðu!“

Ragnheiður Ríkharðsdóttir er bæjarstjóri í Mosfellsbæ. Bæjarfélagið hefur hafnað beiðni hjóna um að skrá lögheimili sitt í sumarhúsinu Himnaríki í Miðdalslandi.

Formenn sænskra og danskra jafnaðarmanna á landsfundinum í Egilshöll:

# Velferðarmál eru forsendan

**STJÓRNMÁL** Mona Sahlin, formaður sænskra jafnaðarmanna, og Helle Thorning-Schmidt, formaður danska jafnaðarmannaflokksins, ávörpuðu landsfund Samfylkingarinnar í Egilshöll í gær. Þær lögðu meðal annars áherslu á velferðarmál, jafnréttismál og umhverfismál.

„Velferðarsamfélagið hótar ekki efnahagslegum vexti heldur er forsenda þess. Hægriflokkar segja að ekki sé hægt að byggja velferðarsamfélagið meira upp um leið og skattar séu lækkaðir. Jafnaðarstefnan verður að sýna að þetta sé hægt að sameina,“ segir Mona Sahlin.



**MONA OG HELLE** Mona Sahlin og Helle Thorning-Schmidt á landsfundi íslenskra jafnaðarmanna í Egilshöll í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hún telur baráttuna gegn loftslagsbreytingunni mikilvæga. „Jafnaðarstefnan hefur ekki alltaf verið græn hreyfing en nú verðum við að sýna fram á að þessi barátta er jafn mikilvæg og baráttan gegn stéttasamfélaginu var fyrir hundrað árum,“ segir hún.

Helle Thornton-Schmidt telur að jafnaðarstefnan hafi lausnirnar í stefnu sinni. Flokkarnir þurfi að berjast fyrir því að bæta aðstæður þeirra sem standa halloka. Hún telur að ESB sé mikilvægt fyrir norrænu löndin og jafnaðarstefnuna.

„Við upplifum allar þrjár í augnablikinu að borgaralegu flokkarnir eru ekki góðir í að berjast fyrir þá sem standa illa því þeir fylgja ekki eftir orðum með gjörðum,“ segir hún. **- ghs**

Bensínlausar á gatnamótum:

# Sjö bíla árekstur á Miklubraut

**UMFERÐIN Alls sjö bílar lentu í árekstri þegar tvær ungar stúlkur urðu bensínlausar á Miklubraut við Grensásveg um fimmleytið í gær.**

**Stúlkurnar kveiktu á neyðarljósum en fóru ekki út úr bílnum, enda mikil umferð á veginum og áttatíu kílómetra hámarkshraði.**

**Þrír bílar keyrðu aftan á bíl stúlknanna.**

**Sá fjórði náði að stoppa en ekki vildi betur til en að aftan á hann keyrði sá fimmti og síðan sjötti bíllinn aftan á hann.**

**Enginn slasaðist, en tveir kenndu smávægilegra eymsla í hálsi. - kóþ**

# Lést í sjóslysi við Vopnafjörð

**Trillusjómaðurinn sem lést af slysförum aðfaranótt fimmtudags hét Guðmundur Ragnarsson, til heimilis að Hafnarbyggð 23 á Vopnafirði. Guðmundur var 65 ára að aldri og lætur eftir sig eiginkonu og fjögur uppkomin börn.**

**Talið er að Guðmundur hafi fallið frá borði á bát sínum við að leggja grásleppunet. Björgunarskip Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Hafbjörg frá Neskaupstað, fann Guðmund í sjónum um eina og hálfa sjómílu úti af Kollumúla við Vopnafjörð. Hann var látinn þegar að var komið. Að ósk aðstandenda er ekki birt mynd af Guðmundi.**

Ómar og Íslandshreyfingin:

# Verða ekki við óskum Hjörleifs

**STJÓRNMÁL** Ómar Ragnarsson, formaður Íslandshreyfingarinnar, ætlar ekki að verða við hvatningu Hjörleifs Guttormssonar, félaga í VG og fyrrverandi þingmanns, um að hætta við þingframboð.



**ÓMAR RAGNARSSON**

„Það væri hreint ábyrgðarleysi að hætta núna,“ segir Ómar og ítrekar það mat sitt að eina leiðin til að fella ríkisstjórnina og koma í veg fyrir stóriðjustjórn stjórnarflokkanna með Frjálslyndum sé að Íslandshreyfingin fái menn kjörna. Ómar segir Íslandshreyfinguna njóta fylgis beggja vegna miðju og vísar á bug kenningu Hjörleifs um að hreyfingin taki fylgi af VG fremur en Sjálfstæðisflokki.

Ómar segir framboðslista Íslandshreyfingarinnar líklega kynntan eftir helgi. **- bþs**

# Vilja að Sigrún víki sæti í dómnum

**Lögmenn stóru olíufélaganna þriggja hafa farið fram á að Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari víki sæti í máli félaganna gegn ríkinu og Samkeppniseftirlitinu. Þess er krafist að ákvörðun um sekt vegna samráðs verði dæmd ógild.**

**DÓMSMÁL** Lögmenn stóru olíufélaganna þriggja; Olís, Kers, áður Olíufélagsins, og Skeljungs, hafa farið fram á það að Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari víki úr dómnum í máli félaganna gegn íslenska ríkinu og Samkeppniseftirlitinu. Þetta fóru þeir fram á þegar málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrr í vikunni.

Sigrún tók dómarasæti í málinu eftir að Skúli Magnússon dómari þurfti frá að hverfa en hann hefur ráðið sig til starfa hjá EFTA-dómstólnum í Lúxemborg frá og með morgundeginum. Sigrún var meðal dómara í málum sem til hefur komið vegna óumdeilds samráðs olíufélaganna á tímabilinu 1993 til og með meirihluta ársins 2001.

Gísli Baldur Garðarsson, lögmaður og stjórnarformaður Olís, lagði fram bókun um að Sigrún skyldi víkja úr dómnum er málið var tekið fyrir. Kristinn Hallgrímsson, lögmaður Kers, og Hörður F. Harðarson, lögmaður Skeljungs, samþykktu bókunina fyrir sitt leyti.

Telja þeir Sigrúnu hafa með orðum sínum í dómum héraðsdóms í máli Reykjavíkurborgar, og fyrirtækja hennar, gegn olíufélögunum og máli Sigurðar Hreinssonar, smiðs frá Húsavík, gegn Keri, gert sig vanhæfa til þess að dæma í fyrrnefndu máli með hlutlausum hætti. Málflutningur vegna þessarar kröfu fer fram 23. apríl.

Olíufélögin voru dæmd til þess að greiða Reykjavíkurborg og fyrirtækjum hennar 78 milljónir króna í bætur vegna verðsamráðs fyrir útboð.

Þá var Ker dæmt til þess að greiða Sigurði Hreinssyni fimmtán þúsund krónur í skaðabætur vegna samráðsins og áhrifa sem það hafði á verðlag á fyrrnefndu tímabili.

Mál olíufélaganna byggir öðru fremur á því að stór hluti þeirra brota sem sektað var vegna, að lokum um 1,5 milljarðar, hafi verið fyrndur þegar sektirnar komu til; auk þess telja félögin ýmsa annmarka hafa verið á meðferð málsins sem ekki standist lög. Þessu eru samkeppnisyfirvöld og íslenska ríkið algjörlega ósammála. Heimir Örn Herbertsson er lögmaður ríkisins og Samkeppniseftirlitsins.

Lögmennirnir höfðu ekki, áður en bókunin var lögð fram, farið fram á að Skúli Magnússon viki sæti en hann var meðal dómara í þeim málum sem Sigrún dæmdi er tengdust samráði olíufélaganna.

**magnush@frettabladid.is**



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Málflutningur vegna kröfu lögmanna um að Sigrún Guðmundsdóttir dómari víki sæti í málinu vegna vanhæfis fer fram 23. apríl. Olíufélögin krefjast þess að sektir félaganna vegna samráðs verði felldar niður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### MÁLSATVIK Í SAMRÁÐSMÁLI

**18. desember 2001** Samkeppnisyfirvöld gera húsleit hjá olíufélögunum.
**21. ágúst 2003** Ríkissaksóknari fer fram á að ríkislögreglustjóri afli fullnægjandi gagna frá samkeppnisyfirvöldum til að unnt sé að athuga hvort hefja þurfi opinbera rannsókn.
**október 2003** Opinber rannsókn hefst hjá embætti ríkislögreglustjóra á brotum olíufélaganna og æðstu stjórnenda.
**28. október 2004** Samkeppnisráð sektar olíufélögin um rúma 2,6 milljarða króna fyrir brot gegn samkeppnislögum.
**29. janúar 2005** Áfrýjunarnefnd samkeppnismála gefur út úrskurð sinn og lækkar sektir félaganna um rúman milljarð, í 1,5 milljarð króna.
**31. janúar 2006** Samkeppniseftirlitið hafnar öllum kröfum olíufélaganna um að úrskurður Áfrýjunarnefndar samkeppnismála verði ógiltur. Kröfum félaganna um að sektir verði felldar niður eða lækkaðar mikið er hafnað. Olíufélögin ákveða að höfða á mál á hendur ríkinu og Samkeppniseftirlitinu.



**SPEGILLINN SKEMMDUR** Sparkað var í spegilinn á bíl Péturs aðfaranótt föstudags. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Skemmdir á þrjátíu bílum:

# Sparkað í spegla og lakk rispað

**LÖGREGLUMÁL** „Ég vaknaði við læti um klukkan hálf tvö í nótt og heyrði að það voru einhverjir gaurar úti á götu með læti. Svo þegar ég vaknaði í nótt sá ég að búið var að skemma bílinn minn,“ segir Pétur O. Heimisson, íbúi á Vesturgötu í Reykjavík.

Aðfaranótt föstudagsins var átt við fjórutíu bíla á Framnesvegi og Vesturgötu og voru 27 þeirra skemmdir töluvert. Talið er að tveir menn hafi verið þarna á ferð og náði lögreglan að góma annan þeirra. Að sögn lögreglu var hann mjög drukkinn.

„Bíllinn er svo sem ekkert stórskemmdur en ég varð samt virkilega reiður. Það er óþolandi að fólk geti ekki borið virðingu fyrir eigum annarra,“ segir Pétur. Tjón sem þetta fæst bætt úr kaskótryggingu bifreiðaeigenda. **- þo**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Stefnt á söngvakeppni

Lögreglumenn á Akranesi og Sauðárkróki urðu varir við töluverða umferð norður í land í gær. Ungir ökumenn voru áberandi og er mál manna að straumurinn liggi á Söngvakeppni framhaldsskólanna, sem verður haldin í kvöld á Akureyri. Söngelskir keyrðu fremur varlega en hitt.

### Slys á Hellisheiði

Einn var fluttur á Heilsugæslustöðina á Selfossi eftir að fólksbíll fór út af veginum og velti á Hellisheiði í gærmorgun. Meiðsli mannsins voru ekki alvarleg en bíllinn reyndist ónýtur.


BÍLL DAGSINS

NISSAN ALMERA ACENTA 1.8

Nýskr. 09.04 - Beinskiptur - Ekinn 19 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Tugmilljarða ágóði fyrir Reykjavíkurborg af því að færa Reykjavíkurflugvöll:

# Ágóðinn rúmlega 38 milljarðar

**SAMGÖNGUR** Heildarágóði Reykjavíkurborgar af því að flytja Reykjavíkurflugvöll á Hólmsheiði austan Rauðavatns er sagður vera 38,3 milljarðar króna í skýrslu starfshóps sem fjallað hefur um málefni Reykjavíkurflugvallar og hefur nú lokið störfum.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær telur hópurinn hagkvæmast fyrir borgina að hafa flugvöllinn á Hólmsheiði, og færa hann þar með úr Vatnsmýrinni. Færsla flugvallarins til Keflavíkur er sögð gefa borginni 37,4 milljarða í aðra hönd en uppbygging vallarins á Lönguskerjum 33,3 milljarða króna.

Uppbygging vallarins á Lönguskerjum fékk besta einkunn starfshópsins, samkvæmt bráðabirgðamati, þegar metnir voru kostir þess og gallar, út frá völdum flugeiginleikum, hvar hægt væri að hafa flugvöllinn. **- mh**

### FLUGVÖLLURINN

| | Hólmsheiði | Löngusker | Keflavík |
|---|---|---|---|
| 1. Flutningaflug | Þokkalegt | Gott | Þokkalegt |
| 2. Landhelgisgæsla | Þokkalegt | Gott | Þokkalegt |
| 3. Sjúkraflug | Þokkalegt | Gott | Þokkalegt |
| 4. Öryggisflug | Þokkalegt | Gott | Þokkalegt |
| 5. Viðskiptaflug | Þokkalegt | Gott | Þokkalegt |
| 6. Einkaflug | Gott | Gott | Þokkalegt |
| 7. Kennslu- og æfingaflug | Gott | Gott | Þokkalegt |
| 8. Flug til Grænlands og Færeyja | Þokkalegt | Gott | Þokkalegt |
| 9. Varaflugvöllur fyrir innanlandsflug | Þokkalegt | Gott | Þokkalegt |
| 10. Varaflugvöllur fyrir millilandaflug | Þokkalegt | Gott | Þokkalegt |




**Nýr og glæsilegur**
## Sælureitur
er kominn inn á öll heimili landsins

**50% afsláttur**




**Slanga**
1/2" græn, 25 m
5087000
**799** ~~1.575~~

**50% afsláttur**



**Úðabyssa, Claber**
Mjúkt grip, 2 stillingar
5081628
**899** ~~1.795~~

claber



**Slönguhjól, Claber**
Tekur 70 m af 1/2" slöngu
5081662
**1.995** ~~3.800~~



**Bílþvottakústur, Gardena**
Sápa fylgir með
5083518
**2.595** ~~3.795~~

# Sælureitinn
## finnur þú í **Húsasmiðjunni**

**50% afsláttur**




claber
**Ruslavagn, Claber**
M/loki , á hjólum
5081642
**2.995** ~~5.995~~

**60% afsláttur**



**Laufhrífa**
22 tinda
5084344
**399** ~~995~~

**58% afsláttur**



**Malarskófla**
5082502
**595** ~~1.395~~

**999** ~~1.495~~



**Hekkklippa, HiPoint**
5084664



**699** ~~1.195~~

**Greinaklippa, HiPoint**
5084663

## **Nýr afgreiðslutími** í Skútuvogi
Opið til klukkan **21:00** alla daga vikunnar

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ 13.04.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 65,57 | 65,89 |
| Sterlingspund | 130,25 | 130,89 |
| Evra | 88,77 | 89,27 |
| Dönsk króna | 11,905 | 11,975 |
| Norsk króna | 10,94 | 11,004 |
| Sænsk króna | 9,562 | 9,618 |
| Japanskt jen | 0,554 | 0,5572 |
| SDR | 99,75 | 100,35 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
120,4336

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Flett ofan af svissneska símafyrirtækinu Amitelo í þýskum fréttaskýringaþætti:

# Rannsókn kemur ekki á óvart

**SAMSKIPTI** Lárus Jónsson, framkvæmdastjóri fjarskiptafyrirtækisins Núll-níu, segir rannsókn þýska fjármálaeftirlitsins á svissneska símafyrirtækinu Amitelo ekki koma sér á óvart. Hann hafi haft fregnir af því áður að maðkur væri í mysunni hjá fyrirtækinu.

Núll-níu og Amitelo buðu bæði í rekstur nýs GSM-kerfis á Íslandi fyrr í þessum mánuði og var Amitelo með besta tilboðið. Í Fréttablaðinu í gær var sagt frá því að þýski fréttaskýringaþátturinn Frontal21 hefði flett ofan af Amitelo og starfsemi þess á þriðjudaginn var.

Þar kom meðal annars fram að fyrirtækið væri rannsakað vegna gruns um að hafa keyrt upp hlutabréfaverð með villandi upplýsingum, og það hefði verið kært fyrir að blekkja hluthafa sína. Höfuðstöðvar þeirra í Zürich höfðu staðið tómar í hálft ár þegar páttastjórnendur heimsóttu þær. Gengi bréfa í fyrirtækinu hríðféllu eftir sýningu þáttarins.

„Þetta staðfestir það sem ég hef heyrt um þetta fyrirtæki,“ segir Andreas Fink, forstjóri svissneska símafyrirtækisins BebbiCell, sem var einnig með í útboðinu.

Arnþór Halldórs, framkvæmdastjóri Hive, sem var með lægsta tilboðið, segist hafa óskað eftir fundi með Hrafnkeli V. Gíslasyni, forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar, til þess að ræða um Amitelo og önnur úthlutunarmál. **- sþs**




Stjórnmálakönnun Gallups:

# Stjórnin heldur naumlega velli

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnin heldur naumlega velli samkvæmt könnun sem Capacent Gallup hefur gert fyrir Ríkisútvarpið. Stjórnarflokkarnir fá 32 þingmenn en stjórnarandstaðan 31.

Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkurinn og Íslandshreyfingin missa fylgi en Framsóknarflokkurinn, Vinstri græn og Frjálslyndir bæta við sig. Í könnuninni er Sjálfstæðisflokkurinn með 37 prósenta fylgi, Vinstri græn fá 25 prósent, Samfylkingin 18 prósent, Framsókn tíu prósent, Frjálslyndir sex prósent og Íslandshreyfingin þrjú prósent. Baráttusamtökin fá eitt prósent. **- sþs**

Sviptingar á fjölmiðlamarkaði:

# Allt Blaðið var selt Árvakri

**FJÖLMIÐLAR** Árvakur, útgáfufélag Morgunblaðsins, keypti í gær allt hlutafé í Ári og degi, útgáfufélagi Blaðsins, en átti áður um helming hlutafjár.

Rekstur blaðanna tveggja verður sameinaður undir Árvakri, en engar breytingar verða á ritstjórn Blaðsins.

Tveir fyrrum eigenda Blaðsins ganga til liðs við Árvakur. Karl Garðarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Árs og dags, verður nú útgáfustjóri prentmiðla Árvakurs, en Steinn Kári Ragnarsson verður enn sem fyrr auglýsingastjóri Blaðsins. **- kóþ**



**Á VETTVANGI Í CASABLANCA** Lögreglumenn rannsaka ummerki sprengingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hryðjuverkamenn í Marokkó:

# Þrír sprengdu sig í loft upp

**MAROKKÓ, AP Þrír menn sprengdu sjálfa sig í loft upp í Casablanca í Marokkó þegar lögreglan lagði til atlögu við þá. Lögreglan skaut fjórða manninn áður en hann náði að sprengja sprengju sem hann var með á sér. Einn lögreglumaður lét lífið og eitt barn særðist.**

**Talið er að mennirnir hafi ætlað að fremja hryðjuverk, ekki ósvipuð þeim sem framin voru í maí árið 2003 þegar fimm sprengjur sprungu samtímis í Casablanca með þeim afleiðingum að 45 manns fórust.**

**Þúsundir manna voru handteknar í kjölfar þeirra árása.** **- gb**

# Andstaða við tillögu um færri ráðuneyti

**Geir H. Haarde forsætisráðherra lagði til í vetur að svigrúm yrði skapað í lögum um sameiningu og fækkun ráðuneyta. Hugmyndin mætti andstöðu og gekk því ekki fram. Geir greindi frá þessu á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í gær.**

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, telur álitlegt að ráðuneyti stjórnarráðsins verði tíu í stað fjórtán nú.

Hann ræddi fækkun ráðuneyta við aðra flokksformenn í vetur og kannaði grundvöll þess að í lög yrði sett opin heimild til sameiningar og fækkunar.

„Þessi hugmynd fékk sæmilegar móttökur fyrst í stað á okkar fundum en náði ekki fram að ganga vegna andstöðu,“ sagði Geir í fyrirspurnatíma á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í gær.

> Þessi hugmynd fékk sæmilegar móttökur fyrst í stað á okkar fundum en náði ekki fram að ganga vegna andstöðu.
>
> **GEIR H. HAARDE**
> FORSÆTISRÁÐHERRA

Hann sagðist ekki hafa viljað knýja málið fram í krafti þingmeirihluta stjórnarflokkanna enda málið ekki þess eðlis.

Fjármálaráðherra var spurður út í gagnrýni á framkvæmd þjóðlendulaga en ríkið hefur þótt ganga fram af of mikilli hörku í kröfugerðum sínum um þjóðlendur. Upplýsti Árni Mathiesen að eftirleiðis hefði ríkið aðgang að skjölum óbyggðanefndar um landamerki jarða og því yrðu kröfur því byggðar á betri og fyllri gögnum en áður. Alvarlegum ágreiningsmálum ætti því að fækka.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra vildi engu svara efnislega um skýrslu nefndar um Reykjavíkurflugvöll sem Fréttablaðið greindi frá í gær. Sagði hann störfum nefndarinnar ekki lokið og nokkra kosti til skoðunar. Engu að síður sagðist hann sannfærður um góð niðurstaða fengist í málið.

Í fjarveru Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra kom það í hlut Geirs Haarde að svara hvort til greina kæmi að lögregla notaði hunda til að vinna gegn ofbeldi á götum Reykjavíkurborgar. Geir kvaðst engu geta svarað til um það, það væri í verkahring lögreglunnar sjálfrar að meta hvort hundar gætu nýst við löggæsluna, líkt og stundum sæist í kvikmyndum.

Geir svaraði einnig fyrirspurn um hvort Sjálfstæðisflokkurinn myndi beita sér fyrir því að einhleypar konur fengju að gangast undir tæknifrjóvgun en þeim er það meinað, lögum samkvæmt. Var athygli vakin á þessari staðreynd í fréttum Stöðvar tvö í vikunni. Geir sagðist ekki vilja láta líta út eins og hann væri mikill sérfræðingur um málið en það hljómaði sem réttlætismál og yrði skoðað á þeirri forsendu.

bjorn@frettabladid.is



**SETIÐ FYRIR SVÖRUM** Um fjörutíu spurningar, stórar og smáar, voru lagðar fyrir ráðherra Sjálfstæðisflokksins á landsfundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eitt stærsta fyrirtæki landsins:

# Esso verður N1

**VIÐSKIPTI Olíufélagið Esso og Bílanaust hafa sameinast og heita nú N1. Fyrirtækið er ekki lengur olíufélag heldur alhliða verslunar- og þjónustufyrirtæki, segir í fréttatilkynningu.**

**Þjónusta N1 verður í boði á um 115 stöðum um land allt, og er það tíunda stærsta fyrirtæki landsins með um sjö hundruð starfsmenn. Hermann Guðmundsson, forstjóri N1, segir nafnið hafa orðið fyrir valinu til að undirstrika þann metnað fyrirtækisins að vera í forystu hvað varðar góða þjónustu við bíleigendur.** **- sþs**

N1
NÝJA MERKIÐ



**NÝJA PRINSESSAN** Vilhjálmur Alexander krónprins sýnir hina nýfæddu dóttur á miðvikudaginn. NORDICPHOTOS/AFP

Hollenska konungsfjölskyldan:

# Ariane Vilhelmína Maxima Ines

**HOLLAND, AP** Nýfædd þriðja dóttir Vilhjálms Alexanders, krónprins Hollands, og argentínsk-ættaðrar eiginkonu hans, Maximu prinsessu, heitir Ariane Vilhelmína Maxima Ines. Þetta upplýsti prinsinn í gær er hann mætti til að skrá nafn dótturinnar í ráðhúsi Haag-borgar.

Öllum hollenskum foreldrum er gert að skrá nafn barns síns með formlegum hætti í íbúaskrá sveitarfélagsins. En ólíkt óbreyttum foreldrum í landinu var forsætisráðherrann Jan Peter Balkenende í fylgd með föðurnum stolta. Systur Ariane heita Amalía og Alexía. **- aa**


MARKAÐURINN
Einfalt mál
á www.visir.is
alla daga





## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir
veðurfræðingur

**Helgin fram undan**

**Helgin byrjaði ekki vel, með sunnan strekkingi um allt land. Það lítur út fyrir hvassa suðvestanátt, sérstaklega á Norðvesturlandi, og á hálendinu. Það birtir væntanlega til fyrir austan, en áfram verður einhver úrkoma vestantil. Í kvöld og nótt rignir duglega um allt land og lítur út fyrir blautviðri allan daginn. Áfram er þó hlýtt í veðri.**

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
**Suðvestan 12-15 og einhver úrkoma. 5-8 stiga hiti.**

*um hádegi »*




*» á morgun*




S-áttir, 8-12m/s, hvassast austantil.

*» föstudagur*




Snýst í hæga norðanátt um allt land.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 17°C léttskýjað | London | 24°C léttskýjað | Eindhoven | 22°C hálfskýjað |
| Billund | 17°C alskýjað | París | 25°C léttskýjað | Basel | 19°C léttskýjað |
| Osló | 18°C léttskýjað | Frankfurt | 26°C léttskýjað | Alicante | 17°C skúrir |
| Stokkhólmur | 14°C léttskýjað | Friedrichshafen | 24°C léttskýjað | Róm | 18°C alskýjað |
| Gautaborg | 14°C léttskýjað | Berlín | 23°C hálfskýjð | Las Palmas | 19°C heiðskýrt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




12. - 15. APRÍL

# VORÚTSALA
## Í SMÁRALIND

**15-50%** AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

Komdu og gerðu frábær kaup fyrir sumarið!

Smáralind
BETRI LEIÐ
TIL AÐ VERSLA

Verslanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú fengið hraðasekt?*

| | |
|---|---|
| Já | 48% |
| Nei | 52% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Vilt þú flugvöll á Hólmsheiði?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Slitnað hefur upp úr samstarfi Baráttusamtakanna og Höfuðborgarsamtakanna:

# Steytti á kröfunni um flugvöllinn burt

**STJÓRNMÁL** Sameiginlegt framboð Höfuðborgarsamtakanna og Baráttusamtaka eldri borgara og öryrkja hefur verið blásið af.

Að sögn Arndísar Björnsdóttur, talsmanns Baráttusamtakanna, var samstarfi við Höfuðborgarsamtökin sjálfhætt þar sem kröfu þeirra um að Reykjavíkurflugvöllur hyrfi úr Vatnsmýrinni fyrir árslok 2011 hefði ekki verið haggað. „Samkvæmt samningi á völlurinn að vera til ársloka 2016. Í stað þess að berjast fyrir betri kjörum aldraðra og öryrkja áttum við því að berjast fyrir máli sem er ekki til umræðu,“ segir Arndís.

Stjórnir Baráttusamtaka eldri borgara og öryrkja og Höfuðborgarsamtakanna tilkynntu um stofnun nýrra stjórnmálasamtaka, Baráttusamtakanna, fyrir réttum tveimur vikum.

Þrátt fyrir samstarfsslitin er engan bilbug að finna á Arndísi Björnsdóttur, sem segir Baráttusamtökin halda sínu striki. Er hún á leið til Ísafjarðar til að vinna framboðinu fylgi.

Örn Sigurðsson í Höfuðborgarsamtökunum vildi ekki tjá sig um samstarfsslitin þegar eftir því var leitað, sagði málið viðkvæmt en yfirlýsing um hlið samtakanna á því væri í smíðum. - bþs



**FRÁ STOFNUN BARÁTTUSAMTAKANNA** Arndís Björnsdóttir og Örn Sigurðsson meðan allt lék í lyndi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Mótmæli í Svíþjóð:

# Félagsþjónustan gerði ekkert

**SVÍÞJÓÐ** Gríðarleg mótmæli voru í gær í Vetlanda í Svíþjóð þar sem reiðir íbúar höfðu uppi háværar kröfur um að yfirmaður Félagsþjónustunnar segði af sér. Mótmælin komu í framhaldi af sjónvarpsþætti en í honum sagði frá tíu ára telpu sem strauk frá föður sínum eftir að hafa mátt þola misnotkun og ofbeldi af hendi hans í fimm ár.

Ókunnugar konur komu stúlkunni til aðstoðar. Félagsþjónustan gerði hins vegar ekkert til að koma henni til aðstoðar þrátt fyrir að þekkja feril föðurins. Hann situr nú í fangelsi en stúlkan er á fósturheimili. - ghs

Árásin á þinghúsið í Bagdad:

# Íslömsk samtök segjast ábyrg

**ÍRAK, AP** Samtök sem nefna sig Íslamskt ríki í Írak sögðust í gær bera ábyrgð á sprengjuárásinni á þinghúsið í Bagdad á fimmtudaginn.

Samtökin sögðu einn af „riddurum“ sínum hafa framið árásina. Í yfirlýsingu þeirra segir að þrír þingmenn hafi farist og nokkrir aðrir særst.

Bandaríkjamenn héldu því hins vegar fram í gær að einn Íraki hefði látið lífið en 22 særst af völdum árásarinnar, sem framin var á kaffistofu þingsins.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna fordæmdi í gær árásina.

Á fimmtudaginn fordæmdi Öryggisráðið tvær sjálfsmorðsárásir í Algeirsborg á miðvikudag, sem kostuðu 33 manns lífið. - gb

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Flutningabíll í vanda

Ökumaður flutningabíls með tengivagn lenti í vandræðum í hálku í Bakkaselsbrekku aðfaranótt föstudagsins. Tengivagn bílsins snerist og hafnaði þvert á veginum. Það kom þó ekki að sök því afar lítil umferð er um Öxnadalsheiðina á þessum tíma sólarhrings.

## VESTFIRÐIR

### Vilja hámarks byggðakvóta

Vesturbyggð hefur sótt um hámarks byggðakvóta. Ástæðan er sögð verulegur samdráttur í sjávarútvegi í öllum byggðakjörnum sveitarfélagsins á síðustu árum.

## MEXÍKÓ

### Jarðskjálfti rýfur rafmagn

Harður jarðskjálfti, 6 á Richter, reið yfir Mexíkó í gær og sló út rafmagni í hluta Mexíkóborgar og strandborgarinnar Acapulco. Engar fregnir voru af manntjóni né alvarlegum skemmdum á mannvirkjum.



**FRÁ LANDSFUNDI** Ingibjörg gagnrýndi sitjandi ríkisstjórn hart í ræðu sinni við upphaf landsfundar Samfylkingarinnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## SAGT OG ÓSAGT

**Nokkur orð úr ræðu Ingibjargar**

| | |
|---|---|
| Velferð | 8 |
| Jöfnuður | 1 |
| Jafnrétti | 3 |
| Samfylkingin | 35 |
| Kaffibandalag | 0 |
| Vextir | 5 |
| Írak | 3 |
| Baugsmál | 1 |
| Hagstjórn | 4 |
| Framtíð | 17 |
| Ríkisstjórn | 15 |
| Sjálfstæðismenn | 1 |

# Ísland verði tekið af lista vígfúsra þjóða

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir lagði ríka áherslu á að velferðarsamfélagið þyrfti að endurreisa, eftir vanrækslu ríkisstjórnarinnar á undanförnum árum. Hún sagði afl Samfylkingarinnar ráða úrslitum í alþingiskosningunum í vor.**

**STJÓRNMÁL** „Samfylkingin hefur þá staðföstu skoðun að það eigi að verða fyrsta verk nýrrar ríkisstjórnar að taka Ísland út af lista hinna vígfúsu þjóða,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, við dynjandi lófaklapp samflokksmanna sinna, er hún flutti stefnuræðu sína á landsfundi flokksins í gær.

Hún lagði enn fremur ríka áherslu á að tími jafnaðarmanna væri kominn og hlúa þyrfti betur að velferðarkerfinu. „Við munum sjá til þess að á fyrstu tveimur árum í ríkisstjórn verði byggð 400 ný hjúkrunarrými fyrir aldraða og biðlistanum eytt. Ég hef sagt þetta áður, ég ítreka það í dag [...] Þekkið þið einhvern sem getur borið vitni um að velferðarþjónustan hafi batnað [í tíð núverandi ríkisstjórnar]? Svarið við þessari spurningu er einfalt og er hægt að setja fram í þremur orðum: biðlistar, biðlistar, biðlistar. Eftir hjúkrunarrýmum, eftir hjartaaðgerðum, eftir búsetu fyrir geðfatlaða, eftir greiningu á geðröskunum barna, eftir úrræðum fyrir þau, eftir sérkennslu. Það skortir lausnir.“

Ingibjörg talaði enn fremur fyrir því að Samfylkingin myndi beita sér fyrir breytingum á lögum um eftirlaun þingmanna og ráðherra. „Ég var andsnúin þessu frá upphafi og ég mun beita mér fyrir því að hinum umdeildu lögum verði breytt og meira jafnræði komið á í lífeyrismálum ráðamanna og almennings.“

Ingibjörg gagnrýndi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins harðlega fyrir að vanrækja jafnréttismál og taka ekki á ofþenslu í hagkerfinu, sem hefði leitt til ofurvaxta á lánum sem legðust harðast á þá sem minnst mættu sín.

Ingibjörg lagði áherslu á að þúsundir atkvæða mættu ekki detta niður dauð og öruggasta leiðin til þess að útiloka að svo myndi fara, væri að kjósa Samfylkinguna.

Hún lagði áherslu á það að tími væri kominn til þess að Samfylkingin kæmist til valda til þess að efla jafnaðarsamfélagið, Íslendingum til heilla.

„Afl Samfylkingarinnar mun því ráða úrslitum í kosningunum 12. maí. Þá verður kosið um framtíðina. Nú sem aldrei fyrr þarf hver einasti maður og hver einasta kona að ígrunda atkvæði sitt vandlega. [...] Við höfum þrjátíu daga til þess. Nýtum þá,“ sagði Ingibjörg Sólrún í blálokin á ræðu sinni, aftur, við dynjandi lófatak landsfundargesta.

magnush@frettabladid.is




# Samfylkingin gengur til sigurs

**Jafnaðarmenn fara í „labb og rabb“ um borgina fram að kosningum. Frambjóðendur Samfylkingarinnar ásamt Guðnýju Aradóttur, stafgönguþjálfara, leiða hópinn. Allir velkomnir.**

**Sunnudag 15. apríl**

Grafarvogur og Grafarholt. Mæting kl.13:00 við Sundlaug Grafarvogs. Gengið þaðan sem leið liggur um voginn, upp í Grafarholt og til baka aftur. Gangan tekur um 1 klst.

Göngugarpar eru: Össur Skarphéðinsson og Steinunn Valdís Óskarsdóttir

xS

Samfylkingin


# Ingibjörg ekki jafn bitur og oft áður

„Það sló mig svolítið hvað Ingibjörg vill hafa afskipti af mörgum atriðum þjóðlífsins,“ segir Benedikt Jóhannesson hjá Talnakönnun um setningarræðu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur á landsfundi Samfylkingarinnar í gær. „Hún virðist hafa þá trú að ríkið geti leyst mjög mörg vandamál, sem ég held að fæstir trúi á lengur.“



**BENEDIKT JÓHANNESSON**

Hann segir Ingibjörgu hins vegar hafa komið vel fyrir og málflutningur hennar hafi verið yfirvegaður. „Ég tók eftir að hún virtist ekki jafn hæðin og bitur og hún er oft í umræðuþáttum, hún gætti þess greinilega að vera sæmilega hófsöm í málflutningi sínum.“

Benedikt nefnir að ræðan hafi verið efnislega á þeim nótum sem hann bjóst við. „Mér fannst í raun ekkert vanta í ræðuna sem ég átti von á frá Ingibjörgu. Samkoman minnti mig samt svolítið á Hjálpræðisherinn, það var klappað eftir aðra hverja setningu og mikill fögnuður allt í kring.“ - sþs

# Orðin fullnuma forsætisráðherra

„Mér hefur aldrei fundist ræðumennska vera sterkasta hlið Ingibjargar, en þessi ræða var góð,“ segir Hallgrímur Helgason rithöfundur um setningarræðu Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur. „Hún var falleg eins og hugsjón jafnaðarmanna, eins og talað úr mínu hjarta.“



**HALLGRÍMUR HELGASON**

Hann segist hafa verið ánægður með orð hennar um Íraksstríðið en hápunkturinn hafi verið þegar velferðarkerfið bar á góma, og spurt hvort það væri betra nú en fyrir tólf árum. Ef eitthvað vantaði í ræðuna hefði það verið meiri póesía, segir hann.

„Þetta var ræða konu sem klæjar í puttana að komast til valda. Af tali hennar um framtíðina mátti heyra að Samfylkingin hefur unnið gríðarlega heimavinnu. Engin slagorðapólitík í skyndibitaframboðastíl,“ segir Hallgrímur.

„Jón Baldvin Hannibalsson talaði einu sinni um að læra til forsætisráðherra. Ingibjörg er búin að vera að því síðustu fjögur ár og er orðin fullnuma.“ - sþs

# Við sérsmíðum að þínum þörfum

## Sérsmíðum

eftir þínum þörfum. Þú velur áklæði, stærð og gerð og við smíðum fyrir þig.




**Bycast hornsófi** 2+h+2 Roma




**Púðahornsófi** 2+h+2 Paris




**Púðahornsófi** 2+h+2 Paris




**Bycast sófasett** 3+1+1 Nice




**Bycast sófasett** 3+1+1 Nice

## Láttu hugmyndaflugið ráða!

Tungusófar, svefnsófar, hornsófar og stólar
Tau, leður og bycast í ýmsum litum

Öll húsgögn fást með VISALáni

VISA Lán

Gildir til 21. apríl eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvert vill starfshópur samgönguráðherra og borgarstjórnar helst láta færa Reykjavíkurflugvöll?*
2. *Lið Ásthildar Helgadóttur í sænsku kvennaknattspyrnunni skipti nýverið um nafn. Hvað heitir það nú?*
3. *Íslenskt fjármálafyrirtæki er í hópi 800 stærstu félaga heims á lista hjá viðskiptatímaritinu Forbes. Hvaða fyrirtæki er það?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 66

Norsku olíuborpallaþjónustuskipi hvolfir við Hjaltlandseyjar:

# Þrír látnir og fimm saknað

**HJALTLANDSEYJAR, AP** Þyrlur og kafarar bresku strandgæslunnar leituðu í gær fimm manna, sem saknað var eftir að norsku olíuborpallaþjónustuskipi hvolfdi vestur af Hjaltlandseyjum í fyrrakvöld. Þrír skipverjar höfðu þegar fundist látnir en sjö öðrum tókst að bjarga og var þeim flogið til aðhlynningar á sjúkrahús í Leirvík.

Öll áhöfn skipsins var norsk. Meðal hinna týndu voru feðgar, áhafnarmeðlimur og fimmtán ára sonur hans sem var í starfskynningu á vinnustað föður síns.

Að sögn talsmanna strandgæslunnar var talið sennilegt að mennirnir fimm hefðu lokast inni í skipsskrokknum er skipinu hvolfdi. Líkur á að þeir fyndust á lífi fóru hraðþverrandi.

Skipið var við borpallinn Transocean Rather, vestur af Hjaltlandseyjum, þegar slysið varð. Eftir að slysið átti sér stað voru 72 menn á borpallinum sem ekki voru alveg ómissandi fluttir í land í öryggisskyni.



**BOURBON DOLPHIN** Skipið var tekið í notkun í október. NORDICPHOTOS/AFP

Norsk yfirvöld áforma að kalla saman sérstaka rannsóknarnefnd til að rannaka hvernig slysið bar að. Hið 72 metra langa skip var nýsmíðað og var í reglubundnu verkefni við góðar veðuraðstæður þegar því hvolfdi skyndilega.

Øystein Hovdkinn, ræðismaður Noregs í Skotlandi, sagði slysið vera „hræðilegan harmleik sem erfitt er að skilja“. - aa

Breti í haldi Palestínumanna:

# Abbas segir að hann sé á lífi

**RAMALLAH, AP Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, sagðist á fimmtudag hafa „trúverðugar heimildir“ fyrir því að breski fréttamaðurinn Alan Johnston, sem rænt var á Gazaströnd í síðasta mánuði, sé enn á lífi og heill heilsu.**

**Ekkert hefur heyrst frá Johnston né heldur frá ræningjum hans frá því að hann hvarf þann 12. mars síðastliðinn. Enginn erlendur gísl hefur verið jafn lengi í haldi Palestínumanna á Gazaströnd. Saeb Erekat, trúnaðarmaður Abbas, sagði forsetann „gera sitt besta“ til þess að fá Johnston leystan úr haldi.** - gb

Franska kosningabaráttan:

# Vill bandalag gegn Sarkozy

**FRAKKLAND, AP** Michel Rocard, fyrrverandi forsætisráðherra Frakklands úr röðum sósíalista, hvetur til þess að sósíalistinn Segolene Royal og miðjumaðurinn Francois Bayrou sameini krafta sína til að hindra að hægrimaðurinn Nicolas Sarkozy beri sigur úr býtum og taki við af flokksbróður sínum Jacques Chirac eftir síðari umferð forsetakosninganna 6. maí. Fyrri umferðin fer fram 22. apríl.



**NICOLAS SARKOZY**

Samkvæmt könnunum bendir flest til að Royal og Sarkozy takist á í síðari umferðinni og þar muni Sarkozy hafa betur. Kæmist Bayrou aftur á móti í síðari umferðina myndi hann sigra Sarkozy. - aa

Pólverjarnir í Bjarma eru samtals með 108 ára reynslu og hafa siglt um öll heimsins höf.:

# Hvergi sviknir um laun nema á Íslandi

**VINNUMARKAÐUR** Pólverjarnir fjórir sem hafa búið í Bjarma BA-326 í þrjá mánuði eru samtals með 108 ára reynslu af sjómennsku. Þeir hafa siglt um öll heimsins höf, allt frá Suðurskautslandi til Kamtsjakaskaga, í Afríku og á Nýja-Sjálandi. Aldrei hafa þeir lent í því áður að vera sviknir um laun eða vinnu. Þeir segjast hafa fengið áfall þegar þeir komust að því hvernig í pottinn var búið.

„Það er ömurlegt með alla þessa starfsreynslu að koma hingað og láta hrifsa af sér öll réttindi,“ segir Marek Wozniak og lýsir síðustu þremur mánuðum sem „skelfilegum“.

Þeir hafi beðið í góðri trú, meðan eiginkonur þeirra hafi hringt reglulega til að spyrja fregna. „Við höfðum ekki verið eins þreyttir og við erum ef við hefðum verið að vinna þennan tíma. Við erum andlega uppgefnir. Það er erfitt að bíða í þriggja mánaða prísund með börnin og fjölskylduna heima. Það er ekkert vit í þessu, við héldum alltaf að allt væri í lagi.“

Þegar þeir gáfust upp á biðinni ætluðu mennirnir fyrst að fara til lögreglunnar en hikuðu vegna tungumálaörðugleika. Síðan fréttu þeir af Alþjóðahúsinu. Túlkur þar benti þeim á Vinnumálastofnun og Sjómannasambandið og hjálpaði þeim langt umfram skyldur sínar, segja mennirnir.

„Núna fyrst sjáum við hvernig fyrir okkur er komið. Eftir að við heyrðum um íslenska taxta sjáum við að brotið hefur verið á okkur allan tímann, alveg síðan í maí, en ekki bara síðustu þrjá mánuði,“ segir Marek.



**MAREK WOZNIAK OG WIKTOR BRATEK** Sá mannanna sem af lengstri reynslu státar hefur verið kokkur á sjó í 38 ár. Samtals eru mennirnir með 108 ára reynslu. Þeir búa enn í bátnum við Grandabryggju. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Ógreidd laun Pólverjanna „eru að fara í innheimtu“, segir Hólmgeir Jónsson, framkvæmdastjóri Sjómannasambands Íslands. Hann segir lögfræðing vera með málið „í hefðbundnum farvegi“. Verkalýðsfélag Vestfirðinga mun taka á sig kostnað við hugsanlega málsókn, því þar áttu mennirnir að vera á skrá.

„Það gæti tekið mjög langan tíma að fá launin greidd,“ segir Hólmgeir, því útgerðin hafi farið í gjaldþrot áður og „virðist vera að lenda í sama farinu“.

klemens@frettabladid.is




AURIS
www.toyota.is
Frumsýning
Ný tegund af bíl: þögull og ákveðinn
Þú átt eftir að hrífast með, á frumsýningu á Auris núna um helgina.
Opið verður í dag, laugardag, frá kl. 12 - 16 og sunnudag, frá kl. 13 - 16.
Boðið verður upp á léttar veitingar.
AURIS
Auris - Nýtt upphaf. Ný Toyota.
TODAY TOMORROW TOYOTA
Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070
Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300
Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600
Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000
Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070



**LÍTUR EFTIR BARNABARNINU** Aldraður maður í Peking situr þarna reykjandi á bekk og sinnir barnabarni sínu á meðan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsvarsmenn RÚV svara fyrirspurn um kostnað við kaup á sjónvarpsefni:

# Neita að gefa upp kostnaðinn

**UPPLÝSINGAR** Forsvarsmenn Ríkisútvarpsins neita að gefa upp kostnað vegna kaupa á sýningarrétti á sjónvarpsþáttunum Lost, The Sopranos og Desperate Housewives, auk sýningarréttar frá Evrópukeppninni í knattspyrnu á næsta ári. Fréttablaðið hefur kært neitunina til úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Byggir neitunin á því að RÚV beri að virða trúnað um fjárhags- og viðskiptahagsmuni viðsemjanda hverju sinni. Auk þess telur RÚV heimilt að veita ekki upplýsingar um kostnað á þeirri forsendu að um samkeppnisupplýsingar sé að ræða og vísar til heimildar á takmörkun-



**RÚV VIÐ EFSTALEITI** Forsvarsmönnum RÚV var gert að gefa upp heildarkostnað við Áramótaskaupið í fyrra.

um á þess konar upplýsingum í upplýsingalögunum.

Forsaga málsins er sú að forsvarsmenn RÚV neituðu að gefa upp kostnað við gerð Áramótaskaupsins í fyrra. Neitunin var kærð til úrskurðarnefndarinnar, sem komst að því að forsvarsmönnum RÚV væri óheimilt að gefa ekki upp heildarkostnaðinn við verkefnið, samkvæmt upplýsingalögum. Var þeim gert að gera upp kostnaðinn, sem var rúmlega 38 milljónir króna.

Í kjölfarið var óskað eftir kostnaði við sjónvarpsþættina fyrrnefndu, auk kostnaðarins við dagskrárliðina Gettu betur, Spaugstofuna og Kastljós.

Heildarkostnaður RÚV vegna Gettu betur í vetur var um 25 milljónir króna, við Spaugstofuna í fyrra áttatíu milljónir og Kastljósið í fyrra 180 milljónir. - mh

Hæstiréttur Íslands:

# Tveir Litháar settir í farbann

**DÓMSMÁL** Tveir litháískir ríkisborgarar voru í vikunni úrskurðaðir í farbann til 2. maí næstkomandi í Hæstarétti fyrir að stela fartölvum. Mennirnir tveir höfðu setið í gæsluvarðhaldi en það fékkst ekki framlengt.

Þeir hafa dvalið á Íslandi í nokkrar vikur og í úrskurði Hæstaréttar segir að dvöl þeirra „hér á landi virðist tengjast afbrotum“. Samkvæmt upplýsingum frá Interpol hafa mennirnir áður hlotið dóma fyrir þjófnaði í heimalandi sínu og í Noregi. Athæfi mannanna náðust á upptöku öryggisvéla og því erfitt fyrir þá að bera af sér sakir. - þsj

Slökkviliðið:

# Reykur við Þjóðleikhúsið

**SLÖKKVILIÐ** Allt tiltækt lið Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu var sent að Þjóðleikhúsinu aðfaranótt föstudags en tilkynning barst um reykjarlykt við húsið. Lyktin reyndist koma frá ljóskastara utan við húsið og ekki var hætta á ferðum.

Að sögn starfsmanns slökkviliðsins er ávallt mikill viðbúnaður þegar tilkynningar berast frá Þjóðleikhúsinu enda um merkilegt hús að ræða sem auk þess getur verið erfitt viðureignar vegna fjölmargra rangala.

Þá var Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu einnig kallað að einbýlishúsi á Seltjarnarnesi í sömu nótt. Þar hafði kviknað í út frá uppþvottavél en húsráðendur höfðu náð að slökkva eldinn þegar slökkviliðið kom á staðinn. - þo

Nefnd um málefni aldraðra:

# Meti hvort sveitarfélögin taki málin yfir



SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR



ORRI HLÖÐVERSSON

**STJÓRNMÁL** Nefnd heilbrigðisráðherra, Sivjar Friðleifsdóttur, sem falið er að endurskoða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, á að leggja mat á hvort flytja beri málaflokkinn í heild til sveitarfélaga.

Er nefndinni jafnframt ætlað að skýra betur ábyrgð við uppbyggingu og skipulag öldrunarþjónustu.

Orri Hlöðversson, framkvæmdastjóri Frumherja og fyrrverandi bæjarstjóri Hveragerðis, er formaður nefndarinnar sem í sitja fimm embættismenn, þrír sveitarstjórnarmenn og tveir fulltrúar eldri borgara.

Nefndin á að skila tillögum til ráðherra fyrir 1. desember. - bþs



**BORIS BEREZOVSKY** Auðkýfingurinn sakar Pútín um að hafa komið á fót alræðisstjórn í Rússlandi sem eingöngu sé hægt að losna við með valdi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Vill steypa stjórn Pútíns

**Boris Berezovsky hvetur Rússa til að steypa Pútín af stóli með valdi. Rússar krefjast þess að Bretar framselji Berezovsky, sem býr í útlegð í London.**

**MOSKVA, AP** Rússneski auðkýfingurinn Boris Berezovsky, sem býr í útlegð í London, hvetur til þess að Vladimír Pútín Rússlandsforseta verði steypt af stóli með valdi og segist hafa til þess stuðning frá mönnum í innsta valdakjarna Pútíns.

Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, brást harkalega við þessum ummælum og sagði Berezovsky misnota aðstöðu sína sem flóttamaður í Bretlandi. Hann ítrekaði kröfur Rússa um að Bretar sviptu Berezovsky pólitísku hæli og framseldu hann til Rússlands, og bætti því við að hann væri að „gera hluti sem, samkvæmt breskum lögum, kalla á að hann verði framseldur“.

Í viðtali við breska dagblaðið Guardian sakar Berezovsky Pútín um að hafa komið á fót alræðisstjórn í Rússlandi og segir enga leið til að „breyta því með kosningum, og eina leiðin er að beita valdi“.

Þegar Berezovsky var spurður hvað hann ætti við með „valdbeitingu“ vísaði hann til Georgíu og Úkraínu, þar sem fjöldamótmæli urðu til þess að þvinga ráðamenn til að láta af völdum.

Núna um helgina hafa einmitt verið skipulögð fjöldamótmæli í Moskvu gegn stjórn Pútíns. Lögreglan í Moskvu verður með mikinn viðbúnað og ætlar að senda 9.000 lögreglumenn út á götur borgarinnar. Skrifstofa saksóknara í Moskvu hefur hafið nýja rannsókn á Berezovsky vegna ummælanna með það í huga að hann sé að undirbúa valdaránstilraun.

Berezovsky lét svipuð orð falla snemma árs 2006 en ummælin nú koma á viðkvæmum tíma, þegar spenna í Rússlandi er farin að aukast vegna þingkosninga í desember og forsetakosninga í mars á næsta ári. Pútín hefur gegnt forsetaembættinu í tvö kjörtímabil og samkvæmt stjórnarskránni er honum óheimilt að bjóða sig fram í þriðja sinn.

Þetta er í fyrsta sinn sem Berezovsky segist hafa stuðningsmenn í innsta valdakjarna Rússlands en áður hefur hann talað um að veita stjórnarandstæðingum í Rússlandi fé til að vinna gegn Pútín.

Í viðtali við AP-fréttastofuna vildi Berezovsky ekki gefa upp hvaða menn hann væri í tengslum við innan valdakjarna Rússlands, og sagði að þeir yrðu þá „drepnir eins og Litvinenko“. Alexander Litvinenko, fyrrverandi njósnari, sem myrtur var í London seint á síðasta ári, var góður vinur Berezovskys.

Berezovsky var einn af auðugustu mönnum Rússlands á meðan Boris Jeltsín réð þar ríkjum í kjölfar hruns Sovétríkjanna.

gudsteinn@frettabladid.is



# Opnunarhátíð

Framsóknarflokkurinn opnar í dag
4 kosningaskrifstofur í Suðvesturkjördæmi.

**Í Mosfellsbæ**
Háholti 14, sími 896 6462.
Opnað kl. 10.30. Kaffiveitingar.

**Í Hafnarfirði**
Dalshrauni 5, sími 555 1819.
Opnað kl. 15.00. Kaffiveitingar.

**Í Garðabæ**
Kirkjulundi 19, sími 565 6061.
Opnað kl. 14.00. Kaffiveitingar.

**Í Kópavogi**
Digranesvegi 12, sími 554 1300.
Opnað kl. 17.00. Léttar veitingar.

Gott tækifæri til að koma sjónarmiðum á framfæri við frambjóðendur. Allir velkomnir.

Árangur áfram – ekkert stopp



Ólafur Ágúst Ingason
Garðabæ

Una María Óskarsdóttir
Kópavogi

Samúel Örn Erlingsson
Kópavogi

Siv Friðleifsdóttir
Seltjarnarnesi

Kristbjörg Þórisdóttir
Mosfellsbæ

Hlini Melsteð Jóngeirsson
Hafnarfirði

Frambjóðendur í Suðvesturkjördæmi

XB 2007

framsokn.is

**Framsókn**

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.742 **+0,96%** **Fjöldi viðskipta:** 581 **Velta:** 19.685 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Mosaic** | 2,47% | **Marel** | 1,23% |
| **Landsbankinn** | 1,82% | **FL Group** | 1,00% |
| **Kaupþing** | 1,62% | **Alfesca** | 0,63% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,53 +0,00% ... Actavis 78,50 +0,64% ... Alfesca 4,76 -0,63% ... Atlantic Petroleum 690,00 +0,00% ... Atorka 6,95 +0,00% ... Bakkavör 68,50 -0,15% ... Eimskipafélagið 34,30 -0,29% ... FL Group 29,80 -1,00% ... Glitnir 26,90 -0,37% ... Kaupþing 1.067 +1,62% ... Landsbankinn 33,60 +1,82% ... Marel 72,60 -1,23% ... Mosaic Fashions 16,60 +2,47% ... Straumur-Burðarás 20,90 +0,97% ... Össur 125,50 -0,40%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Bankarnir á fleygiferð**

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær er Kaupþing komið í hóp 800 stærstu fyrirtækja veraldar á lista Forbes og situr nánar tiltekið í 795. sæti. Þetta er í fyrsta skipti sem íslenskt fyrirtæki kemst á topp eitt þúsund og verður ekki annað séð en að Kaupþing hafi hækkað verulega á listanum miðað við gang bankans það sem af er þessu ári. Forbes horfir til þátta á borð við markaðsstærð, veltu, hagnað og heildareignir við mat á stærð fyrirtækjanna. Verðmæti Kaupþings hefur aukist um 150 milljarða á árinu og heildareignir hafa án nokkurs vafa hækkað frá áramótum samfara auknum umsvifum. Miðað við vöxt Landsbanks og Glitnis, sem sitja í sætum 1.151 og 1.170, má fastlega búast við að að minnsta kosti þrjú íslensk fyrirtæki verði komin í hóp hinna þúsund stærstu að ári.



**Enn kenndur við Strauminn**

Á meðan hræringar í viðskiptalífinu vekja upp æsispenning í huga sumra geispa aðrir og fletta á næstu síðu. Ekkert skal þó fullyrt um hvort það var áhugaleysið eða bara seinheppnin sem elti ritstjórn Húsa og híbýla í heimsókn til Þórðar Más Jóhannessonar og eiginkonu hans, Nönnu Bjargar Lúðvíksdóttur. Heimili þeirra Þórðar og Nönnu er glæsilegt og á vel heima á síðum nýjasta tölublaðs tímaritsins. Þórður er hins vegar titlaður forstjóri Straums-Burðaráss á forsíðunni, en eins og kunnugt er stýrir hann nú margmilljarða fjárfestingarfélaginu Gnúpi. Líkast til hefur hann lítinn áhuga á að leggja nafn sitt við fjárfestingarbankann. Þaðan var hann látinn fjúka síðasta sumar í tengslum við eitt dramatískasta mál sem skekið hefur íslenskt viðskiptalíf. Þar áttust við stórfjárfestarnir Magnús Kristinsson og Björgólfur Thor Björgólfsson.

## MARKAÐSPUNKTAR

Andvirði útistandandi Jöklabréfa nemur 357 milljörðum króna. Greiningardeild Landsbankans bendir á að síðastliðinn mánuð hafi verið gefin út jöklabréf fyrir 25 milljarða á sama tíma og 27,5 milljarðar hafi fallið á gjalddaga. Nokkuð gott samræmi sé því á milli innflæðis og útflæðis á gjaldeyrismarkaði vegna þessara bréfa.

Úrvalsvísitalan hefur skilað 20,3 prósenta nafnávöxtun frá áramótum og ber höfuð og herðar yfir aðra innlenda fjárfestingakosti, að sögn greiningardeildar Glitnis í gær.

Viðskiptahalli í Bandaríkjunum dróst saman um 0,7 prósent í febrúar og nam jafnvirði 3.857 milljarða íslenskra króna. Mestu munar um minni innflutning frá Kína og lágt olíuverð.

# Aðferðum við útreikning á viðskiptahalla ekki breytt

**Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins gagnrýnir aðferðir Seðlabankans við útreikning á viðskiptahalla. Bankinn fylgir alþjóðlegum stöðlum segir aðalhagfræðingur Seðlabankans.**



**FRÁ KAUPMANNAHÖFN** Seðlabankinn afskrifar að hluta til beinar fjárfestingar Íslendinga erlendis. Þá er söluhagnaður ekki talinn til útreikninga á viðskiptahallanum. Þetta felur í sér ofmat á hallanum, segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, og kallar eftir breyttum aðferðum.

„Sú þjóð er ekki til í heiminum þar sem ekki er deilt um það um hversu réttar tölur um viðskiptahalla séu,“ segir Arnór Sighvatsson, aðalhagfræðingur Seðlabanka Íslands. „Það eru skekkjur í þessu, það er enginn vafi á því. En Seðlabankinn fylgir alþjóðlegum stöðlum við þetta uppgjör.“

Allt væri á öðrum endanum í íslensku efnahagslífi ef tölur Seðlabankans um viðskiptahalla og erlenda skuldastöðu fyrir árið 2006 væru réttar. Þetta fullyrðir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, í grein á vef samtakanna. Segir hann að fjöldi fyrirtækja væri á vonarvöl, stófellt atvinnuleysi fram undan og lánstraust íslenskra banka og íslenska ríkisins á við það sem gerist meðal þróunarlanda.

Tölur Seðlabankans gefa til kynna að viðskiptahallinn hafi numið 305 milljörðum króna á síðasta ári. Það er 26,7 prósent af vergri landsframleiðslu. „Þessar tölur eru ótrúlega háar og ættu að vekja skelfingu meðal allra sem eiga hagsmuna að gæta í íslensku efnahagslífi,“ segir Vilhjálmur í greininni. „Ástæða þess að viðbrögðin eru ekki eins og þau hefðu átt að vera samkvæmt bókinni er að enginn kannast við þann raunveruleika sem tölurnar lýsa.“

Kristíana Baldursdóttir, forstöðumaður úrvinnslu og miðlunar á upplýsingasviði Seðlabankans, segir ekki standa til að breyta aðferðum við útreikningana. „Við fylgjum aðferðafræði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Þetta eru alþjóðlega viðurkenndar aðferðir. Við munum ekki breyta þeim nema sjóðurinn breyti sínum reglum. Ef við myndum gera það værum við ekki samanburðarhæf við önnur lönd.“

Seðlabankinn afskrifar að hluta til beinar fjárfestingar Íslendinga erlendis. Þá er söluhagnaður, áfallinn og innleystur, ekki talinn til tekna í útreikningum á viðskiptahalla. Þetta tvennt segir Vilhjálmur hafa í för með sér stórar skekkjur í mati á hallanum.

Ekki er sérstaklega gerð grein fyrir söluhagnaði eða öðrum verðbreytingum á eignum samhliða útreikningunum. Samkvæmt stöðlunum er það mögulegt, segir Vilhjálmur. „Auðvitað má alltaf birta aukaupplýsingar,“ segir Kristíana. „Spurningin er hins hversu traustar upplýsingar er hægt að fá. Ekki er til dæmis víst að auðvelt væri að nálgast tölur um söluhagnað.“

holmfridur@frettabladid.is

# CCP hagnaðist um hálfan milljarð

**Heimild veitt til að færa eigið fé og hlutafé í dali.**

CCP, sem framleiðir meðal annars netleikinn vinsæla EVE-Online, skilaði hálfum milljarði króna í hagnað á síðasta ári og nam velta félagsins rúmum 1,8 milljörðum króna.

Lítils háttar hagnaður varð af rekstri félagsins árið 2005 en þá var veltan 700 milljónir.

Stjórn félagsins var veitt heimild til að hefja undirbúning þess að færa eigið fé CCP í Bandaríkjadali og skrá hlutafé félagsins í sömu mynt. Hilmar V. Pétursson, framkvæmdastjóri félagsins, segir að þetta sé eðlilegt skref þar sem bókhald félagsins er í dölum. „Enda er fyrirtækið náttúrlega orðið alþjóðlegt fyrirtæki. Það flækir alla hluti að hafa þetta í krónum.“

Stjórnin var endurkjörin og verður Vilhjálmur Þorsteinsson áfram stjórnarformaður.



**HILMAR V. PÉTURSSON HJÁ CCP** Stjórn félagsins hefur fengið heimild til að færa eigið fé og hlutafé í Bandaríkjadali.

Hilmar segir að meðal stærstu verkefna sem liggi fyrir sé vinna við annan tölvuleik, World of Darkness.

- eþa

## Fimmtungshækkun

Ekki verður annað sagt en að hlutabréfamarkaðurinn hafi farið vel af stað eftir páskana, en Úrvalsvísitalan hækkaði um 2,65 prósent í vikunni. Vísitalan hækkaði um 0,92 prósent í gær og stendur nú í nýjum methæðum í 7.739 stigum. Frá áramótum hefur vísitalan hækkað um rúman fimmtung en áramótagildi hennar var 6.410 stig.

Lækkun Moody´s á lánshæfismati bankanna hafði jákvæð áhrif, enda var lækkunin í takt við væntingar og eyddi ákveðinni óvissu á markaði. Búist er við mjög góðum uppgjörum fjármálafyrirtækja fyrir fyrsta ársfjórðung, sem kann einnig að skýra góða stemmningu á markaði.

Exista leiðir hækkanir ársins með um 32,0 prósenta hækkun frá ársbyrjun. Bankarnir Kaupþing (26,9%) og Landsbankinn (26,8%) fylgja í kjölfarið. Atlantic Petroleum, Straumur-Burðarás og Actavis Group hafa jafnframt hækkað um fimmtung í virði á árinu.

- eþa


vodafone

Ævintýralegt símatilboð

Nokia 6131 - Vodafone live!

Þú getur horft á Sky News allan sólarhringinn, sótt og horft á fréttir Stöðvar 2 ásamt fleira spennandi efni. Komdu í næstu Vodafone verslun, hringdu í 1414 eða smelltu þér á www.vodafone.is til að fá nánari upplýsingar.

Ævintýraverð

26.900 kr.

Gríptu augnablikið og lifðu núna

Sjónvarp í símann




Vodafone ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTAVINIRNIR



Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 172–174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is


Fíton/SÍA

# VIÐ SAMEINUMST...




**N1** ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR **N1** VERSLANIR **N1** BÍLAÞJÓNUSTA **N1** FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA




ESSO og Bílanaust hafa sameinast í eitt stærsta verslunar- og þjónustufyrirtæki landsins undir nýju nafni, N1. Í nýja fyrirtækinu kemur saman gríðarleg þekking og reynsla í þjónustu við bíleigendur, einstaklinga og fyrirtæki. Við bjóðum fjölbreyttari lausnir undir einum hatti, viðskiptavinum okkar til hagræðis. Nafnið N1 vísar til þess að við stefnum sífellt lengra og setjum viðskiptavininn og þarfir hans ávallt í fyrsta sæti.

WWW.N1.IS

N1 – Meira í leiðinni

Fíton/SÍA

# Vímuefnaneysla unglinga ekki minni í tíu ár

HÁSKÓLARANNSÓKNIR

**Samkvæmt nýrri könnun er vímuefnaneysla tíundu bekkinga í sögulegu lágmarki, sé litið til síðustu tíu ára. Sameiginleg viðvera foreldra og barna hefur höfuðáhrif á neysluvenjur, ásamt hollu tómstundastarfi, segir dr. Inga Dóra Sigfúsdóttir. Hún er í forsvari fyrir þessar rannsóknir, sem unnar eru af rannsóknamiðstöðinni Rannsóknum og greiningu í samstarfi við sveitarfélögin í landinu.**



INGA DÓRA SIGFÚSDÓTTIR Vímuefnaneysla unglinga í 10. bekk er nú í sögulegu lágmarki, samkvæmt rannsókn Rannsóknar og greiningar, sem gerð var í samvinnu við sveitarfélögin í landinu. Inga Dóra er deildarforseti Kennslufræða- og lýðheilsudeildar Háskólans í Reykjavík og er Rannsókn og greining rannsóknarmiðstöð innan deildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Helmingi færri drekka áfengi nú í tíunda bekk en fyrir áratug. Sama á við um tóbaks- og hassreykingar. Vímuefnaneysla í heild sinni sýnist á nokkuð stöðugri niðurleið ár frá ári, þótt örlítil aukning hafi mælst í fyrra. Sú aukning er nú að fullu gengin til baka.

Um áttatíu prósent nemenda í elstu bekkjum grunnskóla á öllu landinu tóku þátt í könnuninni, sem var gerð í febrúar. Sambærileg könnun hefur verið gerð árlega síðan 1997 og því auðvelt að bera saman niðurstöður milli ára.

### Íslenska módelið til fimmtán borga í Evrópu

Umrætt rannsóknastarf er unnið út frá „íslenska módelinu“, sem snýst um náið samstarf rannsóknaraðila, þeirra sem koma að stefnumótun í málefnum ungs fólks og þeirra sem starfa með börnum og ungmennum. Nú er verið að vinna með þetta líkan í einum fimmtán Evrópuborgum næstu tvö árin. Niðurstöður rannsóknarinnar verða kynntar í Ístanbúl í maí.

„Við vitum auðvitað ekki hvort þetta gengur þarna úti, því hér heima eru aðrar aðstæður,“ segir Inga Dóra Sigfúsdóttir og nefnir smæð samfélagsins og menntunarstig þjóðarinnar sem dæmi.

Inga Dóra er deildarforseti nýrrar Kennslufræða- og lýðheilsudeildar Háskólans í Reykjavík, en Rannsókn og greining er rannsóknarmiðstöð innan deildarinnar.

### Viðhorf fremur en fræðsla

„Við höfum við lagt ríka áherslu á samstarf foreldra og skóla,“ segir Inga. „Við höfum séð að lengd þess tíma sem foreldrar eru með börnum sínum hefur mælanleg áhrif á líkurnar á því að börnin neyti vímuefna.“ Inga Dóra telur því auðsýnt að eitt grundvallaratriði forvarnarstarfs sé samvera barna og foreldra, ásamt tómstundastarfi sem leggi áherslur á hefðbundin grunngildi. Fræðsla um skaðsemi fíkniefna nægi ekki ein og sér til að hafa áhrif á lífsstíl.

> „Við höfum séð að lengd þess tíma sem foreldrar eru með börnum sínum hefur mælanleg áhrif á líkurnar á því að börnin neyti vímuefna.
>
> INGA DÓRA SIGFÚSDÓTTIR
> DEILDARFORSETI KENNSLUFRÆÐA- OG LÝÐHEILSUDEILDAR HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

„Unglingar sem neyta vímuefna gera sér oft grein fyrir skaðlegum áhrifum hegðunar sinnar. Það skiptir þá bara ekki höfuðmáli. Því þarf að reyna að hafa áhrif á hegðun þeirra. Byggja upp aðstæður til heilbrigðs lífernis.“

### Skilaboðin skila sér ekki

Aðspurð hvaða álit hún hafi á frægum forvarnarherferðum, til dæmis um Fíkniefnadjöfulinn, þar sem vímuefni voru sýnd sem djöfulleg og boðskapurinn á næsta trúarlegum nótum, segir Inga Dóra að slík bein skilaboð og áróður skili ekki árangri einn og sér í forvarnarstarfi. „Það er mun árangursríkara að skapa aðstæður til að hafa áhrif á breytni unglinganna og í anda þess hefur sífellt minni áhersla verið lögð á beina fræðslu og meiri þungi lagður í starf úti á vettvangi, með grasrótinni.“

### Grasrótina þarf að vökva

„Við vinnum þessar rannsóknir í nánu samstarfi við fólkið sem mest umgengst krakkana. Foreldrar, kennarar, íþróttaþjálfarar og fleiri eru lykilfólk í lífi barna. Það er þetta fólk sem börnin leita til ef eitthvað bjátar á og þau vilja svör sem fyrst. Unglingar vilja ekki panta tíma í næstu viku til að ræða það sem þeim liggur á hjarta. Því er mikilvægt að þeir sem standa þeim næst hafi svör á reiðum höndum.“

Tónlistarkennarar og íþróttaþjálfarar eru dæmi um starfsstéttir sem skipta máli í lífi barna. Mikilvægt er að þeir miðli gildum sem stuðla að heilbrigðu lífi, segir Inga Dóra. „Það skiptir höfuðmáli að þjálfarar kenni börnum að átttaka í íþróttum snúist ekki bara um sigur í leik heldur ekki síður hin hefðbundnu gildi. Til dæmis að leikurinn sé heiðarlega eða drengilega leikinn. Bestu þjálfararnir eru þeir sem geta miðlað þessum gildum og það eru þeir sem við viljum að hjálpi til við að ala upp börnin okkar,“ segir Inga Dóra. Hún bætir við að þessi afstaða byggist á þeirri reynslu sem rannsóknamiðstöðin hafi viðað að sér úti á vettvangi síðustu tíu árin.

klemens@frettabladid.is

## DOKTOR Í FÉLAGSFRÆÐI

Inga Dóra er fædd í Reykjavík hinn 13. júlí 1967. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1987 og fór þaðan í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. BA-gráðu fékk hún árið 1991. Þá tók við sálfræði- og félagsfræðinám og lauk því með meistaragráðu í félagsfræði árið 1999. Inga Dóra útskrifaðist svo með doktorsgráðu í félagsfræði frá Penn State háskóla árið 2004.

Inga Dóra er nú deildarforseti kennslufræða- og lýðheilsudeildar Háskólans í Reykjavík og hefur verið það frá stofnun deildarinnar haustið 2005. Hún er einnig stofnandi rannsóknamiðstöðvarinnar Rannsóknir og greining, sem starfað hefur frá árinu 1999.

Hún hefur skrifað ritrýndar greinar um áhættuþætti vanlíðunar og frávikshegðunar meðal unglinga. Einnig hefur hún rannsakað vísindastarf á Íslandi.

Inga Dóra er gift Símoni Sigvaldasyni héraðsdómara og eiga þau tvær dætur, þær Erlu og Sonju.

ÞRÓUN VÍMUEFNANEYSLU UNGLINGA Í 10. BEKK

Árin 1997 til 2007




Heimild: Rannsóknir og greining

Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.



REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar



Brottfararsalur
Biðsalur
Fríhöfn
Komusalur
Eymundsson
Við óskum
Flugstöð Leifs Eiríkssonar
til hamingju með vel heppnaða og glæsilega
stækkun flugstöðvarbyggingarinnar
ÍSTAK
ÍSTAK hf. · Engjateigi 7 · 105 Reykjavík
Sími 530 2700 · Bréfsími 530 2724 · istak@istak.is · www.istak.is
Himinn og haf / SÍA – 9070378

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Tveir landsfundir:

# Ólík sýn í nokkrum takti

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Formenn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar sáu Ísland í ólíku ljósi í opnunarræðum sínum á landsfundum flokkanna sem nú standa. Þrátt fyrir margs konar ágreining slógu þeir á ýmsa strengi í nokkrum takti um sum stór viðfangsefni sem við blasa.

Forsætisráðherra sendi frá sér þrenns konar skilaboð. Í fyrsta lagi lagði hann mestan þunga í skýrt fyrirheit um tilteknar úrbætur í þágu aldraðra. Þær snúast ekki einvörðungu um aukin útgjöld. Þær sýna einnig langtíma hugsun um nauðsyn þess að gefa eldra fólki, sem bæði getur og kýs, tækifæri til lengri starfsaldurs. Frá pólitísku sjónarhorni var skynsamlegt að leggja með þessum hætti áherslu á velferðarmál.

Skilaboð númer tvö fólu í sér boðskap um að náttúruvernd og nýting náttúrugæða ættu ekki að vera andstæður er útilokuðu hvor aðra. Umfangsmesta friðun lands hefur þannig átt sér stað samhliða stærstu virkjanaframkvæmdum. Forsætisráðherra skaut sér að vísu undan því að segja berum orðum það sem er kjarni þess máls, að allsherjar stöðvun undirbúnings og framkvæmda á þessu sviði er ávísun á lífskjaraskerðingu. Boðskapurinn var hins vegar ótvíræður.

Án þess að nefna viðskiptahallann fólust í þriðja lagi í ræðu forsætisráðherra skilaboð um að aðstæður gæfu ekki tilefni til mikilla útgjaldaloforða. Stefnan er frjálsræði í efnahagsmálum með opinberu útgjaldaaðhaldi. Þó að staða ríkissjóðs hafi verið sterk eru óneitanlega hættumerki fram undan. Að ósekju hefðu aðhaldsskilaboðin því mátt vera ákveðnari þó að þau verði ekki véfengd.

Formaður Samfylkingarinnar gerði einnig að umtalsefni mikilvægi ábyrgrar efnahagsstefnu þar sem framfarir byggðust á jafnvægi. Sá boðskapur er að vísu ekki í fullu samræmi við fjárlagatillögur flokksins. Hann er hins vegar tákn um skynsamlegan nýjan tón í skilaboðum til kjósenda.

Í annan stað ítrekaði formaður Samfylkingarinnar stóriðjuhlé. Ef þau ummæli eru túlkuð með skírskotun til skýrslunnar um efnahagslega ábyrgð virðist þessi orðnotkun rúma áframhaldandi undirbúning vegna annarra slíkra verkefna en þeirra sem Hafnfirðingar hafa þegar slegið út af borðinu. Þetta er vísbending um að leiðir Samfylkingarinnar og Vinstri græns liggi ekki jafnþétt saman og litið hefur út fyrir upp á síðkastið.

Velferðarmálin voru eðlilega kjarninn í boðskap formanns Samfylkingarinnar. Á því sviði hefur flokkurinn ekki átt við trúverðugleikakreppu að etja. Vandi hans er hins vegar að sýna fram á hvernig tiltekin fyrirheit um útgjöld ríma við boðskapinn um ábyrga stjórn efnahags- og ríkisfjármála.

Ræður þessara tveggja flokksformanna voru vitaskuld ólíkar. Að öllu virtu var þó ákveðinn samhljómur í þeim skilaboðum sem þeir sendu um framtíðina. Réttilega vaknar sú spurning hvort það hafi einhverja pólitíska merkingu um auknar líkur á samstarfi þeirra ef stjórnarflokkarnir halda ekki meirihluta?

Eins og sakir standa bendir fátt til þess að slíkt samstarf sé í uppsiglingu. Við blasir að Samfylkingin þurfi að fórna meir af stefnu sinni í samstarfi við Vinstri grænt. En vandséð er hvernig hún getur losað sig frá skuldbindingum um viðræður til vinstri og ef til vill er ekki mikill áhugi fyrir því. Um pólitískt samstarf sýnist hún þar af leiðandi vera í meiri trúverðugleikavanda en Sjálfstæðisflokkurinn.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Klapp klapp

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hvatti sitt fólk til dáða við upphaf landsfundar Samfylkingarinnar í Egilshöll í gær. Og svo virtist sem samfylkingarfólki líkaði ræða formannsins vel. Þurfti Ingibjörg Sólrún að gera tuttuguogtvisvar sinnum hlé á ræðu sinni vegna fagnaðarláta fundarmanna. Þrisvar til viðbótar var klappað að tilstuðlan Ingibjargar. Meðal annars var Margréti Frímannsdóttur og Jóni Baldvini Hannibalssyni þökkuð formennska í Alþýðuflokki og Alþýðubandalagi. Virðist sem gróið hafi um heilt milli Jóns Baldvins og Ingibjargar eftir að sá fyrrnefndi gagnrýndi Samfylkinguna í Silfri Egils í lok marsmánaðar.



### Ég er kona

Þær voru glæsilegar konurnar sem nú leiða jafnaðarmannaflokkana á Íslandi, í Svíþjóð og Danmörku á sviðinu í Egilshöll í gær. Mona Sahlin og Helle Thorning-Schmidt mættu reyndar eftir ræðu Ingibjargar Sólrúnar vegna seinkunar á flugi en það kom ekki að sök. Þeim var vel fagnað þegar inn í salinn kom og fluttu sína ræðuna hvor. Dagur B. Eggertsson hefur líklega flutt sína bestu pólitísku ræðu þegar hann þýddi beint á íslensku það sem Mona Sahlin sagði. Hins vegar hlógu landsfundarfulltrúar í upphafi þegar Dagur sagði: „Ég er jafnaðarmaður af því að ég er kona.“



### Ólöglegur Össur

Össur Skarphéðinsson kynnti Monu og Helle áður en þær stigu á svið. Fór hann yfir tengsl þessara kvenna við Ísland. Árni Páll Árnason hefði verið með Helle í skóla í Belgíu á árum áður. Hún væri líka tengdadóttir leiðtoga lífs síns, Neil Kinnock, sem var formaður breska Verkamannaflokksins. Upplýsti Össur að hann væri enn félagi í þeim flokki og greiddi ársgjöldin samviskulega. Í lögum Samfylkingar segir: „Réttur til inngöngu í aðildarfélag er háður því að umsækjandi sé ekki félagi í öðrum stjórnmálaflokkum.“ Er Össur þá ekki ólöglegur í Samfylkingunni?

bjorgvin@frettabladid.is

# Ef sverð þitt er stutt



**ELLERT B. SCHRAM**
**Í DAG** | Stjórnmál

Ég datt í þunglyndiskast á skírdagsmorgun. Mogginn birtir skoðanakönnun um 40% fylgi Sjálfstæðisflokksins og 20% fylgi Samfylkingarinnar. Og það sem verra var. Ríkisstjórnin heldur velli. Maður sýpur hveljur undir svona páskaboðskap og ég gerði meir: fór í langan göngutúr til að ná úr mér mesta hrollinum, svona rétt eins og maður gerði eftir að tapa leik í fótboltanum í gamla daga. Ég er jú innanbúðarmaður í Samfylkingunni og þegar svona kannanir birtast spyr maður sjálfan sig hvort það geti virkilega verið að jafnaðarstefnan eigi ekki meiri hljómgrunn í þessu góða landi?

Og svo fór ég heim og lagðist flatur í sófann og hugsaði: hvað er ég, gamall góðborgari, að skipta mér að þessu? Hvað kemur mér þetta við? Af hverju ekki bara að fylgjast með fjölmiðlunum úr fjarlægð, fylgjast með því hvað sagt er um lánshæfismat bankanna og eigendaskiptin á Glitni. Einhver borgaði eitt hundrað og tíu milljarða og annar græddi fimmtíu og fjóra milljarða. Lesa um það í fréttunum þegar þeir kaupa kvótana hvor af öðrum, af því að þetta eru mennirnir sem líka eiga fiskinn. Fylgjast með því hver sé ríkastur og hvar þeir haldi upp á afmælin sín. Kynna sér kaupmáttinn og hagvöxtinn og reikna út vextina og vera sem sagt þakklátur fyrir allt það sem þessir góðu karlar hafa gert mér um dagana. Af hverju að trufla þá?

Mér er að vísu par sama hver eigi þessa banka eða öll dótturfyrirtækin, en þessu er haldið að mér, þetta þykir markverðast og kannski á maður bara að draga sig endanlega í hlé og láta sér lynda að tilheyra þessum þögla meirihluta þjóðarinnar sem engu ræður í þessu þjóðfélagi, ræður ekki yfir peningunum eða völdunum eða auðlindunum, ræður ekki yfir fólkinu sem ráðstafar sínu atkvæði í kosningum til að mylja áfram undir þessa sömu menn. Af hverju sest ég ekki bara í djúpa stólinn heim í stofu og læt aðra um að stjórna og ráða og kveiki svo á sjónvarpsfréttum um sjöleytið á kvöldin, til að fylgjast með því hver kaupir hvað og hver er meiri forstjóri heldur en hinn? Og horfa svo á fótbolta þess á milli, til að stytta mér stundirnar. Erum við ekki bara tuttugu prósent hér og fimm prósent þar,

*Höfum eitt á hreinu: pólitíkin snýst ekki um það hver kaupir af hverjum fyrir alla milljarðana. Pólitíkin, kosningarnar, snúast um hag heimilanna, um Gunnu og Jón, um velferð okkar allra, Ekki bara sumra.*

í einhverskonar stjórnarandstöðuleik, óverulegur og óbreyttur minnihluti þjóðar, sem má sín í rauninni einskis, þegar kemur að fjörtíu prósent liðinu, þungavigtarliðinu í ráðherrastólunum, í forstjórastöðunum, á jötunum við kjötkatlana og öllu þessu dygga stuðningsliði, sem hrópar á pöllunum. Allir í kór. Þetta er óvígur her.

Enda eru þeir á móti kommum, (afturhaldskommadindlar hét það hjá Davíð) og þeir eru á móti „kerlingunni“ henni Ingibjörgu, svo notað sé kurteisleg nafngift stjórnarliðsins á sínum helsta andstæðingi!! Þeir eru jú sammála um að það kunni enginn með stjórn þessa lands að fara, svo lengi sem þeir standa saman í anda þess frelsis að vera frjálsir að því að kjósa sína menn aftur. Og aftur.

Já, af hverju gefst ég ekki upp og tek mér sæti í djúpa stólnum, læt af þessu andófi, læt mér lynda að horfa bara álengdar á framhaldslíf þessara hofmóðugu náttúruafla, lygni aftur augunum og dey smám saman drottni mínum og örlögum? Er nema von að maður gapi og spyrji?

En viti menn. Ég jafnaði mig á þunglyndiskastinu, kreppti hnefann og beit á jaxlinn. Ég er enn á lífi, ég hef ennþá trú á mínu liði, mínum málstað, mínum foringja og ef sverð þitt er stutt, þá taktu eitt spor fram á við. Nú söfnum við liði, með jafnaðarstefnuna að vopni og sýnum hvar Davíð keypti ölið.

Höfum eitt á hreinu: pólitíkin snýst ekki um það hver kaupir af hverjum fyrir alla milljarðana. Pólitíkin, kosningarnar, snúast um hag heimilanna, um Gunnu og Jón, um velferð okkar allra, Ekki bara sumra.

Alþingiskosningarnar eftir tæpan mánuð eru í rauninni aðeins ein stór spurning sem lögð er fyrir okkur öll: viljum við hafa sömu stjórnina, sömu flokkana, sama fólkið, í sextán ár samfleytt? Eða viljum við gefa öðrum tækifæri til að sýna hvað þeir geta og vilja? Þetta er enn hægt. Það er enn á okkar valdi að breyta fréttunum um peningana í umræðu um manneskjur. Um líf okkar. Allra hinna. Um það snúast stjórnmálin og kosningarnar. Fólkið í þessu landi.

Drauma okkar og vonir.

# Múrar eru engin lausn

**UMRÆÐAN**
Innflytjendamál



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

Nokkuð hefur verið rætt um innflytjendapólitík að undanförnu. Flest okkar höfum við þá afstöðu að við viljum að eins vel sé komið fram gagnvart útlendu aðkomufólki og við viljum að gert sé gagnvart okkur þegar við erum í útlöndum. Sjálfur hef ég reynslu af því að vera búsettur erlendis og er hlýtt til þeirra þjóða sem ég hef dvalist hjá, ekki síst vegna þess hve vel mér var tekið.

Þetta breytir því ekki að bráðnauðsynlegt er að ræða innstreymi erlends launafólks til landsins, í hve miklum mæli við viljum og getum tekið á móti aðkomufólki svo sómasamlegt sé. Einnig þarf að hafa í huga að atvinnulíf verði ekki sveiflukennt þannig að á víxl gangi á með ofsaþenslu og síðan fjöldaatvinnuleysi. Jafnvægi er heillavænlegra fyrir atvinnulífið og samfélagið hvernig sem á málin er litið.

Sumir vilja reisa múra og girðingar og sporna þannig við innflutningi til landsins. Slíkir múrar eru ekki eftirsóknarverðir auk þess sem þeir í reynd breyta engu. Allir hafa hvort eð er rétt til að koma til Íslands og ráða sig hér til starfa ef störf eru á annað borð í boði. Það er meginmálið. Hér hefur efnahagslífið verið þanið til hins ítrasta, m.a. með stóriðjustefnu stjórnvalda, með þeim afleiðingum að vinnumarkaðurinn hrópar bókstaflega á fólk. Þeir sem telja að vinnumarkaðurinn sé ekki í jafnvægi eiga að beina sjónum sínum að þessu í stað þess að varna fólki komu til landsins með gaddavír!

Lofsvert er hvernig staðið hefur verið að nýlegri lagasetningu sem tryggir réttindi á vinnumarkaði enda byggist hún á víðtækri sátt aðila vinnumarkaðar, ASÍ, BSRB, BHM og SA.

Eitt má aldrei gleymast í þessari umræðu og það er hve viðkvæm hún er. Allir ættu að minnast þess að orð geta sært fólk. Ekki síst ef aðkomufólk skilur umræðuna sem ógnandi og fjandsamlega í sinn garð. Það má aldrei verða. Hræðsla við umræðu má á hinn bóginn ekki leiða til þess að hún komist hreinlega ekki á dagskrá.

*Höfundur er þingmaður VG.*



# TIL HAMINGJU

Við óskum **Flugstöð Leifs Eiríkssonar** til hamingju með nýja og endurbætta flugstöð.
Við erum stolt af árangursríku samstarfi við stjórn og allt starfsfólk flugstöðvarinnar.

VSÓ RÁÐGJÖF
Verkefnisstjórn

TEIKNISTOFA GARÐARS HALLDÓRSSONAR HÚSAMEISTARA
Arkitektahönnun

VA ARKITEKTAR
Arkitektahönnun

Almenna verkfræðistofan – FRÁ MÓTUN AÐ MANNVIRKI
Hönnun burðarvirkja

FJARHITUN VERKFRÆÐISTOFA
Hönnun lagna- og loftræsikerfa

Rafhönnun
Hönnun rafkerfis

FJÖLHÖNNUN ehf Verkfræðistofa
Framkvæmdaeftirlit

VHÁ VERKFRÆÐISTOFA
Hönnun stálvirkja

VERKFRÆÐISTOFA SUÐURNESJA
Eftirlit með farangursflokkunarkerfi

TSÁ Tækniþjónusta SÁ ehf.
Hönnun útisvæða

Hafur ráðgjöf ehf
Þróunar- og rekstrarráðgjöf
Rekstrarráðgjöf

2b@internet.is


ASKJA
ASKJA · Laugavegi 170 · 105 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.askja.is


Upplifðu töfra
Fágun, glæsileiki og framúrskarandi aksturseiginleikar er það sem helst einkennir nýjan Mercedes-Benz C-Class. Og upplifunin af akstrinum er töfrum líkust. Fullkomin kyrrð í bland við hárfína snerpu.
Mercedes-Benz
C-Class
Frumsýning um helgina. Opið laugardag og sunnudag kl. 12–16.
ASKJA er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi.




MAÐUR VIKUNNAR

# Gjöfult dagsverk

Vladimir Ashkenazy stýrði Sinfóníuhljómsveit Íslands í tvígang í vikunni. Hann verður sjötugur í sumar og er ekki að sjá að þessi vinnuþjarkur láti aldur draga úr vinnu meðan hann hefur heilsu til. Hljómsveitarstjórn útheimtir gríðarlega krafta, líkamlega ekki síður en andlega. En þá er til þess að líta að fáar starfsgreinar leyfa mönnum jafn langan starfsaldur. Þar er viðurkennt að aldur bætir menn og margir mestu hljómsveitarstjórar sögunnar hafa starfað langt fram yfir aldursmörk eftirlauna.

Vladimir er fæddur í Gorki sem nú heitir Nizhny Novgorod. Faðir hans var gyðingur, kominn af þeim straumi sem hrakinn var frá Rínarlöndunum. Móðirin var aftur rétttrúnaðarkona og hefur aðskilinn trúarheimur foreldra örugglega haft sitt að segja um uppeldi drengsins. Hann var settur til náms á píanó sex ára gamall og sýndi slík efni að hann var tekinn inn í virtan skóla átta ára og lauk síðar námi frá konservatoríunni í Moskvu. Hann var við nám er hann vann önnur verðlaun í alþjóðlegri samkeppni ungra píanóleikara sem kennd er við Chopin í Varsjá 1955 átján ára. Hann vann aftur virt verðlaun 1962 í Tjækovskí-keppninni en deildi þá titlinum með John Ogdon. Þá var ljóst að Vladimirs beið alþjóðlegur frami sem einleikara.

Vladimir var og er eitt af stóru nöfnunum í einleik á píanó á okkar dögum og mun verða skráður í söguna sem slíkur. Hann er þekktur fyrir hljóðritanir á verkum landa sinna og tónskáldum rómantíska tímans: hann hefur hljóðritað allar prelúdíur og fúgur Shostakovitsj, sónötu Skrjabins og öll verk eftir Rachmaninoff, Schumann og Chopin fyrir píanó. Þá eru ótaldar píanósónötur Beethovens, píanókonsertar eftir Mozart, Beethoven, Bartók og Prokofíev. Ferli hans í flutningi einleiksverka fyrir pianó er ekki lokið. Hann spilar enn og hljóðritar. Í umsögn Gramophone var sagt fyrir fáum árum að væri laus stund í þéttu dagplani hans nýtti hann þann tíma til að ljúka dagsverki.

Leið Vladimirs lá snemma hingað til Íslands: Þórunn eiginkona hans er sprottin úr samfélagi sem hafði tónlist í hávegum, þótt það væri í þröngum hópi. Þórunn og Vladimir kynntust þegar hún kom til náms í Moskvu 1958. Hún er tveimur árum yngri, fædd og alin upp í Reykjavík. Faðir hennar Jóhann Tryggvason var tónlistarmaður og kenndi dóttur sinni á píanó frá unga aldri. Hún fór að spila tveggja ára, las nótur og samdi smálög frá fjögurra ára aldri. Fyrstu tónleika sína hélt hún tíu ára og það ár lék hún á þrennum stórtónleikum í Reykjavík. Jóhann hafði haldið til London 1945 til náms og tveimur árum síðar flutti Klara kona hans þangað með börnin. Þórunn var strax tekin inn í yngri deildina í Royal Academy of Music. Frammistaða hennar á tónleikum á þessum árum var afar mikilsverð fyrir íslenskt listalíf og sannaði fyrir þeim stóra hópi sem hleypti heimdraganum árin eftir stríðið að ævintýri Stefáns Íslandi og Maríu Markan var ekki einsdæmi.

Þau Vladimir tóku að draga sig saman í Moskvu þegar Þórunn kom þangað til náms 1960. Þau giftust 1960 og bjuggu við barnalán, fyrsta barnið fæddist 1962 en þá bjuggu þau í lítilli íbúð ásamt foreldum Vladimirs. Þórunn tók sovéskan ríkisborgararétt en fram undan voru tímar ferðalaga og í mars 1963 komust hjónin með son sinn til London þar sem Þórunn nýtti sér enskan ríkisborgararétt sinn til að fá landvistarleyfi fyrir fjölskylduna. Persónulegt líf þeirra hjóna hefur alltaf verið fjarri sviðsljósinu og hafa þau lagt áherslu á það. Þórunn sneri baki við ferli sínum enda tók nú við gríðarlegur tími ferðalaga: á næstu árum skóp Vladimir ser heimsfrægð. Þau afréðu að flytjast til Íslands 1968 og fjórum árum síðar var Vladimir veittur ríkisborgararéttur á Íslandi sem hann hefur haldið síðan. Hér héldu þau heimili um tíu ára skeið en héðan lá leið þeirra til Sviss þar sem þau hafa búið síðan.

Flutningur þeirra stafaði ekki síst af þeirri ákvörðun Vladimirs að snúa sér meir að hljómsveitarstjórn. Hann kaus að rata inn á þann vettvang í skjóli Sinfóníuhljómsveitar Íslands og var það hljómsveitinni til mikillar gæfu. Vann hann um árabil með sveitinni og kom henni til þroska með því að taka skrefin sjálfur til æ stærri verkefna. Hann studdi þá ákvörðun Ragnars í Smára að endurvekja listahátíð í Reykjavík sem Bandalag íslenskra listamanna hafði staðið fyrir á árum áður og reyndist hinni ungu Listahátíð haukur í horni með samböndum við fjölda virtra listamanna. Báðar þessar stofnanir hafa þakkað fyrir sig: Vladimir er heiðursforseti Listahátíðarinnar í Reykjavík og heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Samkeppni er hörð í hljómsveitarstjórn: Hann starfaði einkum sem gestastjórnandi og fékk ekki fasta stöðu fyrr en hann var ráðinn til Royal Philharmonic í London sem hann gegndi frá 1987 til 1994. Tékkneska fílharmonían réði hann til starfa sem aðalstjórnanda 1998 og gegndi hann því starfi um fimm ára skeið. Öllum að óvörum réði hann sig sem aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar japanska ríkisútvarpsins 2004. Hinn 11. apríl var hann ráðinn listrænn stjórnandi Sinfóníunnar í Sydney og tekur þar við árið 2009. Hann er handhafi fimm Grammy-verðlauna. Hann gaf út bók 1985 sem lýsir hugmyndum hans um tónlist og margt annað sem ber heitið Handan landamæra.

Orðspor Vladimirs er að hann sé ákafur verkmaður, strangur og kröfuharður við sjálfan sig og alla sem nálægt honum eru. Hann var barn á stríðsárunum og kom til þroska í Sovétríkjunum á síðustu árum Stalíns-tímans og upplifði þíðuna undir Krústsjoff og kalda stríðið fjarri föðurlandi sínu frá 1963 sem útlagi með foreldra sína heima. Hann man því tímana tvenna. Hann hefur reynst Íslendingum gjöfull sonur og hefur frá upphafi notið ómældrar virðingar hér á landi í röðum þeirra sem átt hafa við hann samvistir. Hann hefur reynst óragur að tala út um afkomu og aðstæður Sinfóníunnar. Dæmið og reynsluna af tengslum okkar við hann og allt hans fólk er hollt að rifja upp í umræðum um stöðu þeirra sem hingað leita og vilja eiga hér skjól og starfsvettvang. Hann er næstfrægasti Íslendingur sem nú er á lífi.

## VLADIMIR DAVIDOVICH ASHKENAZY




## ÆVIÁGRIP

Vladimir Davidovich Ashkenazy er fæddur 6. júlí 1937 í Gorki. Stundaði nám í píanóleik frá unga aldri. Kvæntur Þórunni Jóhannsdóttir og eiga þau fimm börn: Vladimir Stefán, Nadiu Lizu, Dmitri Thor, Soniu Eddu og Alexöndru Ingu. Hefur átt litríkan feril sem tónlistarmaður, einleikari og hljómsveitarstjóri bæði í tónleikasölum bestu húsa heimsins og í hljóðritunum. Íslenskur ríkisborgari frá 1972.

„Unnendur píanótónlistar hneigðust til að líta á hljóðritanir hans frá Rússlandstímanum sem það besta, en á sjötugsaldri vann hann nýjar á sömu verkum og þær komu á óvart fyrir tökin sem hann hafði. Hann er næstfrægasti Íslendingur okkar tíma og verður talinn mestur allra túlkenda Rachmaninoffs frá upphafi hljóðritunar.“ Lárus Jóhannesson kaupmaður.




# TEKJUVERND

**Haltu þínu striki með
Tekjuvernd Kaupþings**

Kaupþing býður Tekjuvernd í samstarfi við Kaupþing líf.

KAUPÞING

# Sjúklingar – ekki glæpamenn!

Í Dagbók **Þráins Bertelssonar** er sagt frá dularfullum vísbendingum, háhýsi í Mosó og fornum lögum um hafragraut. Einnig er rætt um sjúklinga, glæpamenn, Mr. Bean, hæglæti skriffinnskubáknsins – og loks er borgarstjórinn í Reykjavík beðinn um regnhlíf.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**FÖSTUDAGUR 6. APRÍL**

### Stórhýsi í Mosó

Vorum að ráðgera að fara norður um páskana en veðráttan er of rysjótt til að leggjandi sé í svo langan bíltúr með krakkana. Þess í stað sitjum við heima í ró og næði.

Horfðum á Alexander mikla í sjónvarpinu. Ekki fannst mér það góð mynd.

Elí vinur Andra var í heimsókn. Hann reiknar með að flytja á næstunni upp í Mosó þar sem Hulda og Valli eru búin að kaupa lóð og ætla að byggja sér hús.

„Það verður 400 kílómetra hátt,“ sagði Elí.

Svona hefði Alexander mikli hugsað.

**LAUGARDAGUR 7. APRÍL**

### Dularfullar vísbendingar

Í kvöld voru páskaeggin falin með tilheyrandi vísbendingum en einhvern tímann fyrir ævalöngu komst sá siður á hérna á heimilinu að fela páskaeggin og dreifa síðan rímuðum vísbendingum um húsið; hver vísbending vísar síðan á næstu vísbendingu þar til sú síðasta vísar á sjálfan súkkulaðifjársjóðinn.

Annars hefur þetta verið ágætur og friðsæll vinnudagur sem kom að góðum notum því að skáldsagan sem ég er að skrifa virðist ætla að teygja anga sína í allar áttir.

Atburðarásin liggur um Ísland, Argentínu, Eistland, Holland og Þýskaland og nær frá nútímanum aftur til jóla árið 800.

Þótt þessi bók ENGLAR DAUÐANS fjalli um ljótari hluti en leit að páskaeggjum eru í henni ýmsar vísbendingar.

Fyrsta vísbendingin í bókinni er til dæmis svona:





**SUNNUDAGUR 8. APRÍL**

### Með lögum skal land byggja!

Dagurinn hófst á páskaeggjaleit. Vísbendingarnar reyndust sem betur fer nógu skýrar til þess að eggin kæmu í leitirnar.

Litla Sól fékk bara eina vísbendingu sem amman las fyrir hana því að sú stutta er ekki komin lengra í lestri en svo að hún þekkir stafinn sinn S og A stafinn hans Andra með öruggri vissu og man líka að Ó heitir Ó þegar ég klíp hana í handlegginn.

Vísbendingin sem litla Sól fékk var svona:

*Í bólinu kúrir karlinn hann afi*
*og knúsa þig vill hann*
*– það er enginn vafi.*
*Hann tekur þér vel með gleði*
*og gáska,*
*– en gægstu undir rúmið.*
*Gleðilega páska!*

Þegar hún heyrði vísbendinguna lesna var ungfrúin jafnsnögg að stinga sér undir rúmið og önd að kafa eftir hornsíli. Mér óaði við að sjá börnin í náttfötunum með þessa risaskammta af sykri og súkkulaði, svo að ég rifjaði upp gamla lagagrein sem ég held að sé úr Jónsbók ef ekki Grágás og útskýrði hana fyrir krökkunum.

En hún er svona: „Óheimilt er að leyfa börnum að snæða páskaegg á fastandi maga enda skulu



þau áður hafa lokið við að hesthúsa fullan disk af páskahafragraut sem afi þeirra eldar handa þeim.“ Í nafni laganna hitaði ég hafragraut svo að börnin hefðu einhverja undirstöðu til að takast á við sælgætisfabrikkur landsins. Með lögum skal land byggja!

**MÁNUDAGUR 9. APRÍL**

### Í leit að sumarbústað

Í sundinu í dag á Seltjarnarnesi var stundum sólskin og logn, stundum slydda og stundum hífandi rok og rigning. Hitinn sveiflaðist á milli 5 og 1 stig.

Börnin eru í sykursjokki, uppstökk, kenjótt og óánægð.

Ég hallast meira og meira að því að Ingólfur Arnarson og frú Hallveig hafi komið hingað með það í huga að leita sér að snoturri lóð undir sumarbústað fremur en þau hafi hugsað sér að búa hér allt árið.

**ÞRIÐJUDAGUR 10. APRÍL**

### Mr. Bean og eins árs skriffinnskuafmæli

Fór með Andra að sjá Mr. Bean í Laugarásbíó. Það var mjög skemmtileg mynd og ég held að á stundum hafi Andri haft áhyggjur af því að afi hans rifnaði af hlátri.

Síðdegis var svo haldinn fundur með völdum íbúum Grjótaþorps og fulltrúum frá Borgarskipulagi, Minjavernd og Rithöfundasambandi sem hafa þá hugsjón að rífa Gröndalshús og setja niður eftirmynd þess á leiksvæði barnanna hérna í Grjótaþorpinu sem við köllum Glasgow-torg eftir frægu húsi sem eitt sinn stóð þar. Mr. Bean hefði unað sér vel í þessum hóp.

Einhverra hluta vegna fórst fyrir að boða mig á fundinn en Sólveig mín fór. Hún er sem betur fer ekki óvön því að þurfa að tala máli skynseminnar.

Nú vona ég bara að okkar ágæti borgarstjóri muni eftir regnhlífinni sem ég skaut yfir hann þegar rigndi hvað mest í kosningabaráttunni og bregði upp regnhlíf yfir okkur hérna til að hlífa okkur við að taka við líkinu af frægu húsi sem húsabanar í hans þjónustu vilja troða upp á okkur.

Þessari herferð Reykjavíkurborgar gegn eigin sögu og menningu verður að linna.

30. maí næstkomandi verður nákvæmlega eitt ár liðið síðan svonefndri „úrskurðarnefnd um skipulags- og byggingarmál“ var sent kærubréf vegna þess að byggingaraðilar sem voru hér með gífurlegu brambolti að breyta Hlaðvarpanum í hótel leyfðu sér að hundsa samþykktar teikningar og byggingarleyfi og stækkuðu húsið eftir eigin smekk og geðþótta.

Nú hefur þessi góða nefnd lúrt á kærunni í rúma tíu mánuði – og 30. maí á aðgerðaleysi skrif-







finnskunnar eins árs afmæli.

Miðað við þessa afgreiðslu ferðast sniglar á geigvænlegum hraða.

**MIÐVIKUDAGUR 11. APRÍL**

## Sjúklingar – ekki glæpamenn

Í dag var sagt frá því að ungt hollenskt par hefði verið handtekið á föstudaginn langa við komuna til landsins frá Hollandi með rúmlega eitt kíló af kókaíni í fórum sínum. Aumingja manneskjurnar.

Því miður sér ekki högg á vatni þótt eitt kíló af kókaíni sé hirt af einhverjum vesalingum sem eru nógu ruglaðir til að spássera með eiturlyf gegnum tollskoðun á Keflavíkurflugvelli. Eiturlyfin sem valda óhamingju og sorgum fleiri þúsund fjölskyldna hér á landi eru að sjálfsögðu flutt hingað í gámum innan um annan varning. Hvert mannsbarn veit að tollgæslan kemst ekki yfir að skoða nema brot af þeim gámum sem hingað koma.

Ég veit ekkert um þetta ólánsama par sem tollurinn gómaði á föstudaginn langa, en yfirleitt eru þeir sem reyna þá glötuðu leið að smygla eiturlyfjum gegnum tollhliðið á Keflavíkurflugvelli innanklæða eða jafnvel innvortis forfallnir eiturlyfjasjúklingar eða þá nauðug burðardýr sem eru að reyna að vinna sig út úr skuld við alvöru eiturlyfjasala. Og það eru þessir sjúklingar sem eru settir í fangelsi. Hinir raunverulegu innflytjendur eiturlyfja sem hvergi ættu að vera nema í tugthúsi leika hins vegar lausum hala.

Spurning hvort yfirvöldum dómsmála, félagsmála og heilbrigðismála muni einhvern tímann í framtíðinni hugkvæmast að snúa sér að því að lækna eiturlyfjasjúklinga og fangelsa glæpamenn í stað þess að fangelsa sjúklinga og láta glæpamennina afskiptalausa?



**FIMMTUDAGUR 12. APRÍL**

## Frjálslegt fas

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins hófst í dag. Fundarmenn virðast vera frjálslegir í fasi enda stýrir nú flokknum ábyrgur maður sem ber það með sér að vera heilbrigð og góðgjörn manneskja.


Ertu í húsgagnaleit?

Italsofa
Vandað leðursófasett 3+1+1 | Verð kr. 275.000.-





Italsofa
Vandað leðurhornsófasett | Verð kr. 315.000.-



Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
www.valhusgogn.is
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!
Opið kl. 10-18 Laugard. 11-16
Sími 581-2275 ■ 568-5375

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



Leggðu góðu málefni lið

Það er auðvelt að skipta máli

Leggðu góðu málefni lið er heiti á þjónustu í Einkabanka og Fyrirtækjabanka Landsbankans sem auðveldar þér að hefja mánaðarlegan stuðning við góð málefni. Það þekkja það flestir að greiða mánaðarlega af húsinu og bílnum og fyrir rafmagn og hita. Nú er auðvelt að bæta góðum málefnum við þann lista og gerast áskrifandi að þeim. Þú getur styrkt eitthvert af 75 góðgerðarmálefnum; velur einfaldlega styrkupphæðina og hversu lengi þú vilt styrkja. Hver króna skilar sér til góðgerðarfélaganna og notendur bera engan kostnað við stuðning sinn. Með einfaldri aðgerð er svo hægt að hætta stuðningi. Landsbankinn hefur boðið þessa þjónustu síðan 1. júlí sl. og síðan þá hafa hundruð Íslendinga gerst áskrifendur að góðu málefni.

gottmalefni.is

Landsbankinn




LAMBAKÓTELETTUR LÚXUS
1.298 kr. kg




GOURMET GRÍSAKÓTELETTUR LÉTTREYKTAR
1.214 kr. kg




NÓATÚNS LÆRISSNEIÐAR ÞURRKRYDDAÐAR
1.618 kr. kg




UNGNAUTAHAMBORGARAR 120 GR
129 kr. stk.




KÁESS PÓLSKAR PYLSUR
695 kr. kg




RAUÐSPRETTA AÐ DÖNSKUM SIÐ
1.298 kr. kg

# Lifðu lífinu í lit!

**NÓATÚN**




BLÁ VÍNBER 299 kr. kg

GULAR MELÓNUR 99 kr. kg

RAUÐLAUKUR 99 kr. kg

RAUÐ EPLI 129 kr. kg

AGÚRKUR 99 kr. stk.

= 5 á dag

**Nýtt kortatímabil!**


NÓATÚN
Bestir í kjöti
Tilboð
á fylltum grísalundum
24% afsláttur
GRÍSALUNDIR
MEÐ SÆLKERAFYLLINGU
1.998 kr. kg
Úr Fiskborði Nóatúns
Þú sparar
300
kr. kg
KEILA
MEÐ HVÍTLAUKSOSTI
998 kr. kg
Úr Fiskborði Nóatúns
Þú sparar
300
kr. stk.
STEINBÍTUR
MEÐ KARRÝ OG BÖNUNUM
998 kr. kg
SÓL
APPELSÍNUSAFI
239 kr. l
NÝTT!
HREYSTI
SÚKKULAÐI
195 kr. stk.
25% afsláttur
John West
sjávarfang
Verði ykkur að góðu!



*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hólmfríður Jóna Ágústsdóttir,**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir þriðjudaginn 11. apríl. Jarðarförin fer fram frá Lágafellskirkju föstudaginn 20. apríl kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Kittý M. Jónsdóttir** **Elías Skúlason**
**börn og barnabörn.**



*Alúðarþakkir færum við öllum þeim fjölmörgu sem vottuðu föður okkar,*

**Grími Gíslasyni,**

virðingu við andlát hans og útför.
Sérstakar þakkir til bæjarstjórnar Blönduóss.

Þökkum hlýju og stuðning í okkar garð.

**Sigrún, Katrín, Sæunn, Gísli og fjölskyldur.**



*Okkar kæra vinkona,*

**Elín Kristjánsdóttir**
Miðtúni 78, Reykjavík,

er látin. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

Fyrir hönd vina hennar,

**Guðbjörg Benediktsdóttir.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Soffía Jóhannsdóttir**
frá Skálum á Langanesi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 9. apríl. Útförin fer fram í Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 16. apríl kl. 15.00.

**Guðbjörg Nielsen** **Kári Nielsen**
**Fróði Indriðason** **Leena Janus**
**Kristján Indriðason**
**Kristín María Indriðadóttir** **Kristinn Óskarsson**
**Guðmundur Hólm Indriðason**
**Ragnar Indriðason** **Aðalheiður Daníelsdóttir**
**Birgir Indriðason**
**Rut Indriðadóttir** **Pétur Bolli Jóhannesson.**



*Okkar elskulega*

**Guðrún Steinunn Gunnarsdóttir,**
Sléttuvegi 17, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum Hringbraut þriðjudaginn 10. apríl. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 16. apríl kl. 11.00.

**Gunnar Örn Pétursson** **Karen Níelsdóttir**
**Birgir Pétursson** **Anna Lísa Guðmundsdóttir**
**Steinunn Pétursdóttir** **Sveinn Skúlason**
**Guðrún Pétursdóttir** **Sigurgeir Benediktsson**
**og fjölskyldur.**

**ROBERT CARLYLE ER 46 ÁRA Í DAG.**

*„Því dekkri sem persóna er, þeim mun áhugaverðari er hún.“*

***Leikarinn er þekktur fyrir að túlka áhugaverðar persónur.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 14. APRÍL 1939

## Þrúgur reiðinnar fyrst gefin út

Á þessum degi árið 1939 kom út skáldsagan Þrúgur reiðinnar eftir rithöfundinn John Steinbeck. Steinbeck hlaut Pulitzerverðlaunin fyrir bókina og síðar Nóbelsverðlaunin í bókmenntum. Ekki fögnuðu þó allir bókinni þegar hún kom fyrst fyrir sjónir almennings.

Í bókinni segir frá Joad-fjölskyldunni, landbúnaðarverkamönnum á kreppuárunum. Fjölskyldan flyst frá Oklahoma til Kaliforníu í von um frelsi og hamingju. Mörgum þótti Steinbeck gera of mikið úr eymd fátækra verkamanna og var ráðist á rithöfundinn úr öllum áttum samfélagsins. Roosevelt Bandaríkjaforseti tók þó mark á skrifum Steinbecks og lagði sig fram um að ræða og bæta kjör umrædds fólks.

Þrúgur reiðinnar er fyrir löngu orðin sígild. Bókin er enn lesin í bandarískum skólum og nýtur talsverðra vinsælda. Kvikmynd var gerð eftir sögunni í Hollywood árið 1940. Í aðalhlutverkum var Henry Fonda en John Ford leikstýrði. Bókin kom út í íslenskri þýðingu Stefáns Bjarman árið 1943.



**JOHN STEINBECK** Þekktastur fyrir bækurnar Þrúgur reiðinnar og Mýs og menn.



**UNGFRÚ REYKJAVÍK 2007** Fanney Lára Guðmundsdóttir var krýnd Ungfrú Reykjavík á fimmtudagskvöld. Hún er að klára stúdentinn frá Verzlunarskóla Íslands en stefnir á viðskiptafræði í bland við ferðamálafræði í framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FANNEY LÁRA GUÐMUNDSDÓTTIR: KRÝND FEGURÐARDROTTNING REYKJAVÍKUR

# Trúði ekki að ég myndi sigra

„Ég er rosalega ánægð og þetta kom mér verulega á óvart,“ segir Fanney Lára Guðmundsdóttir, nýkrýnd fegurðardrottning Reykjavíkur. Fanney er 19 ára Kópavogsmær og er að klára Verzlunarskóla Íslands. Eftir stúdentinn ætlar hún að taka eins árs pásu frá námi til að ferðast en hún stefnir á viðskiptafræði í framtíðinni í bland við ferðamálafræði. Aðspurð segir Fanney að kvöldið hafi verið afar skemmtilegt en auk þess að hreppa fyrsta sætið var Fanney valin Aquolina-stelpan.

„Þetta var svo skemmtilegt að ég vildi að kvöldið myndi aldrei enda. Þegar búið var að tilkynna annað og þriðja sætið bjóst ég við að heyra eitthvert annað nafn því ég trúði ekki að ég myndi sigra,“ segir Fanney Lára en bætir við að núna stefni hún að sjálfsögðu á fyrsta sætið í stóru keppninni sem verður haldin 25. maí.

Fanney Lára segist ekki hafa þurft að breyta mikið um lífsstíl í undirbúningi sínum fyrir keppnina. „Að vísu þurfti ég að byrja að hreyfa mig meira en ég hafði lítið gert af því áður. Núna veit ég hvað það er gott og ætla hiklaust að halda því áfram.“

Fanney Lára er á föstu með Daníel Frey Daníelssyni sem er námsmaður í Japan. Kærastinn var ekki á landinu þegar keppnin var haldin en hringdi strax í hana eftir krýninguna. „Hann sá úrslitin á netinu og hringdi strax og sagðist óska þess að hafa komið. Ég var í svo miklu spennufalli að ég gat varla talað en hringdi í hann aftur um kvöldið þegar ég var komin heim,“ segir hún hlæjandi.

**indiana@frettabladid.is**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Brynhildur Skeggjadóttir**
Safamýri 48,

lést að morgni fimmtudagsins 12. apríl á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram frá Grensáskirkju, miðvikudaginn 18. apríl, kl. 15.00.

**Sigrún Benediktsdóttir** **Gísli Einarsson**
**Lilja Benediktsdóttir** **Sigurður Vilbergsson**
**Benedikt Benediktsson** **Þórný A. Kristjánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Systir mín,*

**Guðný Sigríður Þorsteinsdóttir**
frá Köldukinn í Holtum, Lindargötu 57,

lést á líknardeild Landakotsspítala miðvikudaginn 11. apríl.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

**Guðrún Svava Þorsteinsdóttir.**

# Roberti Rattan – Kyoto



Ítölsk hönnun.

Það er aðeins eitt rúm sem fær stimpilinn það besta, engin þörf á að stæra sig af óendanlegri, ólýsanlegri og ótrúlegri upplifun. Við segjum einfaldlega hver varan er, sýnum þér staðreyndir með myndum. Hér er ein sönnun, hver dæmi fyrir sig.










Höfum fengið mikið úrval hágæða teppasetta og púða frá hönnuðinum Mette Ditmar.



**Betra BAK**

| Reykjavík | Ísafirði | Akureyri |
|---|---|---|
| Faxafeni 5 | Skeiði 1 | Tryggvabraut 24 |
| Sími 588 8477 | Sími 456 4566 | Sími 462 1410 |

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

# Stöndum með París Hilton

**Auðunni Blöndal** finnst fátt skemmtilegra en diskókeila. **Ármann Jakobsson** veit ekki hvað diskókeila er. Auðunn drekkur einn lítra af gosi á dag. Ármann drekkur gos þrisvar á ári. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* dró svart-hvítt par á rökstóla.

Ólátabelgurinn Auðunn Blöndal segist vera alinn upp að miklu leyti hjá dómkirkjupresti. Hann er af Króknum, elskar íþróttir og viðurkennir að hafa þurft að googla Ármann Jakobsson áður en hann mætti í viðtalið. En var að vísu fljótur að kveikja þegar hann sá myndir af Ármanni í Gettu betur en Auðunn er mikill aðdáandi allra spurningakeppna. Ármann er hins vegar borgarbarn, alinn upp í Álfheimum og vill helst sverja af sér Gettu betur-tvíburastimpilinn.

*Að hvaða leyti haldið þið að það hafi mótað ykkur að vera utan af landi annars vegar og hins vegar úr úthverfi?*

**Auðunn:** Þegar ég ólst upp á Sauðárkróki stundaði ég mikið íþróttir, það var einfaldlega ekkert annað að gera. Nú bý ég í bænum, hef gert í sjö ár, en mér finnst ennþá jafngaman að fara í bíó og keilu, þetta er lúxus fyrir mér. Hefði ég verið að þessu síðan ég var 11 ára væri ég örugglega orðinn leiður. Ég er sérstaklega hress í diskókeilu á föstudagskvöldum.

**Ármann:** Ég ólst upp í einu af hinum þrjátíu úthverfum Reykjavíkur. Þau eru öll svipuð og Sauðárkrókur nema það er styttra í bæinn. Fólk sem býr í úthverfum er bara þar og sjálfur fór ég eiginlega aldrei niður í bæ. Ég held að það sem geri aðstæður okkar Auðuns ólíkar séu frekar aldursmunur en búseta í æsku. Tölvur voru til dæmis varla til þegar ég var lítill. Í Reykjavík voru þrjár tölvur og þær voru allar í bönkum og menn í hvítum sloppum sem umgengust þær.

**Auðunn**: Tölvur voru að vísu ekki heldur margar í minni æsku. Börn voru úti í fótbolta og í fallinni spýtu. Menn voru ekki að slíta hausinn af hver öðrum í einhverjum tölvuleik. Unglingar í dag fara ekkert í kyss-kyss-og-útaf heldur er slummast á webcam.

**Ármann**: Ég missti alveg af tölvuleikjunum. Ég horfi stundum á GameTíví og ég skil bara ekki neitt.

### Fyrirgefið, afsakið ...

*Að málefnum líðandi stundar. Bandarískur hagfræðiprófessor skrifaði pistil þar sem hann stakk upp á því að Bandaríkjamenn myndu frekar ráðast á Ísland í staðinn fyrir Íran. Af hverju haldið þið að þessi háðsádeila hafi vakið svona mikla athygli meðal Íslendinga?*

**Ármann:** Íslendingar eru oft svolítið uppteknir af því að Ísland skuli vera nefnt einhvers staðar í heiminum. Annars finnst mér að fólk mætti fá að segja sína skoðun meira án þess að þurfa sífellt að biðjast afsökunar á orðum sínum. Seinustu mánuði líður varla sá dagur að einhver heimti einhverja afsökunarbeiðni út af einhverju sem var sagt.

**Auðunn:** Gott dæmi um þetta er til dæmis Smáralindarbæklingurinn. En ég þekki þetta. Við erum oft skammaðir í þættinum. Einhverjir misskilja grínið og vilja afsökunarbeiðni. Og sum efni er viðkvæmara að nefna en önnur. Og það má segja að oft séu hlutirnir litaðir svartir án tilefnis. Fólki er oft ætlað það versta.

**Ármann:** Ég held að það sé ekki gott, að fólk geti ekki leyft sér að láta ýmislegt flakka. Oft eru þetta réttlætanlegar athugasemdir, en samt sem áður – er ekki lífið mjög leiðinlegt ef enginn má segja neitt?

*En málfarskvartanir, Auðunn? Er enginn sem fettir fingur út í tungutak ykkar? Og hvað finnst þér, Ármann, um málfar fjölmiðlamanna?*

**Auðunn:** Það er mikið af krökkum og unglingum sem horfa á þáttinn og því reynir maður að vera til fyrirmyndar en ég fékk einu sinni tölvupóst frá Davíð Þór Jónssyni þar hann sagðist vera svo ánægður með að ég segði alltaf „Ég hlakka til“. Svo spurði hann mig hvort ég gæti þá ekki líka farið að segja „Hann hlakkar til“ og „hún hlakkar til“. Mér fannst gott að fá þessa ábendingu og ég æfði mig,

**Á RÖKSTÓLUM**

mér var sko alls ekki sama.

**Ármann:** Málfarið í 70 mínútum stuðaði mig aldrei. Aftur á móti er málfarið í Kastljósinu ekki upp á það besta og mér finnst það kannski aðalmálið að málfar sé fjölbreytt. Ég hef svolitlar áhyggjur af Ríkissjónvarpinu, til dæmis í Kastljósinu. Mér finnst mikilvægt að málfar sé fjölbreytt og Ríkissjónvarpið þarf að vera með öðruvísi málfar en 70 mínútur. Ég slekk á Kastljósinu um leið og ég heyri fyrstu amböguna, það er oft snemma.

**Auðunn:** Djöfull er ég að fíla þig, maður. Þú horfir á 70 mínútur og Kastljósið stuðar þig.

**Ármann:** 70 mínútur voru það sem þær voru og voru ekkert að þykjast vera neitt annað. Kastljósið á að vera allt í senn og þá er stundum hætta á að málfarið sígi niður úr ríkissjónvarpsstaðlinum. Fólk á Íslandi hefur áhuga á málfari og það er það skemmtilega, að þetta er rætt. Persónulega leiðist mér þessi eilífðarnotkun á nafnhætti. Allar setningar byrja á „Við erum að horfa á ...“ og svo framvegis, í staðinn fyrir að persónubeygja sagnirnar. Ég þoli það ekki, sérstaklega hjá ráðherrum og fyrirfólki.

**Auðunn:** Ég er frekar líbó hvað þessi mál snertir en í þættinum reyndum við oftast að passa okkur. Það var kannski helst að við værum gagnrýndir fyrir slettur. Pabbi Sveppa er íslenskufræðingur þannig að við gerðum í því að tala eins og við „áttum“ að gera.

**Ármann:** Það var mjög fyndið hvernig þið tókuð ykkur til og pössuðuð sletturnar.

### Lestu þetta Björgólfur

*Enn og aftur skýtur upp kollinum umræðan um ríkidæmi Íslendinga og nú er það sjálfur Björgólfur Thor, ríkasti Íslendingurinn, en afmælisveisla hans er sögð hafa kostað yfir 200 milljónir. Hvað hafið þið um það að segja?*



**DOKTORINN OG SKEMMTIKRAFTURINN** Ármann Jakobsson og Auðunn Blöndal hafa ólíkar hugmyndir um hvernig góð afmælisveisla skal vera.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Auðunn:** Að fá 50 Cent að spila er auðvitað eitursvalt. Björgólfur er orðinn fertugur og aðalskemmtikrafturinn er 50 Cent – ekkert skallapopp. Ef hann hefur efni á þessu þá er það líka bara allt í lagi. Þegar ég var 16 ára var ég með pulsur í afmælinu mínu og nú nokkrum árum síðar á ég aðeins meiri pening og býð kannski upp á pitsur og frían bjór. Gaurinn er bara snillingur og hann á allt gott skilið að mínu mati, ég vona bara að Björgólfur lesi þetta því þá getur hann kannski splæst á mig drykk næst þegar við hittumst. Jafnvel keypt skemmtikrafta í afmælisveisluna. Ég drekk ógeðsdrykk og svo kemur 50 Cent og tekur lagið.

**Ármann:** Ég fer strax að hugsa um minnimáttarkenndina á Íslandi. Að fá 50 Cent er eins konar yfirlýsing um hvað við erum stór og getum allt.

**Auðunn:** En væri ekki það sama uppi á teningnum ef Björgólfur væri danskur eða sænskur – er þetta eitthvað séríslenskt?

**Ármann:** Íslensk afmælisveisla með heimsfrægum skemmtikrafti hlýtur samt að koma því rækilega á framfæri að nú sé Ísland orðið stórt. Íslendingum finnst tilhugsunin um að enginn viti hvað Ísland sé mjög erfið. Og þetta er hluti af aldagamalli baráttu þjóðarinnar að koma því á framfæri að Ísland sé víst merkilegt. Þegar ég var að alast upp var ekkert alvöru ríkt fólk til á landinu, núna er það til, og auðvitað breytir það samfélaginu og bilið milli þeirra ríku og fátæku eykst sífellt. En auðvitað hafa flestir líka orið ríkari. Ég er ríkari núna en ég átti von á.

**Auðunn:** Ég er líka ríkari í dag en ég var þegar ég var 17 ára og tók Hyundai á 100 prósent láni. Það er í raun furða að ég eigi einhvern pening eftir þá reynslu.

### Coke ZERO stuðar ekki

*Jafnréttismálin hafa náð nýjum hæðum undanfarið í umræðunni og nú virðist vera að einhverjir ætli að kæra auglýsingar Coke Zero? Hafið þið smakkað drykkinn og hvað finnst ykkur um slagorð eins og Af hverju ekki kærustur án ZERO ... við þurfum að tala saman? Eru jafnréttismálin í góðum farvegi?*

> **Ármann:** Málfarið í 70 mínútum stuðaði mig aldrei. Aftur á móti er málfarið í Kastljósinu ekki upp á það besta.

**Auðunn:** Ég er pepsí max-maður sjálfur en ég mun örugglega smakka drykkinn. Ég drekk svona þrjá lítra af gosi á dag. Mér persónulega er alveg sama um þessi slagorð, ég fer ekki svona rosalega djúpt inn í hlutina, þetta er bara grín.

**Ármann:** Ég drekk gos kannski þrisvar á ári. Ég er örugglega ekki markhópurinn fyrir þessa auglýsingu og hún hefur ekki stuðað mig neitt sérstaklega en að vísu er mjög fátt sem stuðar mig. Á hinn bóginn er talsvert um kvenfyrirlitningu í samfélaginu og það er sjálfsagt að bregðast við því. Ég veit ekki hvort kæra sé endilega besta leiðin til þess. Ég held að jafnréttismálin gangi vel ef fólk hugsar mikið um þau. Ójafnvægi myndast ef fólk gleymir að hugleiða hlutina. Jafnréttismálin eru eilífðarmál, það verður aldrei fullkomið jafnvægi og það er að mörgu leyti gott – að fólk haldi þessum málefnaflokki sífellt opnum með lifandi umræðu.

**Auðunn:** Mér finnst þetta mjög gott svar og ég vil gjarnan að þú skrifir í sviga að við höfum sagt þetta sem Ármann sagði – báðir tveir í kór.

### Hver er Ásdís Rán?

*Að lokum. Slúðurblaðamennska. Hvað finnst ykkur um þá tegund blaðamennsku?*

**Auðunn:** Ef ég mæti á einhvern viðburð þá er auðvitað allt í lagi þótt smellt sé af manni mynd, hvort fólk hafi svo áhuga á að sjá það er svo annað mál. En ég hef hins vegar ekkert gaman af því að sjá Ásdísi Rán og vinkonur hennar sitja á Caruso að panta sér pitsu og vera að flippa en þannig er bara slúðurblaðamennska á Íslandi í dag því það gerist svo fátt. Þetta er lítið land og ég held það myndi duga að gefa út mánaðarblað en ekki vikublað hvað þessi efni varðar.

**Ármann:** Ég les þessi blöð ekki en systir mín hefur lent í svona blaði. Var á forsíðunni eins og hún væri í viðtali en í raun var ekkert viðtal í blaðinu. Og það er dæmigert fyrir þessi blöð af þessari tegund, hér heima og í öllum hinum löndunum, að það er látið eins og það sé eitthvað inni í blaðinu sem er það svo ekki.

**Auðunn:** Já, það er alltaf lélegt. En maður er ekkert á móti þeim.

**Ármann:** Auðvitað hlaut þetta að koma til Íslands. En ég veit ekki hver Ásdís Rán er. Fjölnir Þorgeirs? Jú, ég man eftir Fjölni Þorgeirs. Hann er af minni kynslóð. Annars finnst mér fólk oft óþarflega vont við fólk sem er frægt án þess að hafa afrekað neitt. Eins og París Hilton, hvað hefur hún gert okkur? Verst hún á ekki bróður sem heitir Amsterdam.

**Auðunn:** Já, það gæti verið skemmtileg fjölskylda. Í rauninni held ég að það sé skárra að vera París Hilton, gerandi eitthvað af sér, heldur en Íslendingur tuðandi hér heima yfir því – sjálfur fullur allar helgar. ■



# Hjólaðu út í vorið

JAMIS BICYCLES

***Það er hvergi slegið af gæðunum í Jamis barnahjólum***
*Öll hönnunin miðar að því að öryggi barnanna okkar sé sem mest. Stellin eru t.d. sérstaflega lág við sætið til að auðvelda barninu að ná tökum á hjólinu. Og svo spillir ekki fyrir hvað hjólin eru flott.*



**Jamis Lady Bug**
12”, 2-5 ára
Verð **12.990** kr.



**Jamis Hot Rod**
12”, 2-5 ára
Verð **12.990** kr.



**Jamis Laser 1.6**
16”, 3-6 ára
Verð **14.990** kr.



**Jamis Miss Daisy**
16”, 3-6 ára
Verð **14.990** kr.

ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 37112 04/07



**Jamis Laser 2.0**
20”, 5-9 ára álstell, fótbremsa
Verð **16.990** kr.



**Jamis Capri 2.0**
20”, 6-9 ára, álstell, 6 gíra
Verð **19.990** kr.



**Jamis Fester 2.0**
20”, 6-9 ára, álstell, 6 gíra
Verð **22.990** kr.



**Jamis Capri 2.4**
24”, 7-12 ára, álstell, 7 gíra
Verð **22.990** kr.

# Rollerblade barnaskautar

ROLLERBLADE

***Útilíf er með línuskautana fyrir alla fjölskylduna!***
*Rollerblade er eitt þekktasta merki heims í línuskautum, þar gengur þú að gæðunum vísum á góðu verði.*



**Rollerblade Micro TFS**
*Stækkanlegir barnaskautar*
*Einfalt og töff reimakerfi*
*Rammi: Trefjaplast*
*Hjól: 72 mm/80A*
*Legur: ABEC 3*
*Stærðir: 29-34, 34-37 og 36-40*
Verð **9.990** kr.



**Hlífasett fylgir**

**Rollerblade Micro Combo**
*Stækkanlegir barnaskautar*
*Rammi: Trefjaplast*
*Hjól: 72 mm/80A*
*Legur: ABEC 3*
*Ein stærð: 29-34*
Verð **9.990** kr.

**Mikið úrval af hjálmum og hlífum**
Barnahjálmar frá **2.490** kr.
Fullorðinshjálmar frá **2.990** kr.
Barnahlífasett (Hné-, olnboga- og úlnliðshlífar) frá **1.490** kr.
Fullorðinshlífasett (Hné-, olnboga- og úlnliðshlífar) frá **1.990** kr.



SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

**ÚTILÍF**

## KOSNINGAR 2007

Utanríkisþjónusta Íslands er dýr í rekstri. Ríkisendurskoðun hefur gert alvarlegar athugasemdir við að ítrekað hafi verið farið fram úr fjárheimildum og krafðist nýlega aðgerða til þessa að sporna við framúrkeyrslunni. Utanríkismál og stefna flokkanna í þeim málaflokki er eitt þeirra mála sem kosið verður um í vor. Í fjórðu kosningagreininni af átta skoðuðu blaðamennirnir ***Magnús Halldórsson*** og ***Þórður Snær Júlíusson*** umsvif íslensku utanríkisþjónustunnar, stefnur flokkanna og margþætt áhrif íslenskrar utanríkistefnu. Hver eru viðhorf flokkanna til aðildar að Evrópusambandinu? Hvaða sendiráð er dýrast í rekstri? Leitast var við að skýra málin og setja þau fram á einfaldan hátt.



### Framsóknarflokkur

Horfir til Evrópusambandsaðildar með opnum hug og telur mikilvægt að styrkja sambandið við Evrópu enn frekar. Flokkurinn telur ótímabært að svo stöddu að beita sér fyrir aðild vegna þessara aðstæðna sem nú eru fyrir hendi. Flokkurinn vill efla þróunaraðstoð og styrkja, en um leið hagræða í íslensku utanríkisþjónustunni.

### Sjálfstæðisflokkur

Vill halda áfram að byggja á góðri reynslu EES-samningsins en útilokar Evrópusambandsaðild að svo stöddu. Vill auka framlög til þróunaraðstoðar og halda áfram að byggja á áratugalöngu samstarfi við Bandaríkjamenn í varnarmálum. Sérstaklega leggur flokkurinn áherslu á standa vörð um samkeppnisstöðu íslensks efnahagslífs á alþjóðavettvangi.

### Frjálslyndi flokkurinn

Útilokar ekki Evrópusambandsaðild en telur hana alls ekki koma til greina að svo stöddu. Sérstaklega á þeirri forsendu að íslenskur sjávarútvegur gæti skaðast varanlega. Flokkurinn vill efla starf við Norðurlöndin, auka þróunaraðstoð og efla eftirlit með því að framlög í þróunaraðstoð skili sér til réttra aðila.

### Íslandshreyfingin

Vill nota næsta kjörtímabil til að gera úttekt á kostum og göllum Evrópusambandsaðildar. Þá vill hún láta taka Ísland af lista hinna viljugu þjóða, draga úr kostnaði við utanríkisþjónustuna með því að fækka sendiráðum og auka fjárframlög til þróunaraðstoðar. Í aðgerðaráætlun hreyfingarinnar segir ennfremur að hún vilji móta heildarstefnu í utanríkismálum með ný markmið í huga.

### Samfylkingin

Vill efla samstarf við Evrópu og skoða aðild að Evrópusambandinu í fullri alvöru. Einkum og sér í lagi til þess að efla lífsskilyrði fólks í landinu, svo sem matarverð og lánakjör. Vilja draga úr styrkjum til sendiráða, en efla starf innan alþjóðastofnana. Vilja ítreka andstöðu við Íraksstríðið. Opna markaði fyrir þróunarlönd til þess að efla efnahag þeirra ríkja.

### Vinstrihreyfingin - grænt framboð

Hafnar hugmyndum um Evrópusambandsaðild alfarið. Á þeirri forsendu helstri að aðildin útilokar með öllu gerð millilríkjasamninga, líkt og unnið er að við Kína um þessar mundir. Þá vill flokkurinn að Ísland standa ávallt utan hernaðarbandalaga, og hverfi úr NATO. Styðja framþróun íslensks atvinnulífs á alþjóðavettvangi.

# EES og útþanin utanríkisþjónusta

Stærstu utanríkismálin hjá stjórnmálaflokkunum í komandi kosningum virðast annars vegar vera Evrópumál og hins vegar hvert umfang utanríkisþjónustunnar eigi raunverulega að vera. Hér að neðan verður samband Íslands við Evrópusambandið (ESB) í gegnum samninginn um Evrópska efnahagssvæðið skoðað auk þess sem farið verður yfir vöxt og umfang sendiráða og skyldra kostnaðarliða.

### Kostnaður aukist um 83 prósent

Íslenska utanríkisþjónustan rekur alls sautján sendiráð, fjórar fastanefndir gagnvart alþjóðastofnunum auk tveggja sendiræðisskrifstofa. Auk þess starfa sex sendiherrar á vegum utanríkisráðuneytisins hér á landi.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2007 er kostnaður ríkissjóðs vegna þessa reksturs alls 1.773 milljónir króna. Þegar núverandi stjórnarflokkar tóku við árið 1995 var sá kostnaður 625 milljónir, eða um 970 milljónir á núvirði. Kostnaðurinn hefur því aukist um tæplega 83 prósent frá því að núverandi stjórnarmeirihluti tók við árið 1995, en bæði Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur hafa farið með utanríkisráðuneytið á þeim tíma.

Dýrust í rekstri er fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York sem kostar landann 134 milljónir króna á þessu ári. Átta manns starfa hjá henni sem þýðir að kostnaður vegna hvers starfsmanns er tæplega sautján milljónir króna.

Alls starfa 147 manns hjá sendiráðum, fastanefndum og sendiræðisskrifstofum erlendis auk hinna sex sendiherra sem staðsettir eru hér á landi. Flestir þessara starfsmanna starfa hjá sendiráðinu í Brussel og Evrópusambandinu (sameiginlegt sendiráð), eða 21 alls. Auk hinna föstu starfsmanna eru fjórir starfsnemar í jafnmörgum sendiráðum erlendis. Þá eru nánast öll sendiráð með bílstjóra á sínum snærum.

### 565.357 kr. plús staðaruppbót

Grunnlaun sendiherranna, hvort sem þeir starfa hérlendis eða á erlendri grundu, eru nú 565.357 krónur. Þeir sem eru staðsettir á Íslandi fá auk þess greiddar sérstakar einingar samkvæmt ákvörðun kjararáðs, en einingarfjöldinn ræðst af verksviði og verkefnum hvers sendiherra.

Erlendis fá sendiherrarnir greiddar sérstaka staðaruppbót, sem er kostnaðargreiðsla vegna búsetu erlendis. Ekki fékkst uppgefið hver hún væri að öðru leyti en að upphæð hennar væri „ákveðin með hliðsjón af alþjóðlegum verðsvæðaútreikningum og verðlagsþróun í hverju ríki“. Þó má ætla að staðaruppbótin hækki heildarlaun sendiherranna töluvert.

### EES er rammi samskiptanna

Allir flokkarnir koma inn á samband Íslands við Evrópusambandið (ESB) í stefnuskrám sínum þótt nálgun þeirra sé æði misjöfn. Það samband er í dag rammað inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) sem gekk í gildi 1. janúar 1994. Í grófum dráttum snýst samningurinn um að hið svokallaða fjórfrelsi (frjálst flæði vöru, þjónustu, fólks og fjármagns) hefur verið framlengt til þriggja ríkja utan ESB: Íslands, Noregs og Liecthenstein. Ríkin þrjú fá því frjálsan og tolllausan aðgang að innri markaði ESB á öllum sviðum utan landbúnaðar, náttúruauðlinda og „annarra mála er varða þjóðarhag aðildarríkja samningsins“.

Í staðinn skuldbinda ríkin sig til þess að innleiða allar þær reglur, reglugerðir og staðla sem ESB ákveður og snerta fleti EES-samningsins án þess að þau fái að koma að mótun þeirra eða ákvörðunartökuferli. Þetta þýðir á mannamáli að um 80 prósent allrar ESB-löggjafar verður að lögum á Íslandi án þess að við höfum nokkuð um það að segja. Þær framkvæmdir og reglugerðir eru yfir fjögur þúsund frá því að samningurinn gekk í gildi.

Þessi skortur á aðkomu að ákvörðunarferlinu hefur oft á tíðum verið kallaður lýðræðishalli, enda er verið að innleiða löggjöf hjá sjálfstæðu ríki sem ákveðin er hjá alþjóðastofnun sem ríkið er ekki aðili að. Öllum ætti því að vera ljóst hversu gífurlega víðtæk áhrif EES-samningurinn hefur haft á íslenskt samfélag á síðastliðnum þrettán árum.

### Samningur með kosti og galla

Samningurinn er Íslendingum gífurlega mikilvægur. Árið 2005 fór um 60 prósent alls útflutnings frá Íslandi til aðildarríkja ESB og það hlutfall hækkar upp í um 66 prósent ef Noregur og Liecthenstein eru tekin með í dæmið. Þá er um 58 prósent alls innflutnings til Íslands frá ESB-löndum og sú tala hækkar í 70 prósent ef hinum löndum EES-samningsins er bætt inn.

En það eru fleiri gallar á gjöf Njarðar en hinn svokallaði lýðræðishalli. Aðgengið að innri markaðinum er nokkuð kostnaðarsamt líka. Ísland, Noregur og Liecthenstein hafa nefnilega alltaf greitt ákveðnar fjárhæðir í hinn svokallaða þróunarsjóð ESB sem er hluti af EES-samningnum.

### KOSTNAÐUR VIÐ REKSTUR SENDIRÁÐA ÍSLANDS

**Kostnaður Íslands við sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiræðisskrifstofur á árunum 2005-2007 í milljónum króna.**

| | 2005* | 2006** | 2007** | starfsm.-fjöldi |
|---|---|---|---|---|
| Sendiráð í Berlín | 77,0 | 60,5 | 71,4 | 8 |
| Sendiráð í Kaupmannahöfn | 78,5 | 79,7 | 95,6 | 8 |
| Sendiráð í London | 94,7 | 84,7 | 101,5 | 8 |
| Sendiráð í Moskvu | 66,8 | 72,1 | 85,1 | 8 |
| Sendiráð í Ósló | 54,8 | 53,5 | 63,2 | 4 |
| Sendiráð og fastanefnd í París | 100,1 | 96,4 | 113,8 | 8 |
| Sendiráð í Stokkhólmi | 47,3 | 43,5 | 51,4 | 6 |
| Sendiráð í Washington | 79,1 | 74,5 | 88,0 | 8 |
| Fastanefnd í New York | 108,0 | 113,5 | 134,0 | 8 |
| Aðalræðismaður í New York | 41,9 | 27,2 | 32,1 | 3 |
| Sendiráð í Brussel og hjá ESB | 114,5 | 113,0 | 133,4 | 21 |
| Fastanefnd hjá NATO | 83,3 | 79,7 | 100,2 | 8 |
| Fastanefnd hjá alþjóðast. og EFTA í Genf | 83,1 | 74,4 | 87,9 | 7 |
| Sendiráð í Vínarborg og fastan. hjá ÖSE | 48,6 | 49,2 | 58,1 | 5 |
| Sendiráð í Peking | 59,8 | 63,5 | 75,0 | 10 |
| Sendiráð í Ottawa | 45,2 | 35,2 | 41,6 | 4 |
| Sendiráð í Tókýó | 56,2 | 56,4 | 66,6 | 6 |
| Sendiráð í Helsinki | 41,9 | 40,0 | 47,2 | 5 |
| Fastanefnd hjá Evrópuráðinu | 29,3 | 35,6 | 42,0 | 2 |
| Sendiráð í Pretoríu | 23,7 | 25,5 | 30,1 | 4 |
| Aðalræðismaður í Winnipeg | 21,4 | 24,5 | 28,9 | 2 |
| Sendiráð í Róm | 10,3 | 21,4 | 25,3 | 2 |
| Sendiráð í Nýju-Delí | 6,6 | 58,8 | 69,4 | 6 |
| Sendiráð annað | 209,9 | 11,2 | 131,3 | |
| **Samtals** | **1.582** | **1.494** | **1.773,4** | **147** |
| Aukning frá fjárlögum 2006 | | | 18,7% | |
| Aukning frá ríkisreikningi 2005 | | | 12,1% | |

* Skv. Ríkisreikningi

** Skv. Fjárlögum

### Norðmenn greiða 95 prósent

Í aðdraganda þess að tíu ný ríki gengu inn í ESB 1. maí 2005 þurftu ríkin að semja á ný um aukin framlög til þróunarsjóðsins.

Eftir langvarandi samningsviðræður varð niðurstaðan sú að ríkin greiddu 600 milljónir evra (um 53,4 milljarðar á núvirði) á fimm ára fresti í sjóðinn sem yrði skipt upp milli Spánar, Portúgals, Grikklands og nýju aðildarríkjanna tíu. Norðmenn greiða 95 prósent þessarar upphæðar en Íslendingar um fimm prósent. Auk þess greiða Norðmenn svipaða upphæð aukalega til frekari þróunar innan sambandsins. Kostnaður ríkjanna þriggja við EES-samninginn er því rúmlega 100 milljarðar á fimm ára fresti, eða um 20 milljarðar á ári.

### Mikilvægi Norðmanna

Kostnaður Íslands vegna EES-samningsins er samkvæmt þessum tölum rúmur milljarður á ári. Sú upphæð sem Norðmenn greiða undirstrikar að mörgu leyti hversu mikilvægt það er fyrir Íslendinga, og líftíma EES-samningsins, að missa Norðmenn ekki út úr samningnum. Það yrði Íslendingum og Liectensteinum líklega afar erfitt að halda honum á lífi án þeirra.

Stefna Baráttusamtakanna í utanríkismálum liggur ekki fyrir og því er hún ekki tekin með í þessari umfjöllun.



**GTI Á AFMÆLI**
Í tilefni af 30 ára afmæli GTI er nú sérstök afmælisútgáfa fáanleg. Blaðamaður reynsluók bílnum.
BÍLAR 2

**MENNINGIN Í PÉTURSBORG**
Pétur Óli Pétursson hefur leitt margan Íslendinginn um menningarheim Pétursborgar.
FERÐIR 3



allt



## ALLT HITT

**[BÍLAR FERÐIR HEIMILI]**

**Nýr** Mitsubishi Outlander, sjö manna aldrifinn jepplingur, verður frumsýndur um helgina hjá Heklu. Fyrst um sinn verður hann fáanlegur með 2,0 lítra 140 hestafla dísilvél.



**Nürburgring-kappaksturinn** fer fram 20. júlí. Isafold Travel stendur fyrir stuttri og hnitmiðaðri hópferð á keppnina, frá fimmtudegi fram til sunnudagskvölds. Nánari upplýsingar er að finna á www.isafoldtravel.is

**Partý-búðin** er með það sem til þarf fyrir veisluna. Hvort sem um ræðir barnaafmæli, innflutningspartí, eða bara matarboð, má finna skraut og ýmsa smámuni til að lífga upp á stemninguna.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 14. apríl, 104. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.01 | 13.28 | 20.57 |
| Akureyri | 5.39 | 13.13 | 20.49 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

# Líkamsrækt og skáldskapur undir stýri



Óttar M. Norðfjörð fór langleiðina upp á Snæfellsjökul á Polo-bíl mömmu sinnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

***Óttar M. Norðfjörð rithöfundur er mikill Polo-maður. Ásamt Polo-namminu og Polo-íþróttinni er blái Wolkswagen Polo-bíllinn í mestu uppáhaldi.***

„Mamma keypti bílinn nýjan árið 2002. Hún notar hann mjög lítið svo ég er nánast alltaf á honum," segir Óttar M. Norðfjörð rithöfundur.

Poloinn er mest uppi í Grafarvogi með Óttari þar sem hann leggur lokahönd á teiknimyndasöguna Jón Ásgeir og afmælisveislan.

„Sagan fjallar um Jón Ásgeir Jóhannesson sem býður Davíð Oddssyni í afmælið sitt í Perluna. Þar reynir Jón Ásgeir að útkljá Baugsmálið í eitt skipti fyrir öll á ansi farsakenndan hátt," segir Óttar hlæjandi.

Hann segir bílinn koma að góðum notum þegar hann leitar að nýjum hugmyndum þrátt fyrir að hann skrifi ekki undir stýri.

„Ég rúnta gjarnan í Vesturbænum og út á Granda til að skoða mannlíf og fá innblástur. Utanbæjar er Suðurlandið í mestu uppáhaldi," segir Óttar. Hann hefur margsinnis farið í ferðalög með Polo og segir bílinn virkilega hafa komið á óvart.

„Þegar ég og kærastan mín förum hringinn förum við að Snæfellsjökli. Bíllinn fór langleiðina upp á jökulinn þar sem aðeins jeppar fara. Ég var dauðhræddur um að brjóta öxul á leiðinni niður en þetta fór allt vel. Síðan þá hef ég borið miklar tilfinningar til bílsins," segir Óttar brosandi.

Þrátt fyrir fjallaferðir er Óttar ekkert hrifin af jeppum og finnst Poloinn bera af öðrum bílum. „Jeppar eru oft svo léttir og þess vegna meiri hætta á að missa sig út í vitleysu í umferðinni. Poloinn er þyngri og þess vegna líka ágætis líkamsrækt að keyra hann," segir Óttar.

*rh@frettabladid.is*



**Nýr Mercedes-Benz** C-class verður frumsýndur um helgina hjá Heklu. Bíllinn kemur í tveimur grunnútfærslum og er fjöldi véla í boði.



Omega
The Ultimate Lubricant
Enginn veit hvað gæði eru fyrr en reynt hefur Omega smurefnin!
Hamraberg ehf
Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ
S: 5667450
e-mail: magnusmv@simnet.is

allt tíska
Alla fimmtudaga

Alternatorar – Startarar

Í Vinnuvélar, Fólksbíla, Vörubíla, Jarðýtur, Dráttarvélar, Bátavélar o.fl.
Á lager-Hraðpantanir. Viðgerðir.
Yfir 40 ára reynsla og þekking
Valeo truma Umboðið
Einnig: Truma Gasmiðstöðvar
BÍLARAF
Auðbrekku 20,
Sími 564 0400



REYNSLUAKSTUR

Afmælisútgáfa GTI er meðal annars með svörtum felgum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**Golf GTI**

**Vél:** 2.0 lítra bensín
230 hö / 300 Nm
**Þyngd:** 1.376 kg
**Meðaleyðsla:** 7,9 l/100 km
**Verð:** 4.090.000 kr

**Plús:**
Gríðarlega kraftmikill
Frábærir akstursegiginleikar
**Mínus:**
Erfitt að skila honum
eftir reynsluakstur

# Til hamingju með afmælið

***Saga Volkswagen Golf GTI spannar nú 30 ár. Af því tilefni hefur bíllinn fengið 30 hestöfl í afmælisgjöf.***

Lengi getur gott batnað. Volkswagen hefur sent frá sér sérstaka afmælisútgáfu af Golf GTI sem fengið hefur smá andlitslyftingu og sterasprautu.

Það sem aðgreinir afmælisútgáfuna frá venjulegum GTI er sætisáklæðið, en það er orðið að vel heppnuðum kokkteil af leðri og taui, smáatriði í innréttingu, þar sem búið er að koma rauða afmælislitnum fyrir á ýmsum stöðum auk burstaðs stáls, og ýmis mismikilvæg atriði eins og samlituðu spoilerkitt og sérstakar svartar felgur.

Stærsti munurinn á afmælisbarninu og venjulegum GTI er að það hefur fengið eitt hestafl að gjöf fyrir hvert afmælisár. Hann er því orðinn 230 hestöfl.

Golf GTI er frábær akstursbíll, vel útlítandi og með frábæra sjálfskiptingu. Afmælisútgáfan er það líka. Það er hins vegar ekki hægt að segja að hún sé betri. Hvort velja ætti hana eða venjulegan GTI er einungis smekksatriði varðandi útlitið. Hestöflin 30 skipta litlu máli upp á aksturseiginleikana, því þótt gaman sé að hafa rúmlega 200 hestöfl undir húddinu er í raun lítil ástæða til að velja heldur 230 hestöfl í stað 200.

Golf GTI er frábær bíll í flesta staði. Afmælisútgáfan er skemmtileg viðbót við Golf-flóruna, sérstaklega fyrir gallharða GTI-áhugamenn. *tryggvi@frettabladid.is*



Afmælisblandan af klassísku GTI-áklæði og leðri kemur vel út.


Þarftu stærri bíl?
Hjá Lýsingu bjóðum við þér hentuga lausn til þess að eignast draumabílinn.
Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.
Bílasamningur // Bílalán // Einkaleiga
LÝSING
LYSING.IS // 540 1500

Vinnuvélaeigendur!
Veljið réttu dekkin undir vélarnar
GALAXY
Þrautreynd vinnuvéladekk um allan heim
GÆÐI Á GÓÐU VERÐI!
Iðnaðarmynstur fyrir Traktorsgröfur og Skotbómulyftara
Afturdekk - felgustærðir 24 - 28 tommur.
Framdekk - felgustærðir 18 og 20 tommur

Flestar stærðir til á lager!
GALAXY Fyrir flestar gerðir vinnuvéla
Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrum 2, Akureyri - Sími 588 2600 - www.velaver.is
VÉLAVER

LOKADAGUR Í DAG
50% AUKAAFSLÁTTUR
AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU
PUMA · SPEEDO · TICKET 2 HEAVEN · SKUNK FUNK · MUSTANG · SANETTA · NEED


OPIÐ Í DAG
KL. 12–16
SPORT OUTLET
Vínlandsleið 2-4 · 113 Reykjavík

**Ferðasýningin 2007** verður haldin í Fífunni í Kópavogi dagana 20. til 22. apríl. Verða sýningarnar Golf 2007 og sumarið 2007 samhliða.


## Gönguferðir í Skotlandi

Býð upp á 4 - 7 daga gönguferðir fyrir hressar konur á öllum aldri um hina frægu West Highland Way.

*Gengið er með fram hinu rómaða Loch Lomond vatni og upp í hálöndin. Tilvalin ferð fyrir vinkonur, mæðgur, vinnu og gönguhópa.*

**Allar nánari upplýsingar eru að finna á vefsíðunni minni www.skotganga.co.uk og hjá Ingu fararstjóra í síma 897-8841.**







## Nýjar flugleiðir kynntar í Danmörku

ICELAND EXPRESS BÆTIR VIÐ BEINU FLUGI MILLI KAUPMANNAHAFNAR OG AKUREYRAR OG EGILSSTAÐA Í SUMAR.

Nýlega kynntu Ferðamálastofa og Iceland Express nýjar flugleiðir sem hefjast í sumar. Kynningin fór fram í Kaupmannahöfn og vakti mikla lukku hjá dönsku og sænsku ferðaþjónustunni og þarlendum fjölmiðlum.

Flogið verður beint á milli Kaupmannahafnar og Akureyrar og Egilsstaða. Auk þess verður beint flug milli Keflavíkur og Kaupmannahafnar sem endranær.

Frá Akureyri verður flogið á mánudögum og miðvikudögum og frá Egilsstöðum verður flogið á þriðjudögum og föstudögum.

Að sögn Ársæls Harðarsonar, forstöðumanns Ferðamálastofu, er markmiðið að bjóða góða viðbót við framboðið frá Norðurlöndunum. Sérstaklega fyrir ferðamenn sem vilja hefja för eða enda utan Reykjavíkur. *- rh*



Iceland Express býður beinar ferðir til Kaupmannahafnar í sumar frá Akureyri og Egilsstöðum.



Blóðkirkjan í Pétursborg ber vott um einstakan og sérkennilegan arkitektúr í Rússlandi. MYND/HUGRÚN HANNESDÓTTIR



Pétri Óla Péturssyni líkaði dvölin í Pétursborg það vel að hann ílengdist. Nú tekur hann á móti Íslendingum og sýnir þeim land og þjóð. MYND/HUGRÚN HANNESDÓTTIR

# Menningin í Pétursborg

***Pétur Óli Pétursson hefur búið í Pétursborg í Rússlandi í tíu ár. Hann hefur leitt margan Íslendinginn um menningarheima borgarinnar og segir sífellt fleiri landa sækja hana heim.***

Upphaflega flutti Pétur Óli Pétursson leiðsögumaður til Pétursborgar í Rússlandi til að starfa fyrir vestrænt fyrirtæki. Honum líkaði dvölin vel og býr þar enn tíu árum síðar.

„Ég byrjaði sem leiðsögumaður fyrir tilviljun stuttu eftir að ég flutti til borgarinnar. Í fyrstu voru þetta vinir og kunningjar sem komu, en síðan hefur þetta undið upp á sig og er mitt aðalstarf,“ segir Pétur.

Hann tekur á móti fjölda hópa ár hvert sem koma á eigin vegum og í gegnum skipulagðar ferðir. Til dæmis með Icelandair og Bændaferðum.

„Þetta er mikið af kórum og öðru listelsku fólki sem hefur áhuga á menningunni.

Hér er mikil hefð fyrir sígildri tónlist og mörg falleg óperu- og leikhús. Það er af miklu að taka,“ segir Pétur.

Borgin er sú fjórða stærsta í Evrópu og er að sögn Péturs aðalmenningarborg Rússlands. Meðal þess sem Pétur býður upp á er saga borgarinnar og Rómanovættarinnar. Skoðunarferð að Vetrarhöllinni og Hermites-safninu frá tímum Katrínar miklu og ferð á fornar víkingaslóðir.

Leiðsögnin er sniðin að óskum og dvalarlengd hópanna sem flestir koma á vorin eða haustin.

„Þetta er kannski ekki borgin fyrir fólk í verslunarferð eða þá sem vilja fara á strönd. Þess vegna er ágætt að koma meðan veðrið er milt því sumrin geta verið mjög heit og veturnir kaldir,“ segir Pétur.

Ferðaþjónustan er í miklum blóma í Rússlandi og Pétur segir borgina mjög örugga fyrir ferðamenn. „Ferðamenn þurfa að sjálfsögðu að fara varlega eins og í öllum stórborgum, en við höfum aldrei lent í neinum óþægindum og hér eru Íslendingar alltaf mjög vel liðnir,“ segir Pétur.

Áhugasamir geta haft samband við Pétur Óla Pétursson með tölvupósti. peturo@online.ru

*rh@frettabladid.is*



Ferðaþjónustan í Rússlandi blómstrar og Rússar taka einkar vel á móti Íslendingum að sögn Péturs. MYND/HUGRÚN HANNESDÓTTIR





Nú býður Terra Nova til frábærrar sumarveislu til perlu Svartahafsins, Golden Sands í Búlgaríu. Þú fær hvergi meira frí fyrir peninginn en í ferð til Golden Sands og nú bjóðum við frábær tilboð á nokkrum vinsælum gististöðum í maí og júlí. Staðurinn ber svo sannarlega nafn með rentu því ströndin er ein sú allra besta í Evrópu, 4 km. löng og allt að 100 metra breið með gullnum sandi, hlýjum og tærum sjó.

**Ótrúlegt verðlag!**

**Í verslun**

| | |
|---|---|
| Vatn 1,5 l. | 40 kr. |
| Bjór 0,5 l. | 50 kr. |
| Léttvínsflaska | 300 kr. |
| Kjúklingur 1 kg. | 320 kr. |
| Gos 1,5 l. | 75 kr. |
| Vodkaflaska (innlend) | 370 kr. |

**Á veitingastað**

| | |
|---|---|
| Aðalréttur | 600 kr. |
| Bjór | 150 kr. |
| Vínflaska | 440 kr. |
| Pizza | 400 kr. |

**Annað**

| | |
|---|---|
| Bananabátur | 300 kr. |
| Sjóskíði | 1.100 kr. |
| Teygjustökk | 750 kr. |
| Hjólaleiga (dagur) | 550 kr. |




**Frá kr. 29.990***
Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum, fargjald A. Takmarkaður sætafjöldi í boði á þessu fargjaldi.

**Gott hótel *****
**Frá kr. 39.990**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði á Hotel Perla í viku, 21. maí.

**Frá kr. 49.990 – 2 vikur**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði á Hotel Perla í 2 vikur, 21. maí.

**Frábærar íbúðir ******
**Frá kr. 49.495**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð á Paradise Park í viku, 9., 16., 23. eða 30. júlí.

**Gott hótel ***+ m/allt innifalið**
**Frá kr. 54.990**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með allt innifalið á Hotel Madara í viku, 21. maí.

**Frá kr. 69.990**
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með allt innifalið á Hotel Madara í viku, 9., 16., 23. eða 30. júlí.

**Glæsilegur aðbúnaður í fríinu**




**Endalausir möguleikar á afþreyingu**
- Sjóstangveiði
- Hjól og mótorhjól
- Mini-golf, strandblak
- Vatnagarðurinn Aquapolis
- Teygjustökk
- Köfun, kajakar
- Keila, tennis
- Sjóskíði, seglbretti

- Veisla í mat og drykk
- Frábært næturlíf
- Gott að versla
- Spennandi kynnisferðir
- Ótrúlegt verðlag
- o.fl., o.fl.

**Bókaðu núna! www.terranova.is**

Færð þú MasterCard ferðaávísun?

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík · Sími: 591 9000 · www.terranova.is
Akureyri sími: 461 1099 · Hafnarfjörður sími: 510 9500

Terra Nova PRIMERA GROUP






Ferðafélag Íslands
www.fi.is s. 568-2533

**Gagnvirkur vefur** með öllum helstu upplýsingum um öryggi heimilisins hefur verið tekinn í notkun. Um er að ræða samstarfsverkefni IKEA og Sjóvá og er slóðin www.forvarnahusid.is.








## Meindýr og meindýravarnir

GUÐMUNDUR ÓLI SCHEVING SKRIFAR

### Sitkalús (Elatobium abietinum) og sitkabarrlús (Neomyzaphis abietina)

Sitkalús er af víðilúsarætt og er önnur af tveimur tegundum hér á landi sem lifir á greni. Hin lúsin er grenisprotalús. Talið er að hún hafi borist hingað til lands í kringum 1960 frá Evrópu.

Sitkalúsin er græn með rauð augu og er 1,5-1,8 mm að lengd. Hér á landi hafa eingöngu fundist kvendýr þannig að um svo kallaða meyfæðingu er að ræða. Sitkalúsin fæðir lifandi afkvæmi og eignast hver lús um 15 afkvæmi á ævinni.

Sitkalúsin veldur miklum skaða í grenitrjám, sérstaklega á sitkagreni og blágreni, en þessar amerísku grenitegundir hafa ekki náð að aðlagast lúsinni og verða því ansi hart úti þegar lúsafaraldur geisar. Eini möguleikinn til að drepa lúsina er að úða skordýralyfi á trén að hausti eða eftir árferði í febrúar og mars. Skordýralyf sem notað er, og hefur reynst vel, myndar vaxkennda filmu á sprotana og fælir lúsina frá.

Til þess að lúsin drepist af sjálfsdáðum þarf að gera verulegt frost, allt að 15 stigum, um tíma eða frost og vindkælingu en þá frostspringa egg lúsarinnar. Hún leggst ekki í dvala yfir veturinn og skemmir trén meðan frostlaust er.



**Varnaðarorð**

Þegar fólk þarf að fá til sín meindýraeyði eða garðúðara þá skal alltaf óska eftir að fá að sjá starfsskírteini útgefið af Umhverfisstofnun og eiturefnaleyfi gefið út af lögreglustjóra/sýslumanni og það mikilvægasta er að viðkomandi hafi starfsleyfi frá viðkomandi sveitarfélagi. Ein og sér hafa starfsréttindi meindýraeyða og garðúðara ekkert gildi. Athugaðu hvort öll skírteini séu í gildi. Félagar í Félagi meindýraeyða eru með félagsskírteini á sér, í ár eru skírteinin gul. Fáðu alltaf nótu vegna viðskiptanna.

Réttindi meindýraeyða og garðúðara frá erlendum ríkjum og félagasamtökum gilda ekki á Íslandi.

Lesendum Fréttablaðsins er velkomið að að senda fyrirspurn á netfangið: gudmunduroli@simnet.is

**Heimildir:**

Upplýsingar og fróðleikur um meindýr og varnir 2004, Guðmundur Óli Scheving.
Meindýr í húsum og gróðri 1944, Geir Gígja.

**Ég vil þakka lesendum Fréttablaðsins fyrir frábærar móttökur á þessum pistlaskrifum mínum, en ekki munu verða fleiri pistlar frá mér að sinni.**






# hús&heimili

LAUGARDAGUR 14. APRÍL 2007

**SÝNING**

## Húsgagnaarkitekt Íslands

**HÖNNUN**

## Leikmyndin í Legi

**GARÐURINN**

## Garðhola fyrir grænmetið



FRÉTTABLAÐIÐ

SPURÐU FASTEIGNASALANN...
VELFAC ...HVORT ÞAÐ SÉU VELFAC GLUGGAR Í DRAUMAÍBÚÐINNI
Því það skiptir máli.
10 ÁRA ÁBYRGÐ
formaco
Formaco • Fossaleynir 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 2050 • Fax: 577 2055 • www.formaco.is

## hönnun



● **ÞESSI SKEMMTILEGU LOFTLJÓS** eru frá danska fyrirtækinu Louis Poulsen Lighting, sem hefur verið framsækið á sviði lampa- og ljósahönnunar síðan hönnuðurinn Poul Henningsen gekk til liðs við það árið 1924. Henningsen hannaði marga skemmtilega lampa þegar hann starfaði hjá fyrirtækinu, þar á meðal PH (þriggja skerma) lampann sem er nánast orðinn að goðsögn og er mjög eftirsóttur enn í dag. Framangreind loftljós veita ágætis innsýn í þá hágæða hönnunarvöru sem Louis Poulsen Lighting hefur sent frá sér í gegnum tíðina. Þeir ganga undir nafninu Flower Pot og eru meðal annars þekktir fyrir að hafa verið notaðir í innanhússhönnun annars og ekki síður athyglisverðs dansks hönnuðar, að nafni Verners Pantons. Þeir sómdu sér vel í hönnun Pantons, sem er þekktur fyrir að hafa skapað litrík, framtíðarleg og síðast en ekki síst svolítið geggjuð húsakynni.



● **GAMALT OG GOTT** Leitið ekki langt yfir skammt. Gamlir og skemmtilegir munir úr fortíðinni sóma sem vel sem skraut í hillum og gluggasyllum. Gamli sparibaukurinn eða upphálds Barbiedúkkan eru ekki síðra hilluskraut en nýjustu hönnunarmunirnir. Einn dagur í geymslunnir þar sem rótað er í kössum getur skilað af sér ýmsum gersemum, eins og þessum stórskostlega sparibauk frá gamal Útvegsbankanum.

● **Útgáfufélag:** 365 - prentmiðlar, Skaftahlíð 25, 105 Reykjavík, sími: 550-5000 **Ritstjórar:** Kristín Eva Þórhallsdóttir kristineva@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Anna Elínborg Gunnarsdóttir, 550-5806, aeg@365.is **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is. **Forsíðumynd:** Nordic Photos/Getty Images.

# Komdu og skoðaðu í körfuna mína

● Körfur eru til margra hluta nytsamlegar. Þær setja svip á heimilið og eiga vel við í öllum herbergjum, allt frá baðherbergi til stofu og svefnherbergja. Svo er ótvíræður kostur að í þeim má geyma alla þá smáhluti sem alls staðar og hvergi eiga heima.

**1. Stór blaðakarfa með góðu haldi.** Það er lítið mál að safna stórum blaðabunkum í þessa körfu sem getur reyndar nýst undir margt annað eins og viskustykki eða dúka. Fæst í Húsgagnahöllinni á 4.980 kr.

**2. Viðarbox úr Húsgagnahöllinni.** Lokið er mjúkt og fast á boxinu. Það má rúlla lokinu upp. 990 krónur.

**3. Bastkarfa með höldum.** Höldurnar gera þessa körfu mjög hentuga þar sem auðvelt er að bera hana á milli staða. Hún er vel stór og fóðruð að innan svo í henni er hægt að geyma hluti sem ekki mega við miklu hnjaski. Bo Concept, 2.900 kr.

**4. Fléttuð með loki.** Þessi passar vel í hillur og rúmar vel. Hún fæst í Unika á 1.890 kr.

**5. Stór og opin karfa.** Hentar vel fyrir dagblöðin. Ketang karfa frá Habitat á 4.200 kr.




Sendibílar til leigu
CARGO sendibílaleiga
566 5030
www.cargobilar.is


Krefst ekki meiraprófs réttinda

# Mjúka deildin



## Full búð af nýjum, glæsilegum sængurverum, teppasettum og skrautpúðum!







**Fyrsta sinnar tegundar!**

**TempraKON®**
**hitajöfnunarsængin**

- Hitajöfnun 37°C
- Hannað af NASA
- 600 gr af 100% hreinum hvítum gæsadún
- Asthma- og ofnæmisprófað
- Hægt að þvo á 60°








Höfum fengið mikið úrval hágæða teppasetta og púða frá hönnuðinum Mette Ditmar.




Hágæða sængurföt frá Elegante

**Betra BAK**

| Reykjavík | Ísafirði | Akureyri |
|---|---|---|
| Faxafeni 5 | Skeiði 1 | Tryggvabraut 24 |
| Sími 588 8477 | Sími 456 4566 | Sími 462 1410 |

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16


GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236
BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Ný sending af sængurfatnaði
Ný mynstur og nýjar gerðir
Fatabúðin
Skólavörðustíg 21
Sími 551 4050 • Reykjavík

Gluggar & hurðir
Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá REHAU
Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum.
Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla
Sparaðu tíma • leitaðu tilboða
netfang: gluggar@vortex.is

Ekkert viðhald
Kjarnagluggar
Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi
sími 564 4714 • Fax 564 4713
www.kjarnagluggar.is


pgv
GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...
- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND- OG VATNSÞÉTTING

PGV ehf. sérhæfir sig í smíði glugga, hurða, sólstofa og svalalokanna úr PVC-u

Öllum framleiðsluvörum PGV fylgir 10 ára ábyrgð

Gluggarnir eru viðhaldsfríir og á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds

PGV ehf. | Bæjarhrauni 6 | 220 Hafnafjörður | Sími: 564 6080 | Fax: 564 6081 | www.pgv.is


# Garðhola fyrir grænmetið

Auður Ottesen er kona með græna fingur og meðal þess sem hún hefur yndi af að rækta eru matjurtir. „Það er líka svo gaman að borða eigið grænmeti og maður ímyndar sér að það sé miklu hollara en það sem keypt er í búðinni," segir hún brosandi. „Margir halda að það þurfi stórt garðpláss fyrir grænmetisrækt en það er mesti misskilningur. Smá hola nægir til dæmis alveg fyrir nokkrar salatplöntur því ný blöð spretta jafnóðum í stað þeirra sem tekin eru í matinn."

Auður gerir margt fleira með sínum fingrum en að róta í mold. Eins og margir vita reka hún og maður hennar Páll Pétursson fyrirtækið Sumarhúsið og garðurinn sem auk þess að vera öflugt útgáfufyrirtæki hefur undanfarin ár staðið að stórum vörusýningum í byrjun sumars og keppnum í sambandi við hana. Ein slík sýning er á döfinni um næstu helgi í Fífunni í Kópavogi í samfloti með ferðaþjónustunni og golfurum, Sumar 2007.

Það var því með herkjum að hægt væri að kyrrsetja Auði núna til að fá við hana viðtal um handbók sem hún er að leggja lokahönd á. Sú bók er í ritröðinni Við ræktum og fjallar einmitt um matjurtarækt. Auður kveðst hafa fræðst heilmikið sjálf við gerð þessarar bókar svo auðvitað var hún beðin um hollráð og leiðbeiningar.

„Eitt af því sem ég komst að er hversu mismunandi grænmetið er að efnainnihaldi. Það er gaman að spá í lækningamátt hverrar tegundar og hvernig þær vinna saman. Allt kemur það fram í bókinni. Þar er ekki bara um ræktunarleiðbeiningar að ræða heldur líka alls konar fróðleik um innihald og virkni."

Hvað ber okkur þá helst að rækta í eigin garði? „Ég mæli með brokkáli númer eitt. Í því eru svo góð efni sem verja okkur fyrir sjúkdómum, jafnvel krabbameini. Það er líka mjög auðvelt í ræktun og ekki þarf margar plöntur handa meðalfjölskyldu því knúbbarnir þjóta upp á meðan fólk sefur. Stjáni blái gerði spínatið víðfrægt og það er vissulega ríkt af járni og vítamínunum A og C. Grænkálið er það líka og hentar vel íslenskum aðstæðum því það þolir svo vel haustkuldann. Svo er klettasalatið mikið tískukál og auðvelt í ræktun. Blaðsalat er ekki ýkja bætiefnaríkt en fallegt og gerir allan mat lystugan á diskinum."

Auður kveðst forsá flestum tegundum grænmetisins nema gulrótum og hreðkum sem hún sái beint út í beð í maí.

En nú er ekki vert að tefja hana lengur. Hún var að vinna fram á nótt og kom snemma. Nóg að gera við að dreifa nýju hefti af Sumarhúsinu og garðinum og Gróandanum, skipuleggja Sumarið 2007 og koma matjurtabókinni í prentun. „Þetta er allt spennandi en seigt og útheimtir mikla vinnu," segir hún að lokum.

*gun@frettabladid.is*


**Auður hefur komið sér upp vermireit við heimilið með góðum tegundum grænmetis og krydds.**


**Það þarf ekki stóran blett fyrir salatið.**


**Hlúð að pattaralegri plöntu.**

# PHILIPS

## LCD BREIÐTJALDSTÆKI - FRÁBÆR TILBOÐ







**Philips 37PF5321**
37" LCD HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, 1.200:1 skerpu, ljósskynjara og Active Control sem minnkar glampa, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, PC tengingu í gegnum HDMI, textavarpi og fjarstýringu. Passar fyrir VESA 800x400 veggfestingar (fylgir ekki).

**TILBOÐ**
**149.995**
FULLT VERÐ **199.995**

HD ready

**Philips 42PF5421**
42" LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, HD Ready, 800:1skerpu, ljósskynjara og Active Control, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi og textavarpi.

**TILBOÐ**
**199.995**
FULLT VERÐ **249.995**

HD ready

## PIXEL PLUS

**TRYGGIR FRAMÚRSKARANDI MYNDGÆÐI**







PIXEL PLUS 2 HD

HD ready

FULL HD
1920x1080

ambi light 2

**Philips 37PF7331**
37" LCD HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Pixel Plus myndtækni,Digital Noise Reduction og Progressive Scan, HD Ready, 2.400:1 skerpu, Active Control, 2 x 30w Nicam stereó hljóðkerfi með Dolby Virtual Surround, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, textavarpi, fjarstýringu og borðstandi.

**TILBOÐ**
**164.995**
FULLT VERÐ **229.995**

PIXEL PLUS

HD ready

**Philips 42PF9641D**
42" LCD Full HD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1920x1080 punkta upplausn, Pixel Plus 2 HD myndtækni, Ambilight 2 bakljósi, Digital Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 4.000:1 skerpu, Active Control og ljósskynjara, innbyggðum digital DVB-T móttakara, 2x30w Nicam Stereó hljóðkerfi með wOOx bassa, 2 Scart, 2 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, USB tengi, Audio inn/út, PC tenging gegnum HDMI (styður XGA), textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ**
**369.995**
FULLT VERÐ **469.995**

**PHILIPS**
**LCD** ALLAR STÆRÐIR

PIXEL PLUS
PIXEL PLUS MYNDTÆKNI
EYKUR LÍNUFJÖLDA OG SKERPU

**Heimilistæki**
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT
www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SÆTÚNI 8<br>SÍMI 569 1500 | GLERÁRGÖTU 36<br>460 3380 | GARÐARSBRAUT 18A<br>464 1600 | EYRARVEGI 21<br>480 3700 |

HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR - www.ht.is - HEILDAR VÖRULISTI - www.ht.is - YFIR 1000 VÖRUR

# Húsgagna-arkitekt Íslands

● Hjalti Geir Kristjánsson húsgagnahönnuður sýnir stóla í Galleríi 101.



Hjalti Geir Kristjánsson: „Fólk hefur það orðið betra og getur hugsað meira um hluti eins og hvað það borðar, hvernig fötum það klæðist og hvernig híbýlum það býr í. Fólk hefur líka meiri fjárráð og þannig er almenningur farinn að leita meira til hönnuða til að njóta góðs af reynslu þeirra og þekkingu og það finnst mér góðs viti."

Áhugi Íslendinga á hönnun hefur farið stórvaxandi undanfarin ár en þó höfum við átt okkar hönnuði um margra áratuga skeið. Meðal þeirra er Hjalti Geir Kristjánsson, sem með sanni má kalla einn af frumkvöðlunum á sviði íslenskrar húsgagnahönnunar.

### REYKJAVÍK, ZÜRICH, STOKKHÓLMUR OG NEW YORK

Hjalti Geir, sem fæddist árið 1926, vissi það frá fyrstu tíð að fyrir honum lægi að starfa við fyrirtæki föður síns, Húsgagnaverslun og vinnustofu Kristjáns Siggeirssonar. Að loknu Verslunarskólaprófi komst hann þó að því, að til að fá að starfa við fagið þurfti hann einnig að ljúka prófi frá Iðnskólanum.

„Ég nam húsgagnasmíði við Iðnskólann í fjögur ár og tók sveinspróf árið 1948. Þegar líða tók að námslokum fór það að krauma í mér að halda í hönnunarnám og úr varð að árið 1950 lauk ég tveggja ára námi frá Kunstgewerbeschule der Stadt Zürich. Í framhaldi af því fór ég til Stokkhólms þar sem ég hélt áfram að læra en starfaði jafnframt á teiknistofu hjá Nordíska Kompaníinu þar sem ég fékk mjög góðar undirstöður fyrir það sem koma skyldi," segir Hjalti Geir sem þó var ekki alveg búinn að ljúka námi sínu eftir Svíþjóðarferðina.

„Ég vissi að eftir að maður væri kominn heim þá væri ekki svo auðvelt að taka sig upp og fara aftur út, svo að vorið 1951 datt mér í hug að fara til Ameríku. Ég skrifaði Kólumbíuháskóla bréf og fékk inni á kúrs um framleiðslustýringu, lét fólkið mitt vita að ég kæmi ekki fyrr en um áramót og tók svo skip til New York."

### GÓÐ TÍMASETNING

Hjalti sneri aftur til Íslands á tilsettum tíma með mikið af hugmyndum og teikningum í farteskinu, þá búinn að vera á fjórða ár erlendis án þess að koma heim. Eitt af hans fyrstu verkum við heimkomuna var að setja upp teiknistofu á verkstæði föður síns. Fljótlega tók við undirbúningur fyrir stóra iðnsýningu sem haldin var haustið 1952, í tilefni af því að tvöhundruð ár voru liðin frá Innréttingum Skúla Magnússonar.

„Benni Hemm Hemm spilaði á opnuninni og við fáum kannski einhverjar íslenskar hljómsveitir inn í sumar. Svo erum við að spá í að fá Vesturport til að setja upp Hamskiptin hjá okkur næsta vor. Þetta verður allt að meika fjárhagslegan sens því við erum sjálfstæðir. Það er rosahörð samkeppni frá ríkisreknum leikhúsum, alveg eins og á Íslandi.“

*Hvernig finnst þér svo að búa í Berlín?*

„Berlín er dásamleg borg með marga jákvæða punkta. Það er mikill vöxtur og uppbygging þarna og sköpunargleði. Mikið frumkvæði og rosamikill kúltúr. Það er líka minna stress þarna en í stórborgum yfirleitt og meira að segja miklu minna stress en hér. Það er ótrúlegt hvað er hægt að tjúna stressið upp í jafn lítilli borg og Reykjavík. Í Berlín finnurðu allt sem þig langar til að finna, músík, klúbba eða mat – það er allt þarna og meira að segja Knútur í dýragarðinum!“

*Fannst þér kominn tími til að yfirgefa Ísland?*

„Ævintýrin heilla og það er aldeilis ævintýri að vera staddur í miðpunkti menningarlífs Evrópu. En ekki það að ég hafi ákveðið að tími væri kominn til að fara í burtu. Eitt leiddi bara af öðru eins og gengur.“

> Maður þroskast upp úr töffaraskapnum, þótt maður vilji nú alltaf líta á sig sem töffara. Hvað svo sem það annars þýðir.

**Með vindinn í hárinu**

*En nú ertu hér og að fara að spila á tónleikum með ... ja, er það Síðan skein sól eða SSSól?*

„Síðan skein sól höfum við notað til að minna á að við ætlum að rifja upp ferilinn á þessum tónleikum.“

*Þið hafið aldrei hætt?*

„Nei nei, við höfum að lágmarki spilað eitt til tvö gigg á hverju ári þótt það hafi kannski ekki farið hátt.“

*En þið hafið nú ekki gefið mikið út síðasta áratuginn eða svo?*

„Blóð var síðasta breiðskífan og hún kom 1994 og við höfum ekki gefið út nýtt lag síðan 2002. En þarna á milli – 1994 og 2002 – gáfum við út heil 18 safnplötulög sem er næstum því tvær breiðskífur. En samt, ef lítið á of löngum tíma, finnst mér.“

*Er þá ekki pælingin að gera nýja plötu?*

„Jú, það er búið að standa til í sex ár. Við erum búnir að taka upp demó og það er til hellingur af lögum, en það er bara aldrei tími til að hrinda þessu í framkvæmd.“

*Er langt síðan bandið var fúll tæm djobb?*

„Það hefur ekki verið það síðan 1996. Þá fóru menn að leita sér að salti í grautinn annars staðar. Við vorum búnir að keyra svakalega stíft í heil sjö ár, spila allan ársins hring oft í viku og aldrei frí nema þrjár vikur eftir áramót og tvær eftir verslunarmannahelgi. Þarna um áramótin 95/96 var ég orðinn útkeyrður á þessu og vildi fara að gera eitthvað annað. Þá opnaði ég og fór að reka Astro og bandið fór að spila færri en stærri gigg.“

*Er ekki söknuður af rokkkeyrslunni?*

„Það er gaman að horfa til baka. Ég viðurkenni að það var mjög skemmtilegt að vera með sólgleraugun og vindinn í hárinu af því að maður var að sörfa á þakinu á rútunni. Það var smá útlagafílingur í þessu. En hvort maður sé að sækjast eftir þessu í dag ... ég veit það nú ekki.“

*Það er enginn Keith Richards í þér?*

„Nei, ég held ekki. Maður þroskast upp úr töffaraskapnum, þótt maður vilji nú alltaf líta á sig sem töffara. Hvað svo sem það annars þýðir.“

*Er þetta fyrirsögnin á viðtalinu: „Hef þroskast upp úr töffaraskapnum“?*

„Neeeiiii! Það er svo leim!“

**Gott að vera með ö-i**

*En nú ætlið þið að spila í Borgarleikhúsinu á miðvikudaginn, síðasta vetrardag. Tvennir tónleikar sama kvöldið og þegar orðið uppselt á annað giggið. Hvað fáum við að heyra?*

„Við ætlum að gera þetta dálítið akkústískt og verðum með aukamenn með okkur. Í upphafi ferilsins gerðum við dálítið af þessu og fórum það sem við kölluðum kassatúr um landið. Þetta var áður en þetta komst í tísku með MTV unplugged og því dóti. Þarna eru ákveðnar rætur hjá okkur sem við ákváðum að snúa til í staðinn fyrir að sækja sinfóníuna eða guðspjallakór. Við verðum með gömul lög sem lítið hafa heyrst en hittarana líka þótt þeir komist ekki allir að.“

*Og svo ert þú bara floginn til Berlínar og engin Síðan skein sól meira í bili?*

„Einmitt, en næsta plata er alltaf í pípunum. Ætli ég reyni ekki bara að draga strákana út til Berlínar í Hansa stúdíóið.“

*Það má kannski segja að þú sért orðinn hálfgerður skrifstofukarl í Berlín. Saknarðu þess ekki að vera að leika og syngja?*

„Jú mikil ósköp, en ég hef fengið útrás í kvikmyndaleik á Íslandi. Maður fær aðeins að danglast með. Svo var ég reyndar að taka upp plötu með þýsku bigbandi um daginn, einmitt í Hansastúdíóinu. Þetta eru gamlir standardar, Cole Porter, Frankie og svona, og það er áhugi í Þýskalandi að gefa þetta út.“

*Nú, hvað segirðu?! Og þarftu þá ekki að taka upp þýskt listamannanafn?*

„Nei, Helgi Björns bara. Þeir eru náttúrlega með ö-ið. Það er ekkert slæmt að vera með ö-i í Þýskalandi. En svo er auðvitað ákveðin listræn útrás sem maður fær í rekstrinum á leikhúsinu. Að búa til ný verkefni og þróa nýjar hugmyndir með leikstjórum og framleiðendum. Eftir alla uppbygginguna er þetta núna komið í það form sem ég sá fyrir mér þegar ég ákvað að demba mér út í þetta verkefni. Þetta er allt saman rosalega spennandi.“ ■

**➜ Helgi Björns ... fyllir í eyðurnar**

**Ef ég væri einvaldur heimsins myndi ég byrja á að** ... (Ef ég væri Guð, ég mundi gefa þér), gefa öllum alla daga og allar nætur skuldlausar.

**Ekkert breytti lífi mínu jafn mikið og** ... er fjölskyldan flutti til Ítalíu 1996.

**Það skrítnasta sem ég hef smakkað er tvímælalaust** ... sítróna.

**Ef ég ætti tímavél myndi ég stilla hana á** ... 22. nóvember 1963 í Dallas við hliðina á morðingja Kennedys.

**Ef ég væri síamstvíburi vildi ég að** ... Pétur mikli Rússakeisari væri fastur við mig.

**Ef ég hitti George W. Bush myndi ég** ... ekki nenna að tala við hann.

**Fallegasti staður í heimi er** ... í huganum.

**Þegar ég dey** ... þá flýg ég um himininn í hvítum kyrtli, frábært!



40″
Playstation 3
Leikjavél og Blu-Ray spilari
Fullt verð: 69.950,-
299.950,-
PS3 fylgir með
SONY
KDL40S2000
Editor's Choice
-What Home Cinema
PS3 FYLGIR
SONY BRAVIA VERÐLAUNA VEGGSJÓNVÖRPUM
46″
499.950,-
PS3 fylgir með
Full HD
1080
Playstation 3
Leikjavél og Blu-Ray spilari
Fullt verð: 69.950,-
SONY
KDL46W2000
Besta LCD tæki ársins
-What HIFI
Playstation 3
Leikjavél og Blu-Ray spilari
Fullt verð: 69.950,-
46″
399.950,-
PS3 fylgir með
SONY
KDL46V2000
Best buy
-What Video & Widescreen tv
5 stjörnur
- What HIFI
32″
399.950,-
PS3 fylgir með
Playstation 3
Leikjavél og Blu-Ray spilari
Fullt verð: 69.950,-
SONY
TAVL1 – ESPRIT 1
Smart tæki með véldrifinni framhlið.
Heimabíó með DVD spilara innbyggt.
Frábær hönnun og hljómur.
Sony Center Kringlunni
www.sonycenter.is sími: 588 7669

# SÍÐUSTU DAGAR BORÐSTOFUVEISLUNNAR



**50% AFSLÁTTUR**

**BARBETTE** hátt borðstofuborð,eik L:120 B:120 H:92 cm

* 3.900 á mán/12 mán | 39.980 áður: 79.980

**ANDREW** counterstóll, fæst í brúnu og svörtu leðri
**40% afsláttur** kr. **7.980** áður: ~~13.980.~~

**Annað á mynd:**
Wokpanna kr. **6.980** kryddkvarnir gler kr. **2.490** stk.
kryddkvarnir beiki kr. **5.880** stk. myndir kr. **39.980** stk.



**20% AFSLÁTTUR**

* 3.900 á mán/12 mán | 39.980 áður: 49.980

**BOJANNA** eldhúsborð, fæst í króm/hnotu
og króm/hvítu, 100x170/270 cm. Stækkanir fylgja.

**WEB** borðstofustóll, fæst í svörtu, brúnu og hvítu leðri
kr. **8.980** áður ~~13.980~~



**30% AFSLÁTTUR**



**Hægt að leggja borðið saman. Tekur lítið pláss.**

**SKOVBY** borðstofuborð
B:40 L:109/178,5 H:80 cm, fæst í eik.

* 3.489 á mán/30 mán | 79.980 áður: 114.980



**25% AFSLÁTTUR**

**BECKY** barborð, króm/gler, þvermál 70 cm.
**ANDREW** barstóll, fæst
í brúnu og svörtu leðri,
kr. **9.980** áður: ~~15.980~~

* 2.859 á mán/6 mán | 14.980 áður: 19.980

MasterCard VISA * *Mánaðarleg meðaltals greiðsla á VÍSA eða MasterCard staðgreiðslulánum með breytilegum vöxtum og 3% stimpil og lántökugjaldi*

HÚSGAGNAHÖLLIN

# RÝMUM

## TIL Á TILBOÐSPALLINUM

# 50-70%

## AFSLÁTTUR

Bjóðum 50-70% afslátt af sýningareintökum og lítið útlitsgölluðum vörum:

**SÓFAR, SÓFABORÐ, DÝNUR, RÚM, BORÐSTOFUBORÐ, HILLUR OG MARGT FLEIRA**

Rýmum fyrir glæsilegum garðhúsgögnum og nýrri sumarvöru.

**AÐEINS ÞESSA HELGI!**

Bíldshöfða 20 • 110 Reykjavík • 585 7200 **OPIÐ:** Laugardag 11-18 • Sunnudaga 13-17

# Perestroika var nauðsynleg

Í þriðju grein sinni um heimsmálin segir Mikhaíl Gorbatsjov ekki hægt að byggja sósíalisma á öðru en lýðræði og ver tilraunir sínar til að koma kerfisumbótum í Sovétríkjunum á sínum tíma.

***Spurning: Telurðu ekki að þú hafir gert mistök með því að sundra austurblokk sósíalísku ríkjanna í staðinn fyrir að bæta úr vanköntum hennar og styrkja þar með kosti hennar? Gerðirðu ekki vonir milljóna manna að engu sem þurftu á öðrum valkostum að halda við þann veruleika sem þeir bjuggu við? Hugsanlega væri heimurinn þá ekki jafn einskauta?***

***- Aníbal Pérez Sorolla, Spáni.***

Svar: Þegar spurt er af einlægni þarf að svara af einlægni.

Óbeint er þessi spurning gagnrýni á perestroiku, kerfisumbæturnar, og allt sem við gerðum í landi okkar og um heim allan á þeim tíma. Ég er ósammála þeirri gagnrýni.

Ég hóf að hvetja til perestroiku á miðjum níunda áratugnum til þess að endurskipuleggja og endurbæta efnahagskerfi, stjórnkerfi og þjóðfélagskerfi Sovétríkjanna. Í Sovétríkjunum var stefnubreytingar af því tagi einkum og sér í lagi þörf af innri ástæðum. Í landinu ríkti kerfi sem Jósef Stalín byggði upp að grunni til. Skortur á lýðræði og frelsi hélt framtíð landsins í spennitreyju.

Þíða Nikita Krústsjovs eftir tuttugasta flokksþingið árið 1956 og efnahagsumbætur arftaka hans Alexei Kosygin, sem lagðar voru til árið 1965 og miðuðu að því að skapa hvata fyrir fólk til að sýna frumkvæði, voru tilraunir til að bregðast við þörfinni fyrir raunverulegar breytingar.

En báðar þessar tilraunir voru brotnar á bak aftur.

Ráðandi stétt Sovétríkjanna óttaðist nýjungar og steig á bremsurnar, kom í veg fyrir allar umbætur undir því yfirskini að verja þyrfti árangur sósíalismans.

### Blindgata Stalíns

Um miðjan níunda áratuginn var hins vegar orðið ljóst að ef áfram væri haldið að ýta sovésku samfélagi áfram eftir brautum Stalíns myndi það enda í blindgötu. Alls staðar gerðu menn sér grein fyrir því að „við getum ekki lengur lifað svona“.

Ég man eftir að hafa í mars árið 1985, daginn eftir að ég var kosinn aðalritari flokksins, talað við Andrei Gromyko, sem var utanríkisráðherra og sat í framkvæmdastjórn Kommúnistaflokksins. Ég spurði hvort hann teldi nauðsynlegt að hrinda af stað víðtækum breytingum í Sovétríkjunum. Hann svaraði því til að breytingum „væri ekki hægt að fresta lengur“ og að þær væru brýnar fyrir bæði sovéskt samfélag og austurblokkina alla.

Ég sagði honum að öll skildum við mæta vel hve erfitt þetta myndi verða. En við yrðum að láta til skarar skríða. Breytingar mættu ekki bíða. Gromyko sagðist vera algerlega sammála mér.

### Tregða kerfisins

Spyrjandi telur að við hefðum átt að verja og styrkja kosti sovétkerfisins og bæta úr ágöllum þess. Þetta er það sem við reyndum að gera í upphafi með því að leggja það til að framfarir í vísindum og tækni yrðu notaðar til þess að hraða þróun þjóðfélagsins.

En fyrstu tvö árin af perestroiku sýndu fram á að efnahags- og stjórnmálahjól Stalínkerfisins væru orðin svo stirð og ryðguð að umtalsverðar framfarir væru ekki mögulegar nema gera á þeim breytingar. Íhaldsöflin í innstu valdaklíkunni, flokknum og stjórnsýsluskrifræðinu töfðu fyrir umbótum og litu á perestroikuna sem tímabundið fyrirbæri sem líða myndi hjá. Þeir virtust hugsa sem svo: „Við lifðum af bæði Krústsjov og Kosygin og við munum lifa lengur en Gorbatsjov líka.“

Eina aflið sem gat brotið þessa mótspyrnu á bak aftur var alþýðan. Við urðum að gefa henni tækifæri til að taka þátt í breytingaferlinu. Þess vegna tókum við það róttæka skref að hrinda í framkvæmd allsherjar umbótum í stjórnmálum og koma á lýðræði alls staðar.

Í raun og veru var perestroika áætlun um félagslegt lýðræði.



**RÁÐAMENN SOVÉTRÍKJANNA ÁRIÐ 1988** Mikhaíl Gorbatsjov situr lengst til hægri, fyrir aftan ræðumann, í samræðum við Andrei Gromyko. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

### Valdarán í Moskvu

Okkur tókst ekki alveg að koma hugmyndum okkar í framkvæmd. Það var erfitt verk að gera umbætur á Sovétríkjunum, með sínu risavaxna hervædda hagkerfi og fjölþjóðlega íbúafjölda. Við gerðum mistök - stundum með því að vera of seinir til verka, stundum með því að reyna að hraða málum um of. Afdrifaríkt verðfall á olíu úr 25 dollurum á tunnu niður í 10 dollara á tunnu árið 1986 kom sér mjög illa fyrir efnahagsleg og félagsleg áform okkar með perestroikunni.

Í ágúst árið 1991 settu afturhaldssamir andstæðingar perestroiku á svið valdarán. Þeir sendu hermenn út á göturnar og settu mig í einangrun á Krímskaga. Þeir reyndu að færa hjól tímans aftur til þess sem var áður en perestroika kom til sögunnar. Þeir voru að flýta sér vegna þess að við fáum dögum síðar átti að undirrita nýjan samning um nýtt bandalag Sovétlýðveldanna.

### Áfall fyrir perestroiku

Þótt gömlu Sovétríkin hafi að nafninu til verið sambandsríki voru þau í raun og veru niðurnjörvað miðstjórnarríki. Nýi bandalagssamningurinn hefði veitt lýðveldunum tækifæri til þess að þróast í æ meiri mæli með sjálfstæðum hætti sem hluti af lýðræðislegu sambandsríki. Valddreifing var sú leið sem fara þurfti til að forðast upplausn, byggja á árangri fortíðarinnar og þróast áfram til framtíðar.

Valdaránið fór út um þúfur. Aðstandendur þess voru handteknir. Samt sem áður var það alvarlegt áfall fyrir perestroiku. Bandalagssamningurinn var aldrei undirritaður og grafið hafði verið undan trúverðugleika og áhrifavaldi bæði mínu og hinna nýju lýðræðisstofnana.

Þetta opnaði smugu fyrir annan hóp af andstæðingum perestroiku - róttæka gervilýðræðissinna undir forystu Boris Jeltsín Rússlandsforseta. Með því að eyðileggja bandalagið okkar steyptu þeir milljónum borgara þess í miklar þrengingar eftir að þeir voru skyndilega orðnir borgarar í mismunandi ríkjum.

> Þeir virtust hugsa sem svo: „Við lifðum af bæði Krústsjov og Kosygin og við munum lifa lengur en Gorbatsjov líka.“

Tímabil Jeltsíns var afneitun perestroiku, ekki áframhald hennar. Þetta tímabil leiddi af sér tvíþætta hnignun í framleiðslunni og olli djúpum klofningi í samfélaginu milli hinna fáu auðmanna og hinna fjölmörgu sem voru fátækir.

### Lærdómur 20. aldarinnar

Sá lærdómur sem við ættum að geta dregið af 20. öldinni er að fólk hefur hafnað bæði „sósíalisma“ Stalíns, sem var án lýðræðis, og einnig frelsinu og hinum „villta kapítalisma“ Jeltsínáranna. Samt sem áður hefur mikilvægasti afrakstur perestroiku - lýðræðislegt frelsi ásamt pólitísku og efnahagslegu fjölræði - varðveist. Í Rússlandi leita menn nú að leið Rússlands til samfélags frelsis og réttlætis.

Ekki má heldur gleyma því að það var perestroika sem opnaði leið til þess að ljúka Kalda stríðinu. Margar þjóðir fengu frelsi til að kjósa sér framtíð sína sjálfar. Hættuna á kjarnorkuhelför, sem hefði gert allt tal um aðra þróun samfélagsins marklausar, fólum við fortíðinni á vit.

Ég er sammála spyrjanda um að hafna heimi sem er einskauta. En ég finn ekki til neinnar eftirsjár gagnvart átakaheimi fortíðarinnar og enn síður eftir veröld sem skiptist í andstæðar óvinafylkingar. Ef við skoðum grannt þann heim sem blasir við okkur í dag þá sjáum við strax að hann er ekki - og getur ekki verið - einskauta. Tilraunir til að stofna ný heimsveldi hafa farið út um þúfur. Jafnvel Bandaríkin þurfa að viðurkenna, þótt þau séu treg til þess, að einhliða valdbeiting hefur ekki virkað.

### Framtíð perestroiku

Ég er sannfærður um að stjórnmálastefnur sem byggðar eru á þeirri nýju hugsun sem leiddi af sér endalok Kalda stríðsins munu á endanum bera sigur úr býtum. Bæði hægri íhaldsöflin og vinstri sósíalistar ættu að skoða hvaða lærdóm draga má af 20. öldinni. Hægrimenn munu á endanum átta sig á því að sú stefna sem eykur bilið milli ríkra og fátækra er uppskrift að þjóðfélagssprengingu sem hefur skelfilegar afleiðingar í för með sér, og viðvörunarljósin má nú þegar sjá blikka í ýmsum heimshlutum.

Hvað varðar vinstriöflin þurfa þau að læra að standast freistingar valdhrokans, sem dregur úr trúverðugleika sósíalískra hugmynda, og losa sig við þá blekkingu að ríkisvaldið sé almáttugt. Valkosturinn sem þau bjóða upp á verður að vera lýðræðislegur.

Ég vona að 21. öldin verði öld lýðræðislegrar keppni milli ólíkra leiða til að nálgast þróun þjóðfélagsins. Perestroika, sem stefndi að auknu frelsi, réttlæti og virðingarverðu lífi fyrir alla, var raunhæfur valkostur. Ég er sannfærður um að framtíðin mun staðfesta það.

## Gorbatsjov skrifar um heimsmálin

Þetta er þriðja grein um alþjóðastjórnmál eftir Mikhaíl Gorbatsjov, fyrrverandi leiðtoga Sovétríkjanna og friðarverðlaunahafa Nóbels, sem birtist í Fréttablaðinu í samvinnu við The New York Times Syndicate. Gorbatsjov hefur vegna reynslu sinnar óvenju góða yfirsýn yfir þá atburði sem móta heimsmálin. Gorbatsjov stýrir nú alþjóðlegum rannsóknarsjóði á sviði félags- og efnahagsmála og stjórnmála, The Gorbachev Foundation.




**MIKHAÍL GORBATSJOV** Kom til Íslands í haust þegar þess var minnst að tuttugu ár voru liðin frá leiðtogafundinum í Höfða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lesendur Fréttablaðsins hafa tækifæri til að senda spurningar til Gorbatsjovs sem hann mun svara í síðari greinum sínum hér í blaðinu. Spurningarnar sendist með tölvupósti á netfangið gorbatsjov@frettabladid.is merktar nafni sendanda og heimilisfangi. Spurningarnar mega vera hvort heldur sem er á ensku eða íslensku.


Everest og Veiðivon opna
nýja verslun í Kópavoginum !
Frábær opnunartilboð á útivistar- og veiðivörum. Opið alla helgina.
Dalvegi 18, Kópavogi. Opið : Laugardag 10-16 / Sunnudag 12-17
MAMMUT
Útivistarfatnaður
sage
Veiðivörur
TREZETA
Gönguskór
SIMMS
Veiðivörur
Vango
Tjöld viðlegubúnaður
Daiwa
Veiðivörur
CINTAMANI
Fatnaður
SCHWINN
Reiðhjól
MOUNTAIN HARD WEAR
Útivistarfatnaður
RD ROLLER DERBY
Línuskautar
Raichle
Gönguskór
Veiðivon
EVEREST
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN

# Að rækta garðinn sinn

Sú mýta hefur viljað loðað við íslenska listamenn að þeir fái innblástur til sinna fjölbreyttu og framúrskarandi verka úr frumkrafti íslenskrar náttúru þó að sumir þeirra hafi vart komið út fyrir Kjalarnesið árum saman. Nemendur í Listaháskóla Íslands ætla að snúa þessi goðsögn á haus, brjóta niður mörkin milli borgar og sveitar í sumar og skipuleggja „sjálfssprottnar“ listahátíðir í afskekktari bæjum úti á landi.




**UNDIRBÚNINGSHÓPUR DÍÓNÝSÍU** Hulda Rós Guðnadóttir, Páll Ragnar Pálsson, Sólbjörg Björnsdóttir, Guðmundur Hallgrímsson, Melkorka Helgadóttir, Arna Sigrún Haraldsdóttir og Friðrik Svanur Sigurðarson.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hver segir að það sé ekkert að gerast úti á landsbyggðinni? Í hugum listafólks er þar gósenland en eitt af aðalmarkmiðum verkefnisins Díónýsía er að efla tengsl við landsbyggðina og þá ekki aðeins hjá nemendum í Listaháskólanum heldur öllum þeim sem vilja taka þátt í að rífa niður múrana. Undirbúningshópur, sem skipaður er nemendum úr öllum deildum Listaháskólans, vinnur nú að því að safna saman áhugasömu fólki með frjóar hugmyndir til að sækja heim mismunandi sveitarfélög og vinna með íbúum á staðnum að fjölbreyttri listsköpun.

„Það er svo mikil útrás á Íslandi – nú stefna allir til útlanda og mikið er um það að fólk sé bara að sýna eða spila erlendis. Það hefur kannski aldrei komið út á landsbyggðina í þeim tilgangi, né unnið með neinum þar. Það er eiginlega orðið styttra til Berlínar en Dalvíkur,“ segir Páll Ragnar Pálsson sem er einn af skipuleggjendum verkefnisins. „Það er stór partur af hugmyndafræði okkar að fólk rækti garðinn sinn og skoði hvaða blóm spretta þar.“

Áherslan er á samstarf og munu þátttakendur koma úr ólíkum áttum og vinna með alla miðla, þar verður til dæmis tónlistarfólk, myndlistarmenn, rithöfundar, leikhúsfólk og fræðimenn. Búið er að merkja dagsetninguna inn á dagatalið, tímabilið frá 9.-19. júní verður líflegt á landsbyggðinni. Verið er að huga að endanlegum staðarákvörðunum en bæir á borð við Bolungarvík, Hofsós, Djúpavík á Ströndum, Stöðvarfjörður og Borgarfjöður eystri eru á korti hópsins. Einnig er stefnt að því að skrásetja viðburði og vinnuferla á hverjum stað, setja upp sýningu í höfuðborginni í vetur og gefa út bók um verkefnið.

## Samvinna og tengsl

Hulda Rós Guðnadóttir er í þessum hugsjónahópi og hún rekur hugmyndina til ferðar sem nemendur í myndlistar- og hönnunardeild skólans fóru árið 2000. Sú ferð heppnaðist afar vel en þá heimsóttu nemendur bæi við hringveginn. Nú er hins vegar markmiðið að sækja heim staði sem ekki eru í þeirri alfaraleið og bjóða fleirum að taka þátt. „Fyrst vildum við gera þetta að samstarfi milli nemenda í öllum deildum skólans. Listaháskólinn er mjög dreifður skóli og margir nemendanna væru til í að vinna meira saman. Síðan óx hugmyndin og við ákváðum að stækka þetta enn og takmarka okkur ekki við skólann,“ segir Hulda. Hún áréttar að verkefnið muni einnig brjóta niður hvers konar huglæga múra hvort heldur milli þátttakenda, listafólks eða íbúanna á hverjum stað.

Hugmyndin er að hópar muni dvelja á hverjum stað í tíu daga en í hverjum hóp verði listafólk með ólíkan bakgrunn. „Við hvetjum þátttakendur til þess að kynna sér staðhætti og setja sig í samband við fólk á staðnum,“ segir Friðrik Svanur Sigurðarson. „Ef það eru kórar eða leikfélög á staðnum, einhver sem spilar á hljóðfæri eða framleiðslufyrirtæki sem geta gefið efni þá er hægt að nýta allt slíkt. Mikilvægast er að fá fólk til þess að vinna saman og nýta það sem hvert bæjarfélag hefur upp á að bjóða.“

Hulda áréttar að markmiðið sé ekki að listafólkið komi á staðinn með tilbúið verk til þess að skemmta heimamönnum heldur séu þarna einstaklingar að hittast – fólk af öllu landinu sem kynnist í gegnum vinnu sína og geti síðan byggt á þeirri reynslu sinni til framtíðar. „Þetta er ekki miðstýrt verkefni heldur erum við að búa til vettvang. Ef fólk er með hugmyndir þá hjálpum við til við að koma henni í framkvæmd,“ segir hún. „Til dæmis ef tónskáld vill láta frumflytja nýtt verk í sumar þá getum við kannski hjálpað,“ bætir Friðrik við.

## Ekki skilgreina um of

Hópurinn útskýrir að engin leið sé að lýsa því hvernig verkefninu verður háttað á hverjum stað. Það mótist af þátttakendum hverju sinni og þeim aðstæðum sem heimamenn hafa upp á að bjóða. Þau hafa líka forðast að skilgreina verkefnið um of. „Við viljum heldur ekki ýta of mikið á að það komi einhver afurð eða verk út úr starfinu á hverjum stað,“ segir Guðmundur Hallgrímsson og áréttar að þrátt fyrir að þátttakendurnir muni hafa einhverjar hugmyndir þegar þeir leggja upp í ferðina geti allt gerst og hið ófyrirsjáanlega sé kannski það mest spennandi við framtak sem þetta.

Hulda bendir á að tækifæri sem þetta sé ótrúlega gott fyrir ungt listafólk sem sé vanara ákveðnu andrúmslofti í höfuðborginni. „Það er líka allt öðruvísi að heimsækja einhvern stað sem ferðamaður. Í gegnum svona verkefni kynnist maður betur því sem er að gerast á hverjum stað.“ „Það er líka allt annar hópur sem kemur að sjá og upplifa listina. Hér í bænum er það mikið til sama fólkið sem mætir og það er ákveðin viðtekin „hegðun“ eða kunnugleiki, til dæmis á myndlistarsýningum. Ég hef trú á því að fólk sem ekki er vant að mæta á myndlistarsýningar eða uppákomur muni ekki liggja á skoðunum sínum og það sé mjög gott fyrir okkur,“ segir Guðmundur og Friðrik tekur undir að það sé mjög krefjandi og skemmtilegt fyrir listafólkið að takast á við nýja áhorfendur. „Það er meira frelsi í því, þátttakendur verða ekki að gera eitthvað bara fyrir sig og sína heldur eitthvað allt annað,“ segir Arna Sigrún Haraldsdóttir.

## Rómantík í loftinu

Hulda segir að erlendir listamenn sem sæki hingað séu ekki endilega bara að koma til Reykjavíkur til þess að vinna. „Það er líka sífellt verið að tala um að fólk vilji flytja af landsbyggðinni, til dæmis frá Vestfjörðum. Ég finn fyrir miklum áhuga hjá listafólki í kringum mig sem vill flytja þangað. Hjá þessum hópi er mikill áhugi fyrir landsbyggðinni – þar eru staðir sem hafa upp á margt að bjóða.“ Páll Ragnar tekur undir þetta: „Ég myndi segja að það væri draumur allra listaspíra núna að búa úti á landi.“ Arna bendir einnig á að tíðarandinn nú einkennist af mikilli rómantík. „Mér finnst þetta verkefni passa mjög vel við það andrúmsloft. Það er eitthvað svo rómantískt að leita rótanna og stefna út í sveit.“

> Ég myndi segja að það væri draumur allra listaspíra núna að búa úti á landi.

Í þessum hóp eru bæði miðbæjarrottur, Reykvíkingar og aðrir sem eru ættaðir utan af landi. „Mér finnst ég hafa meiri tengsl við Berlín heldur en landsbyggðina,“ segir Hulda íbyggin og sumir í hópnum taka undir það. „Ég myndi segja að ég hafi mjög sterk tengsl við landsbyggðina þó að ég sé miðbæjarrotta í húð og hár,“ bætir Páll Ragnar við.

Friðrik segir að viðtökurnar hjá sveitarfélögunum hafi verið mjög góðar. „Við höfum fengið mjög jákvæð viðbrögð hjá fólki úti á landi. Það eru allir ofsahressir og vilja endilega fá okkur í heimsókn.“ Vandinn sé því ekki áhugaleysi heldur hafi stærsta ljónið á veginum verið dýr ferðakostnaður. „Það vantar alveg svona lággjaldarútufélag á Íslandi,“ segir Guðmundur. Sveitarfélögin eru í raun stærstu styrktaraðilar verkefnisins en þau munu sjá þátttakendum fyrir sýningaraðstöðu og gistirými á meðan á verkefninu stendur. „Við gætum ekki gert þetta án aðstoðar frá þeim,“ segir Hulda en allir skipuleggjendurnir vinna sitt í sjálfboðastarfi í eigin frítíma. Hluti vinnunnar er að afla styrkja fyrir verkefnið. „Það er greinilegur vaxandi áhugi hjá fyrirtækjum og stofnunum sem sjá verðmætin í menningu og hverju hún skilar,“ útskýrir Friðrik. „Við bendum þeim á að ef þau styrkja okkur er ekki verið að styrkja einhvern einn listamann heldur fjárfesta í framtíðinni,“ segir hann og bætir við: „Allir sem eru eitthvað verða með í þessu verkefni!“ Hópurinn skellihlær að skensinu en svo áréttar Hulda að vissulega sé þarna að verða til ný hugsun í menningarstarfinu og að þátttakendurnir muni án efa verða áberandi í listalífi komandi ára.

Verkefnið á borð við Díónýsíu hefur endalausa vaxtarmöguleika og segist hópurinn vonast til þess að framtakið verði fyrirmynd fyrir svipaðar uppákomur í framtíðinni og þurfi þá ekki endilega að tengjast Listaháskólanum. Svo opni þessar heimsóknir fyrir möguleikann á frekari samstarfi milli einstaklinga og bæjarfélaga, til dæmis varðandi vinnustofur eða sýningarhald. „Svo verða kannski til svona pör, jafnvel börn líka,“ segir Friðrik og vísar til þess að þátttakendur geti þannig reynt að stuðla að fólksfjölgun á landsbyggðinni.

„Það væri að minnsta kosti magnað að geta snúið aftur á einhverra þessara staða,“ segir Páll og hópurinn tekur undir að tengslin séu ef til vill mikilvægari heldur en að koma á hefð fyrir árlegrum uppákomum. „Já, það væri náttúrulega best ef þetta gerðist af sjálfu sér og fólk færi út á land til að gera eitthvað af viti,“ segir Guðmundur að lokum.

**kristrun@frettabladid.is**

## INNSPÝTING FYRIR ALLA



Guðrún Helgadóttir, formaður menningar- og kynningarnefndar Skagafjarðar, segir að verkefni sem þetta sé afar spennandi bæði fyrir þátttakendur og heimamenn en hún hefur verið í sambandi við undirbúningshópinn vegna komu Díónýsíu til Hofsóss í sumar.

„Það er flott fyrir ungt listafólk að kynnast aðstæðum og umhverfi í sínu eigin landi með þessum hætti og ekki síður gaman fyrir landsbyggðina að fá listamenn í heimsókn. Það er innspýting fyrir alla á staðnum og því er þetta beggja hagur.“ Hún segist vonast til þess að þátttakendurnir muni setja svip á bæjarlífið í þessari júníviku þegar Hofsósingar undirbúa árlega bæjarhátíð sína á Jónsmessunni og fagna þjóðhátíðardeginum og segir að vel verði tekið á móti þeim.

Þeim sem hafa áhuga á að kynna sér verkefnið og/eða taka þátt í því er bent á heimasíðuna **www.myspace.com/dionysia2007** eða tölvupóstfangið **dionysia.2007@gmail.com** þar sem hægt er að skrá sig á póstlista og nálgast frekari upplýsingar.



Betri saman!
Nú hafa Dótabúðin og Leikbær sameinast í enn skemmtilegri verslanir! Við kynnum TRAUST LEIKBÆJAR (TL) sem gerir það enn ánægjulegra að versla dótið!
TL tryggir aukinn skilarétt og verðvernd!
Sjá nánar á vef Leikbæjar: www.leikbaer.is.
1944
Dótið í bæklingnum fæst í öllum okkar verslunum!
SUMARIÐ KEMUR!
1131212
SMOBY RENNIBRAUT
150 cm.
9995,-
Smoby
1131272
SMOBY RUGGUBÁTUR
Mjög sterkt og vandað. Hægt að tengja slöngu við til að búa til gosbrunn.
5295,-
1133335/113336
SMOBY FORD/TURBO TRAKTOR
Með vagni. Sterkur og vandaður úr málmi og sterku plasti. Með keðjudrifi.
VELJIÐ
9995,-
19995,-
1131133
SMOBY HÚS MEÐ RENNIBRAUT
Mjög sterkt og vandað hús til að
í garðinum. Rennibraut fylgir
Auðvelt að setja saman og
L
Leikbær
DÓTABÚÐIN
Laugavegi - Faxafeni - Kringlunni - Mjódd - Mosfellsbæ - Smáralind - Firði, Hafnarfirði - Kjarnanum, Selfossi






## STÍLISERAR STJÖRNURNAR

Frá vinstri: Karl farðaði Jerry Hall, ofurfyrirsætu og fyrrverandi konu Mick Jaggers, fyrir þessa forsíðu á Style-blaði Sunday Times sem birtist árið 2005.

Karl hefur fylgt hljómsveitinni Sugababes um heiminn og farðað en stelpurnar mynda vinsælasta stúlknaband Evrópu. Myndin var tekið síðasta desember á MTV Awards í Kaupmannahöfn.

# Metnaðurinn rekur mig áfram

**Karl Berndsen** hárgreiðslumeistari hefur verið búsettur í London síðustu tíu árin þar sem hann hefur farðað og greitt mörgum af stærstu stjörnum samtímans. Karl segir tískubransann harðan og þegar öllu sé á botninn hvolft velti velgengnin á hæfileikum til að aðlagast öðru fólki sem og listrænum hæfileikum. *Indíana Ása Hreinsdóttir* ræddi við Karl um baráttuna um velgengnina í hringiðu tískunnar.



**STÍLISERAR STJÖRNURNAR** Karl hefur búið og starfað í London í tíu ár þar sem hann hefur starfað með stærstu stjörnunum.

Grunnurinn er ekki alltaf jafn fagur í raun og hann birtist í blöðum og tímaritum enda heilu hersveitirnar af fagfólki sem standa að baki hverri myndatöku, svo ekki sé minnst á alla tölvuvinnuna sem unnin er eftir á,“ segir Karl Berndsen hárgreiðslumeistari, sem búsettur hefur verið í London síðastliðin tíu ár þar sem hann hefur unnið með mörgum af skærustu tónlistarstjörnum og fyrirsætum samtímans. Karl hefur bæði starfað við förðun og hárgreiðslu en hann vinnur með umboðsmanni sem selur hann í hin ýmsu verkefni. „Fyrstu árin einbeitti ég mér meira að förðuninni en síðustu fimm árin hef ég verið með meiri áherslu á hárið þótt förðunin fylgi enn með. Mest hef ég unnið við myndatökur fyrir blöð og tímarit, stórar sýningar fyrir alla helstu tískuhönnuði heims, tónlistarmyndbönd fyrir poppstjörnur og hljómsveitir, unnið með kvikmyndastjörnum og módelum,“ segir Karl og bætir við að starfinu fylgi mikil ferðalög og því megi segja sem svo að hann hafi búið í ferðatösku síðasta áratuginn.

### Glamúrinn heillaði

Karl er fæddur og uppalinn á Skagaströnd. Áhugi hans á förðun og hárgreiðslu vaknaði snemma en hann reyndi fyrst fyrir sér í Hótel- og veitingaskólanum. „Á þessum tíma fóru allir strákar í rakarann en ég hafði engan áhuga á því. Ég var eini karlmaðurinn af 48 nemendum í hárgreiðslu og ég fann strax hvað ég átti vel heima í þessu fagi og öllu sem því fylgdi,“ segir Karl sem komst að sem nemi hjá Elsu Haraldsdóttur. „Hjá Elsu lærði ég óstjórnlega þolinmæði sem nauðsynleg er í þessu starfi. Elsa breytti mér sem persónu og fann í mér listamanninn. Fljótlega langaði mig að skoða í kringum mig og flutti til Brussel og var þar í nokkra mánuði og eftir að hafa komið til Íslands í millitíðinni skellti ég mér til Los Angeles þar sem ég starfaði á Sunset Boulevard í tæpt ár sem var ótrúleg lífsreynsla. Þótt sólin og glamúrinn heillaði hefði ég orðið að vera kyrr í fimm ár til að fá græna kortið og það var ég ekki tilbúinn til að gera. Þess vegna kom ég heim og opnaði Kompaníið með félaga mínum. Með opnun stofunnar settum við ímynd hárgreiðslustofa upp á annað plan,“ segir Karl og bætir við að á þeim tíma hafi heimsmaðurinn í honum verið vaknaður. Fimm árum seinna seldi hann sinn hlut, stokkaði upp og flaug á vit ævintýranna og lenti í London.

### Blátt skjaldarmerki ekki nóg

Karl segir tískubransann harðan og að árangur byggist á úthaldi og þrautseigju. „Þegar öllu er á botninn hvolft veltur þetta á þínum persónuleika og hæfileikum til að aðlagast öðru fólki og auðvitað listrænum hæfileikum þínum og framsýni. Íslendingum finnst oft sjálfsagt að aðrir Íslendingar nái langt en það kemur hins vegar ekkert af sjálfu sér. Það er ekki nóg að eiga blátt vegabréf með íslenska skjaldarmerkinu. Ég varð fyrir miklu áfalli þegar ég kom út því þarna ertu ekki að keppa við tíu eða tuttugu manns heldur tíu þúsund manns. Metnaðurinn rak mig hins vegar áfram. Mig langaði að skilja eitthvað eftir mig,“ segir hann og bætir við að hann hafi smám saman lært á bransann.

### Snýst um metnað, hugsjón og þolinmæði

Aðspurður hvort heppni hafi ekki átt sinn hlut í velgengninni segir hann svo vera, rétt eins og í lífinu yfir höfuð. „Þetta snýst um að vera á réttum stað á réttum tíma og ná að kynnast fólki sem er að gera góða hluti og er á hraðferð inn í framtíðina,“ segir hann og bætir við að þeir sem ætli sér að stíga inn í þennan heim verði að eiga tíu ár af þolinmæði áður en þeir geti ætlast til þess að hjólin fari að snúast. „Þetta snýst um að lifa af. Það kemst enginn inn í bransann á einni nóttu, liðið verður að fá að lykta af þér. Þetta snýst um metnað, orku, hugsjón og þolinmæði til að sitja og bíða.“

### Einstefna í tísku á Íslandi

Karl hefur undanfarið haft annan fótinn á Íslandi þar sem hann á verslunina Næs Connection í Hæðasmára ásamt systur sinni og mági. Þannig hefur hann náð að fylgjast með lífinu hér og er með sínar skoðanir á hlutunum. „Ég hef fylgst með hvað hefur verið að gerast og finnst frábært hversu mikið er af ungu og hæfileikaríku fólki með sínar draumahallir líkt og ég. Við þá segi ég: byggiði hallirnar nógu stórar, því þótt aðeins náist að reisa helminginn í raunveruleikanum þá sitjiði samt eftir með dágóðan slatta. Ég iða í skinninu að hafa meiri áhrif á ýmislegt hér hvað snertir fegurð og tísku og nýta þekkingu mína og reynslu af tískuheiminum. Námskeið koma þar sterklega til greina. Íslendingar eru sannarlega með þeim myndarlegustu í heiminum. Mér virðist þó vera of mikil einstefna hér í tísku og íslenskar konur sérstaklega helst til mikið steyptar í sama mótið. Mín hugsjón er að laða fram það fegursta í hverri konu. Þetta er ekki bara spurning um útlit, þetta er líka spurning um líðan og sjálfsmynd. Mér finnst ég fyrst hafa fengið almennilega tilfinningu fyrir þessu þegar ég fór út í förðunina, þá sá ég konuna frá nýju sjónarhorni og áherslur mínar breyttust. Mitt markmið er að ná fram persónutöfrum og kvenleika konunnar þannig að hún upplifi sig sem kvenlegasta og glæsilegasta og óháð duttlungum tískunnar, þótt hún sé auðvitað alltaf til viðmiðunar. Þar hugsa ég líka út frá andlitsbyggingu, persónuleika, litarhafti og líkamsburði. Það sama á við í förðuninni, þar verður rauði þráðurinn alltaf að vera hvað undirstrikar fegurð og kvenleika konunnar. Mín helsta „mission“ í augnablikinu er að hafa áhrif á gjörning þann sem á sér hér stað á augabrúnum íslenskra kvenna, þar er fátt eftir sem minnir á náttúrufegurð. Einnig að fá konur til að slaka á púðurdósinni og púðra ekki niður allt lífsmark úr andlitinu svo eitthvað sé nefnt. Ég vildi óska að hér yrðu gerðar meiri kröfur til menntunar og þjálfunar förðunarfræðinga og svokallaðra stílista sem spretta hér upp unnvörpum sem fífill í túni á góðum degi. Einnig eru of margir sjálfskipaðir tískugúrúar hér á veikum forsendum að mínu mati.“

### Einmanalegt í stórborginni

Karl hefur komið sér upp góðum samböndum í tískuheiminum og getur valið þar úr þeim verkefnum sem vekja áhuga hans. „Eftir öll árin úti hefur hugurinn leitað meira heim og ég er kominn að þeim tímapunkti í lífinu að tengslin við vini og ættingja og íslenska náttúru hafa orðið dýrmætari með hverjum deginum. Þótt lífið geti verið glamúr og gleði í stórborginni þá er þar oft einmanalegt. Ég er aðeins að leysa landfestar úti og hef nú aðsetur bæði í London og Reykjavík.“ Karl hefur farðað og greitt mörgum stórstjörnum og kippir sér vanalega ekki upp við það þótt hann fari höndum um hár frægra og ríka fólksins. Hann segir mikilvægt að vera trúr sínum viðskiptavinum því þótt stjörnurnar borgi stórar fúlgur sé það ekki aðeins fyrir reynsluna heldur einnig fyrir þögnina. „Þú sérð á bak við grímuna og öll leyndarmálin og til að komast áfram þarftu að hafa vit til að halda þér saman á réttum stöðum,“ segir hann og viðurkennir að Ísland sé líklega of lítið fyrir hann en þó elski hann að geta gengið út og fengið ferskan vind inn í andlitið. „Ég ætla að vera klofvega yfir Atlantshafið,“ segir hann hlæjandi.

### Fjölskyldan dýrmætust

„Eftir allan hasarinn er góð tilhugsun að ganga inn á hárgreiðslustofu og hafa tíma til að sinna áhugamálum mínum eins og t.d. ljósmyndun og stíliseringu í kringum þær. Ég get samt ekki snúið baki við bransanum enda væri það fáránlegt að vera búinn að berjast í áratug fyrir því sem ég hef barist fyrir og henda því svo frá sér þegar maður er loksins farinn að sleikja rjómann. Stóru verkefnin koma hins vegar ekki daglega og í dag get ég valið úr og sleppt minna spennandi verkefnum. Það sem mér þótti spennandi og eftirsóknarvert þegar ég var að byrja í þessu heillar mig ekki lengur. Enn ein vinnuferðin og enn eitt flugið heillar ekki alltaf eins mikið. Þetta var gaman til að byrja með en maður verður ekki yngri. Í dag er vináttan og fjölskyldan dýrmætari. Ætli það megi ekki segja að hjartað sé farið að taka völdin af egóinu. Í farteskinu hef ég nú troðfulla tösku af minningum og reynslu og þessi tími hefur verið allrar þeirrar steinsteypu virði sem ég hefði eignast hefði ég verið kyrr á Íslandi. Þú ferð ekki með steinsteypuna með þér í gröfina heldur minningarnar.“■


25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BÓNUSMERKTUM VÖRUM!
ALLAR Bónusvörur:
25% afmælisafsláttur við kassann
Komdu í Bónus!
Kílóbrauð 97 KR.
Verð fyrir 25% afslátt: 129 KR.
Bónus í átján ár!
EKKERT BRUÐL
Kílóverð nú: 737 KR.
20% VERÐLÆKKUN!
Smjörvi og Gotti nú á 20% lægra verði!
300g nú: 111 KR.
20% VERÐLÆKKUN!
ALLAR Bónusvörur:
25% afmælisafsláttur við kassann
Bónus tau innkaupapokinn er stór og góður og líka stórgóð lausn fyrir þá sem hugsa um umhverfið!
Vængir
kílóverð nú: 149 KR.
Verð fyrir 25% afslátt 198 KR.
ALLAR Bónusvörur:
25% afmælisafsláttur við kassann
Kauptu þér flösku af Coca-Cola ZERO og þú færð 2!
1.5 kg Franskar 209 KR.
Verð fyrir 25% afslátt: 279 KR.
BÓNUS FRANSKAR
Læri/leggir
kílóverð nú: 298 KR.
Verð fyrir afslátt 398 KR.
4 XXL brauð 59 KR.
Verð fyrir 25% afslátt: 79 KR.
EKKERT BRUÐL
Bringur
íslenskar og ferskar
kílóverð nú: 1398 KR.
Verð fyrir afslátt 1864 KR.
2 fyrir eina!
10 x 115g ungnautaborgarar 975 KR.
Verð fyrir 25% afslátt: 1298 KR.
www.bonus.is
bonus.is



# Fer vandræðalega oft í Bubble-shooter

**Hvert er takmarkið?** Núna er það að komast til útlanda í sumar.
**Hvar ertu hamingjusömust?** Úti á landi eða á leiksviðinu.
**Hvað þolir þú ekki í fari annara?** Hroka og hleypidóma.
**Dýrmætasta eignin?** Vinir og fjölskylda.
**Hvar myndir þú búa ef þú hefðir algerlega frjálst val?** Á Íslandi og New York.
**Uppáhaldsplatan þín?** Thriller með Michael Jackson. Fyrsta platan sem ég eignaðist.
**Þú ert að fara á grímuball og mátt fara í hvaða búning sem er. Í hverju ferðu?** Fósturbúningnum úr Legi, hann er svo fyndinn og flottur.
**Hvaða lifandi persónu berðu mesta virðingu fyrir?** Mömmu minni.
**Hvaða frasa ofnotar þú?** „ókey bæ!“
**Ef þú ættir tímavél, hvert myndir þú fara og af hverju?** Til framtíðar, af því ég er svo forvitin.
**Hvað gerir þig þunglynda?** Aðgerðarleysi.
**Hvernig slappar þú af?** Fer í gufuna í Vesturbæjarlauginni.
**Áttu þér neyðarlega nautn?** Ég fer vandræðalega oft í „bubble-shooter“.
**Ef þú hefðir ofurafl, hvert myndi þitt vera ?** Ég væri þá svona ofur-leikkona sem gæti þannig brugðið sér í allra kvikinda líki og leikið alla út í horn.
**Hvað er uppáhaldsorðið þitt?** Get ekki valið á milli „hæ“ og „bæ“. Hvoru tveggja alveg frábær orð, ef orð má kalla.
**Ef einhver myndi gera kvikmynd um líf þitt, hver ætti að leika þig?** Dóra Jóhannsdóttir leikkona myndi eflaust skila óaðfinnanlegri túlkun.
**Hvaða lag myndir þú vilja láta spila í jarðarförinni þinni?** Mér er nokk sama sosum, þar sem ég verð ekki einu sinni viðstödd eðli málsins samkvæmt.
**Hvernig viltu að fólk minnist þín?** Með bros á vör og sól í hjarta.
**Hvað er mikilvægasta lexían sem þú hefur lært í lífinu?** Hver er sinnar gæfu smiður.
**Segðu okkur leyndarmál.** Ha ha, ég segi ekki frá leyndarmálum, sorrý. Ókey bæ!

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**NAFN:** Dóra Jóhannsdóttir

**FÆÐINGARÁR:** 1980. Hekla gaus og John Lennon var skotinn.

**Á HUNDAVAÐI:** Útskrifaðist sem leikkona fyrir tæpu ári og er um þessar mundir að leika í söngleiknum “Leg” í Þjóðleikhúsinu.



## MÆLISTIKAN

### Á uppleið

**Sumarbústaðir.** Nú er ekki skítkalt lengur og um að gera að horfa á skógarhrísluna grænka.



**Ugly Betty.** Hressandi sjónvarpsþættir um konu sem er ekki falleg í klassískri merkingu orðsins.



**Blómvendir frá leyniaðdáendum.** Rómantíkin á að blómstra með vorinu.



**Litaður maskari.** Gerir afskaplega afskaplega mikið fyrir augun, á lymskulegan hátt.



### Á niðurleið

**Josh Grobin.** Tólfþúsundkall til að hlusta á væmið húsmæðravæl? Hjálp.

**Krummaskuðið Ísland.** Óþolandi að fara út á lífið og hitta alla drauga fortíðarinnar.



**Rokkokkó.** Hvað þurfum við að segja þetta oft? Oj, oj, oj.

**Þröngar gallabuxur.** Þegar allir sem voru með feita rassa og stórar mjaðmir fóru í þær urðu þær vonlausar.







# BT

# FLATSJÓNVÖRP 40" VEISLA Í BT







FYLGIR

Medion 40" LCD
VEGGSJÓNVARP
MD30202

**HD ready**
Upplausn fyrir næstu kynslóðar Blueray og HD-DVD spilara

**HDMI tengi**
Stafrænt tengi fyrir næstu kynslóðar spilara

**Skerpa 1:1200**
Svartur er dekkri og hvítur er bjartari

**2 Sjónvarpsmóttakarar**
Fylgstu með 2 stöðvum í einu með mynd í mynd

**Svartími 8ms**
Myndin flöktir ekki og íþróttir komast vel til skila

**VGA tengi**
Notaðu sjónvarpið sem 40" tölvuskjá

**ÞÝSK GÆÐI**

**149.999**

BT LÁN™

| BT | BT | BT |
|---|---|---|
| 14.905* | 8.178** | 5.934*** |
| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |




Panasonic 42"
PLASMA VEGGSJÓNVARP
TH42PV60

**HD ready**
Upplausn fyrir næstu kynslóðar Blueray og HD-DVD spilara

**2X HDMI tengi**
Stafrænt tengi fyrir næstu kynslóðar Blueray og HD-DVD spilara

**Skerpa 1:10.000**
Svartur er dekkri og hvítur er bjartari

**V-real myndstýring**
Frábær myndgæði

**Svartími 8ms**
Myndin flöktir ekki og íþróttir komast vel til skila

**VGA tengi**
Notaðu sjónvarpið sem 42" tölvuskjá



FYLGIR
24.999

PANASONIC DMRES15 VERÐLAUNA
DVD UPPTÖKUTÆKI FYLGIR

WHAT HI-FI? SOUND AND VISION ★★★★★

**249.999**

**LANGVINSÆLASTA TÆKIÐ Í ENGLANDI**

BT LÁN™

| BT | BT | BT |
|---|---|---|
| 24.742* | 8.712** | 6.319*** |
| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |




Sony 40" LCD
VEGGSJÓNVARP
KDL40S2010

**BRAVIA Engine myndstýring**
Frábær Sony myndgæði

**HD Ready**
Upplausn fyrir næstu kynslóðar Blueray og HD-DVD spilara

**HDMI tengi**
Stafrænt tengi fyrir stafræna myndspilara

**Skerpa 1:1300**
Svartur er dekkri og hvítur bjartari

**Svartími 8ms**
Myndin flöktir ekki og íþróttir komast vel til skila

**VGA tengi**
Notaðu sjónvarpið sem 40" tölvuskjá

**LIKE.NO.OTHER**

FYLGIR
9.999



Sony þráðlaus
heyrnartól
MDR-RF820

**229.999**

BT LÁN™

| BT | BT | BT |
|---|---|---|
| 22.611* | 12.375** | 8.964*** |
| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |



## HLJÓÐFÆRI HUGANS

**Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál**

### Mennirnir lifa

Mennirnir lifa eins og þeir væru dauðir og útskúfaðir, umluktir ragmennsku sjálfra sín og illu auga náungans. Sá einn, sem á skjól móðurástarinnar, blindni barnshugans og mild örlög, getur um stundarsakir lifað í þeirri blekkingu, að helvítið, sem mennirnir hafa gert úr heiminum, sé sælustaður.

Gunnar Gunnarsson: Fjallkirkjan (þýðing Halldórs Laxness).

### Korter fyrir kosningar

Er það ekki ný tíska hjá stjórnmálamönnum að þrástagast á þessu aulalega orðalagi að eitthvað gerist „korter fyrir kosningar“? Einhvern veginn finnst mér þetta ósköp barnalegt og óvandað málfar. Þykir háttvirtum þingmönnum það fínna eða frumlegra en „rétt fyrir“ eða „á síðustu dögum fyrir“ kosningar?

### Fengitími

Í leiðara Fréttablaðsins 18. mars er laglega komist að orði: „Stélfjaðrir stjórnmálamanna eru vel sperrtar um þessar mundir.“ En framhaldið er öllu lakara: „Fengitíminn er hafinn og öllum ráðum beitt við atkvæðaveiðar.“ Höfundur virðist ekki skilja orðið fengitími sem merkir sá tími árs þegar dýr eru reiðubúin til mökunar. Þótt ýmislegt misjafnt sé sagt um þingmenn, þá er þeim ekki hleypt til. Og tæpast tengjast veiðar fengitíma.

### … stuðla að þróun fátæktar?

Í grein í Mbl. 18. mars er rætt um fyrirtæki sem vilja styrkja viðskiptatengsl við framleiðendur í fátækum löndum og stuðla þannig að „þróun og takmörkun fátæktar“.

Hvernig er hægt að gera það samtímis? Vilja þessi fyrirtæki virkilega stuðla að þróun fátæktar? Þróun merkir efling, framför, framgangur, framrás, framvinda, gróska. Hér virðist skorta eitthvað í hugsun höfundar.

### Er hún tágrönn??

„Hún er tágrönn …“ skrifar Víkverji í Mbl. 19. mars. Þetta sést því miður oft, en er misskilningur. Þetta samsetta orð er ekki dregið af tá heldur tág. Hún er tággrönn, grönn eins og tág sem merkir löng rótartaug, sbr. tágakarfa.

### Að sýna osti veiði!!

„Góðum erlendum osti er sýnd veiðin en ekki gefin …“ segir í myndatexta í Fréttablaðinu 20. mars, – og er alveg hrein makalaust! Það er ekki á þágufallið logið! Til hvers ætti nú að sýna osti veiði? Orðtakið segir eitthvað er sýnd veiði, þ.e. ekki eins auðfengið og sýnist.

### Að stunda kynlíf

Frá því er sagt í undirfyrirsögn í Fréttablaðinu 20. mars að piltur sakaður um nauðgun hafi sagt stúlkuna „hafa samþykkt að stunda kynlíf inni á salerninu“. So. stunda merkir að fást við eitthvað, svo sem nám eða fiskveiðar, en er ekki haft um eitt skipti. Þetta er því furðulegur áburður á vesalings stúlkuna.

### Braghenda

*70 ár: þau sýnast ekki sein*
*að líða.*
*Því er eftir engu að bíða*
*og engu mun ég framar kvíða.*

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar:
npn@vortex.is

**HANNA BJÖRK VALSDÓTTIR TALAR FRÁ TEHERAN**

# Nætursöngur hermanna

Ég átti ekki von á því að geta haldið páskana hátíðlega í íslamska lýðveldinu Íran. En eins og um flest annað sem ég hafði gert mér í hugarlund áður um þetta land þá hafði ég rangt fyrir mér. Í Teheran býr stór hópur fólks af armensku bergi brotnu og þetta fólk er kristið. Það vill svo skemmtilega til að ein gömul nágrannakona mín er frá Armeníu. Hún er eins konar amma mín hér í Teheran, bakar kökur, gefur mér tyrkneskt kaffi og spáir í bolla fyrir mér. Hún talar auðvitað enga ensku en það er allt í lagi. Dótturdóttur hennar er oft hjá henni og túlkar. Ég hef hálfpartinn verið ættleidd af hennar armensku stórfjölskyldu og að sjálfsögðu var ég með í öllum páskahátíðarhöldum.

Fyrir páskamáltíðina var drukkið sérrí með oblátu útí og farið með bæn. Páskaeggin voru máluð og páskaskraut hengt á greinar. Á páskadag fór ég í kirkju og talaði við Guð. Armenar eiga nokkrar kirkjur í Teheran og aðalkirkjan var eins félagsmiðstöð, þar var troðið útúr dyrum og unga fólkið aðallega komið til að hitta hvort annað. Fyrir innan hliðið á kirkjunni eru engar slæður nauðsynlegar og þar getur þessi þjóðfélagshópur haldið sínum hefðum í friði. Armenar eiga líka „social“ klúbb í Teheran sem er undanskilinn íslamska „dresskódinu“. Það er ýmislegt sem fer fram fyrir luktum dyrum í Íran.

Þannig eru það mismunandi hópar sem skapa mismunandi senur í þessari borg. Og bilið milli þessara hópa getur verið ansi breitt.



PÁSKAMATUR Í ÍRAN

Þannig er ég orðin vön því að sjá löggur og hermenn úti um alla borg. Komandi frá friðsæla Íslandi fannst mér það hálf skrítið í fyrstu. Sérstaklega ungu strákana í græna hermannagallanum, klossunum og með rifflana í fanginu. Í Teheran standa hermenn vörðinn allan sólarhringinn. Úti um allar götur eru litlir klefar eins og lokaðir símaklefar þar sem þessir strákar sitja dag og nótt.



HANNA BJÖRK Í ÍRAN

Ég hef nokkrum sinnum þurft að fara á lögreglustöðina hér til að framlengja pappírana mína. Þá þarf ég að fara í gegnum hóp af þessum hermönnum, það er leitað á mér og eldri kona í chador lagar til höfuðklútinn á mér svo hann samræmist íslömsku reglunum og svo brosir hún blíðlega til mín. Skriffinnskan er ógurleg og þessir menn eru ekki allir jafn hressir með vinnuna sína. En fyrir hvern einstakling sem hreytir einhverju í mig á persnesku og nennir ekki að aðstoða mig eru nokkrir englar sem birtast til að hjálpa mér. Þannig á ég núna tvo vini á lögreglustöðinni, fyrir utan gömlu konuna í chadornum, sem brosa alltaf þegar þeir sjá mig og benda mér á að koma til þeirra fram fyrir röðina og bjóða mér svo appelsínu meðan þeir stimpla pappírana mína.

Í gærkvöldi fór ég í partí hjá starfsfólki franska sendiráðsins í Teheran. Þar var aftur ein önnur sena í gangi. Sendiráðið er vandlega afgirt með háum steinvegg og inngangurinn vígalegt málmhlið með tilheyrandi hlerum. Fyrir utan hliðið standa hermenn vörðinn allan sólarhringinn.

Fyrir innan hliðið mátti heyra evrópsk ungmenni tala frönsku, þýsku, ensku og persnesku meðal Írana. Sendiráðsfólk heldur víst hópinn. Þessi partísena hefði getað átt sér stað hvar sem er í Evrópu, sami fatnaður, tónlist, veitingar og að sjálfsögðu áfengi þó það sé stranglega bannað í íslamska lýðveldinu.

Þegar við biðum um miðja nótt fyrir innan hliðið eftir leigubílnum til að keyra okkur heim kíkti ég út um lítið gægjugat. Gatan var algjörlega auð og allt með kyrrum kjörum. Nema þarna voru hermennirnir tveir. Skyndilega vorkenndi ég þeim að þurfa að halda sér vakandi um miðja nótt og allt í einu varð mér hugsað til þess hvaðan þessir strákar kæmu. Hugsanlega úr litlu fjallaþorpi einhvers staðar í afdölum Íran og hafa áður aldrei séð lífið í stórborginni, hvað þá evrópsk ungmenni skemmta sér með tilheyrandi partílátum sem ómuðu um sendiráðsgarðinn sem þeir stóðu vörð um.

Annar þeirra sá mig gægjast í gegnum lúguna og byrjaði að syngja. Vinur hans tók undir. Þarna stóðu þeir tveir hermenn útí nóttinni og sungu persneska söngva með undurfögrum röddum. Eitt það fallegasta sem ég hef upplifað á ævinni. Stundum gleymir maður manneskjunni á bak við búninginn. Þar er manneskja sem á sér líf, væntingar og vonir, fjölskyldu, fortíð og framtíð. Rétt eins og við öll hin.

*hannabjork@gmail.com*
*hannabjork.blogspot.com*

## HELGARKROSSGÁTAN







Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.gatur.net


RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA
LJÓSADAGAR
3995-
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, STÁL OG GYLLT
6590-
LJÓSAKRÓNA, 3JA ARMA, GYLLT
4990-
HANGANDI LJÓS
1995-
VEGGLJÓS, TVÖFALT
1995-
BORÐLAMPI
1495-
VEGGLJÓS, STÁL OG GYLLT
1595-
VEGGLJÓS
13.696-
LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, GYLLT
1995-
BORÐLAMPI
4995-
KRISTALSKRÓNA, 3JA ARMA
2995-
LJÓSAKRÓNA, 3JA ARMA, GRÁ
1495-
BORÐLAMPI, STÁL OG GYLLT
9995-
LJÓSAKRÓNA, 8 ARMA, RUST
995-
VEGGLJÓS
2995-
VEGGLAMPI, ANTIK OG RUST
2995-
KRISTALSVEGGLJÓS
7995-
LJÓSAKRÓNA, 5 ARMA, RUST
2995-
VEGGLAMPI, STÁL
1995-
VEGGLAMPI, 2JA ARMA, 3 LITIR
2995-
HANGANDI LJÓS
3995-
LJÓSAKRÓNA, 3JA ARMA, RUST
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
OPIÐ ALLA DAGA
laugard. 10:00-17:00
sunnud. 12:00-16:00
RAFVÖRU MARKAÐURINN
Lágvöruverslun með rafmagnsvörur
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888






## STUÐ MILLI STRÍÐA: Versti öryggisvörður sögunnar

**TRYGGVI GUNNARSSON** KANN AÐ BERJAST MEÐ KAFFIBOLLA



Ég þarf að játa svolítið fyrir alþjóð. Ég vann eitt sinn í bandaríska sendiráðinu. Já, ég veit. Ég er ekki stoltur af því en fortíðinni verður ekki breytt.

Ég var ráðinn öryggisvörður í kjölfar 11. september-árásanna en þá var gríðarlega mikið lagt upp úr því að vera á varðbergi gagnvart öllum íslensku hryðjuverkamönnunum. Ég fékk hnausþykkan bækling þar sem þjálfunar- og árásaraðferðum Al-Kaída var lýst og farið var í þankagang hryðjuverkamannsins.

Ég veit enn þann dag í dag ekki hvað ég átti að gera við þennan bækling. Þótt ég hefði þekkt huga hryðjuverkamannsins út og inn var takmarkað hvað ég gat gert til að hindra árás. Kannski að ég hefði getað vafið bæklingnum upp og lamið hryðjuverkamennina með honum.

Mér var reyndar kennt að slást með kaffibolla. Eða liðþjálfinn í sendiráðinu reyndi öllu heldur að kenna mér það. Ég horfði bara framan í hann með mínum íslensku smaladrengsaugum, drap tittlinga og sagði svo: „Minn góði herra. Ef hér kemur jeppi með hryðjuverkamönnum, vélbyssum og basúkum, þá ýti ég á stóra rauða viðvörunartakkann, stíg til hliðar og fylgist með flugeldunum.“

Svipað var uppi á teningnum er við verðirnir fórum í gegnum sprengjuleitarnámskeið. Þar var okkur meðal annars kennt hvernig best væri að nálgast sprengju. Við áttum að ganga að henni með þar til gert blýteppi og leggja það varlega yfir sprengjuna. Ég horfði með mínum saklausu mosagrænu augum á liðþjálfann og gat ekkert annað en skellt upp úr. „Af hverju að breiða bara yfir hana? Á ég ekki líka að syngja vögguvísu?“

Ég þurfti aldrei að beita bollanum eða vefja um mig teppið. En mikið hefði það verið dýrlegur dauðdagi. Ég sönglandi með kaffibolla í hendi á fljúgandi teppi.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




Barna-
dagar í BT
SKÓGARSTRÍÐ
OPEN SEASON
Grábjörninn Búi er algerlega ófær um að bjarga sér á eigin spýtur og þegar hann hittir málglaða múldýrið Ella verða endaskipti á tilveru hans. Þeir ákveða að sameina öll skógardýrin í því að ná aftur tökum á skóginum og koma honum í upprunalegt horf. Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna, bráðsmellin saga með skemmtilegum persónum.
SKÓGARSTRÍÐ
DVD VIDEO
2.299
MONSTER HOUSE
DRAUGAHÚSIÐ
DJ vissi alltaf að eitthvað væri athugavert við gamla húsið handan götunnar. Þegar ljóst er að húsið er lifandi ófreskja fær DJ vini sína, Chowder og Jenny, til að hjálpa sér að komast að því hvað heldur lífinu í húsinu. Það líður ekki á löngu þar til þau eru farin að kljást við stórhættu-legan anda sem getur lagt allt hverfið í rúst takist þeim ekki að stöðva hann.
MONSTER HOUSE
DVD VIDEO
2.299
Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna
CHEAPER BY THE DOZEN 2
ZATHURA
999
Hver mynd
ég mæli með Skoppu og Skrítlu
Litla stundin með Skoppu og Skrítlu
Diskur 2
Skoppa og Skrítla2 eru komnar á DVD í BT
Fræðandi og skemmtilegt leikið efni fyrir yngstu kynslóðina
vSkoppa og Skrítla er eitthvað sem allir krakkar verða að eiga!
DVD VIDEO
Nýtt
2.299
BT
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

**!** **Kl. 14.00**
*Árni Rúnar Sverrisson opnar málverkasýningu í gallerí Art-Iceland.com á Skólavörðustíg 1a. Verk listamannsins eru undir sterkum áhrifum frá litbrigðum og formum frumgróðurs jarðar.*
*Sýningin stendur til 28. apríl.*

# menning
menning@frettabladid.is

## *Dreymir um stóra vinninginn*

Leikfélagið Hugleikur setur upp nýtt verk eftir Hrefnu Friðriksdóttur í Hjáleigunni í kvöld. Leikritið heitir Bingó og fjallar um fimm manneskjur sem hittast reglulega og spila þann sívinsæla leik en öll dreymir þau um stóra vinninginn

Í hlutverki örlagavaldsins, bingóstjórans, er Frosti Friðriksson, sem þekktari er fyrir störf sín sem leikmyndahönnuður og myndlistarmaður. Sjálfur segist Frosti ekki hafa lagt mikla stund á bingóspil en hann fór þó í pílagrímsför í Vinabæ í kynningarskyni. „Þetta er dramatískt verk en líka spaugilegt. Lífið er óttalegt bingó, það snýst allt um tölur og þetta happdrætti lífsins. Það er mikil hending hvað maður ber úr býtum og auðvelt að gleyma sér í hita leiksins,“ segir Frosti.


**LÍFIÐ ER ÓTTALEGT BINGÓ** Splunkunýtt verk um hið sanna sport er frumsýnt í Hjáleigunni í kvöld.

Leikarinn blundaði ávallt í þessum bingóstjóra en Frosti hóf sinn feril hjá Leikfélagi Kópavogs. Síðan sneri hann sér að öðrum hluta leikhússins og hóf að hanna leikmyndir fyrir ýmis verkefni. Erfiðast segir hann að læra textann. „Það er minn Akkilesarhæll. Ég ber mikla virðingu fyrir fólki sem getur bara gengið inn á svið og munað heilu rullurnar,“ segir hann kíminn. Það verður síðan bara að koma í ljós hvort hann man sitt í kvöld. „Maður spinnur þá bara eitthvað,“ segir hann í gríni, hinir spilararnir verða jú að dansa eftir fyrirmælum bingóstjórans.

Frumsýnt verður kl. 20 í kvöld en leikstjóri er Ágústa Skúladóttir.

### > Ekki missa af …

Tveimur meisturum og fleiri ungum og upprennandi. Strengjasveit Listaháskólans heldur árlega tónleika sína í Seltjarnarneskirkju á morgun kl. 17. Á efnisskránni eru hið sívinsæla meistaraverk Mozarts, Eine kleine Nachtmusik, og kantata eftir Bach.

Einsöngvari er Þorvaldur Þorvaldsson en stjórnandi Gunnar Kvaran.




**EINS OG SATAN SJÁLFUR** Kristinn Sigmundsson á æfingu í Semperóperunni á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Ekki springa!

Hinn geðþekki óperusöngvari Kristinn Sigmundsson æfir nú hlutverk Mefistós fyrir uppfærslu Semperóperunnar í Dresden í Þýskalandi á óperunni Fordæmingu Fásts eftir Hector Berlioz. Verkið byggir á sorgarleik Goethes um eitt þekktasta fall bókmenntasögunnar þar sem Kristinn leikur hinn illa en óumræðanlega heillandi Mefistó sem verður örlagavaldur Fásts.

Óperuhús þetta er með þeim frægustu í heimi og er iðulega uppselt á sýningar þar. Fyrirhyggjusamir Þýskalandsfarar geta hins vegar reynt á heppni sína á heimasíðunni www.semperoper.de.

Verkið verður frumsýnt á morgun.

# Er hægt að deila sársaukanum?

**Hálsfestin hennar Helenu er meira en skartgripur; hún er kannski myllusteinn, jafnvel lausnargjald. Harmurinn er þó að hálsfestin er týnd og eigandinn næstum týndari í framandi borg sem er full af sársauka.**

Leikrit Carole Fréchette, Hálsfesti Helenu, hefur hlotið frábærar viðtökur úti um allan heim. Höfundurinn, sem er margverðlaunað leikskáld frá Kanada, er stödd hér á landi í tilefni frumsýningar Þjóðleikhússins á verkinu í kvöld.

Verkið skrifaði Fréchette eftir dvöl sína í Líbanon árið 2000 en þangað bauðst henni að fara ásamt átta kollegum sínum með það að augnamiði að skrifa leikverk um þá reynslu sína. „Þessi ferð hafði mjög djúpstæð áhrif á mig,“ útskýrir Fréchette en þetta var í fyrsta sinn sem hún ferðaðist til Mið-Austurlanda eða til stríðshrjáðrar borgar. „Hugmyndin var að við kynntum okkur land og þjóð en við ferðuðumst mikið um, heimsóttum meðal annars palestínskar flóttamannabúðir. Fólkið sem við hittum átti ólíka reynslu að baki og fyrir mig var þessi heimsókn ákveðið áfall.“ Átöki ólíkra menningarheima, þess vestræna og arabíska, eru bakland leikritsins, sem er bæði hádramatísk og spaugilegt.


**VIÐ GETUM EKKI LIFAÐ SVONA LENGUR** Edda Arnljótsdóttir og Arnar Jónsson í hlutverkum sínum í Hálsfesti Helenu. MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Aðalpersónan Helena kemur til framandi borgar og verður fyrir því að týna hálsfestinni sinni en það sama henti Fréchette. „Í fyrstu hvarflaði að mér að fara og leita að henni en það var náttúrlega alveg absúrd hugmynd - að leita að svo litlum hlut í þessari óreiðukenndu borg.“ Í verkinu ferðast Helena um borgina og hittir fyrir alls konar fólk og þegar á líður verður sífellt óljósara að hverju hún leitar og skilningur hennar á aðstæðum og sársauka fólksins í borginni eykst. „Áhorfendur verða síðan sjálfir að ákveða hvað hálsfestin þýðir,“ segir leikskáldið lúmskt.

Fréchette ákvað strax að skrifa verkið frá sjónarhóli gestsins en Hálsfesti Helenu verður að teljast mjög persónulegt verk. „Það var eina sanngjarna sjónarhornið því ég vissi ekki mikið um landið. Ég vildi ekki aðeins ræða um sársauka fólksins heldur einnig sársauka einstaklingsins. Ég fann mjög sterkt fyrir minni eigin nostalgíu og sársauka og mér fannst mikilvægt að koma því fram af hreinskilni. Fyrir mér er það spennan í verkinu - þessar andstæður milli einstaklingsins og aðstæðnanna í borginni.“

Fréchette útskýrir að hún hafi ekki viljað gleyma því hver hún er. „Ég er frá Kanada, frá friðsælli borg og ríku landi, og get því ekki talað fyrir hönd fólksins sem lifir við allt aðrar aðstæður. Þetta er ekki pólitískt verk í venjulegum skilningi því ég horfi meira á dramatíkina út frá fólkinu og lífi þess. Samhengið er vissulega pólitískt því þarna geisaði stríð og þarna eru flóttamenn. Mín spurning er hins vegar hvort við getum deilt sársauka annarra. Það besta sem ég get gert sem listamaður er að tjá það af hreinskilni sem ég upplifði.“

Þjóðleikhúsið frumsýnir verkið á Smíðaverkstæðinu í kvöld. Leikstjóri þess er María Sigurðardóttir, sem nú leikstýrir í fyrsta sinn í Þjóðleikhúsinu en hún hefur sett upp tugi leiksýninga, þar á meðal í Borgarleikhúsinu. Með aðalhlutverkið fer Edda Arnljótsdóttir en en með önnur hlutverk fara Arnar Jónsson og Guðrún Snæfríður Gísladóttir. Leikmynd og búninga gerir Helga I. Stefánsdóttir, lýsingu annast Lárus Björnsson og Ester Ásgeirsdóttir hannar hljóðmynd. Þýðandi leikritsins er Hrafnhildur Hagalín.

kristrun@frettabladid.is


# Draumalandið

*Leikverk byggt á metsölubók Andra Snæs Magnasonar*

Við hvað erum við hrædd?

Með miklum húmor og skemmtilegu innsæi ... ...tekst þessari sýningu að hlæja bæði að þeim sem eru með og þeim sem mótmæla stóriðjuvæðingu Íslands... notið tækifærið segi ég.
***Martin Regal Mbl.***

Má vel ráðleggja þeim sérstaklega að sjá þessa sýningu sem ekki hafa lesið bókina, þeim mun verða dillað. Umgerðin er mögnuð og tónlistin
***Silja Aðalsteinsdóttir TMM.***
áhrifarík.

Sýningin er allt í senn stórskemmtileg, háalvarleg og hárbeitt. Ef þú ætlar bara einu sinni í leikhús á þessu ári sjáðu þá Draumalandið í Hafnarfjarðarleikhúsinu.
***Þröstur Sverrisson***

takk, takk, takk, Hafnarfjarðarleikhús!
***Ómar Ragnarsson***

… býsna áhrifamikil… á köflum dásamleg… einhver heillandi blær yfir þessari - leikmynd. Smellpassar inní tíðarandann.
***Þorgerður E. Sigurðardóttir Víðsjá***

Draumalandið – Tær snilld.
***Sara Dögg Jónsdóttir***

HAFNARFJÖRÐUR Landsbankinn MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði.
Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is



**HLÝTT Á BRAHMS OG MOZART** Félagar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands leika ásamt Steinunni Birnu Ragnarsdóttur píanóleikara í Listasafni Íslands í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

## Kristallinn hljómar

Kammertónleikaröð Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Kristall, heldur áfram göngu sinni í Listasafni Íslands í dag. Þá munu þau Sif Tulinius fiðluleikari, Þórunn Ósk Marinósdóttir víóluleikari og Sigurður Bjarki Gunnarsson sellóleikari flytja verk eftir Mozart og Brahms ásamt sérstökum gesti, píanóleikaranum Steinunni Birnu Ragnarsdóttur.

Flytjendurnir koma úr röðum færustu tónlistarmanna landsins og er mikill fengur af þessu framtaki Sinfóníunnar. Gerður hefur verið góður rómur að kammertónleikaröðinni en tónlistin þykir njóta sín vel í fallegu umhverfi Listasafnsins við Fríkirkjuveg.

Snillingar þessir, sem allir koma úr röðum færustu hljóðfæraleikara landsins, flytja á tónleikunum undurfagran kvartett í Es-dúr eftir Mozart og Píanókvartett í c-moll op. 60 eftir Johannes Brahms sem er hárómantískt verk enda samið á miklum átakatímum í lífi tónskáldsins.

Tónleikarnir hefjast kl. 17 og er miðasala við innganginn.

# Kvikmyndaperla ársins á DVD í BT






**Kvikmyndaperla ársins Little Miss Sunshine er komin á DVD í BT**

**Þessi yndislega gamanmynd er sannkölluð skyldueign!**

**2.299**



**Besta handrit**
**Besti leikari í aukahlutverki**

**BT**

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

# Framlag verðlaunað

Rithöfundarnir Margaret Atwood, Ian McEwan og Philip Roth eru meðal þeirra sem hlutu náð fyrir valnefnd Alþjóðlegu Booker-bókmenntaverðlaunanna og komust á lista yfir þá fimmtán höfunda sem tilnefndir eru í ár.

Verðlaunum þessum var komið á fót árið 2005 en ólíkt hinum eiginlegu Booker-verðlaunum, sem ætluð eru breskum skáldsagnahöfundum og kollegum þeirra á Írlandi, Suður-Afríku eða í ríkjum sem tilheyrðu breska heimsveldinu, eru alþjóðlegu verðlaunin ekki veitt fyrir stök höfundarverk heldur fyrir feril og framlag höfunda til bókmenntanna í heild.

Man Booker-verðlaunin voru fyrst afhent árið 1969 og teljast með virtari bókmenntaverðlaunum og nú er til að mynda einnig farið að veita rússnesk Booker-verðlaun. Þessi alþjóðlegu verðlaun voru fyrst afhent árið 2005 en þau hlaut þá albanski rithöfundurinn Ismail Kadaré.


MARGARET ATWOOD


SALMAN RUSHDIE

Verðlaunaféð er nemur um 7,8 milljónum króna en verðlaunin eru afhent annað hvert ár.

Dómnefnd verðlaunanna er einráð og tekur því ekki við ábendingum frá bókaútgefendum. Dómnefndina skipa fræðikonan Elaine Showalter og rithöfundarnir Nadine Gordimer og Colm Tóbín en þátttökurétt eiga höfundar sem skrifa á ensku eða hvers verk eru aðgengileg í enskum þýðingum. Fleiri kunnugleg nöfn má finna á listanum, þar á meðal nöfn Alice Munro, Salmans Rushdie, Doris Lessing, Carlos Fuentes og Amos Oz en tilkynnt verður um verðlaunahafann í júníbyrjun.

Aukinheldur eru veitt verðlaun fyrir þýðingar og ef svo á við getur verðlaunahafinn valið þýðanda að verkum sínum sem þá hlýtur einnig dágóða summu fyrir sitt starf. - khh

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

11 12 13 **14** 15 16 17

### Laugardagur

#### TÓNLEIKAR

☐ 13.00 Fimmtu og síðustu tónleikar vetrarins í **TKTK - Tónleikaröð kennara Tónlistarskóla Kópavogs** verða haldnir í **Salnum**. Þar koma fram **Hlíf Sigurjónsdóttir**, fiðluleikari, **Eydís Franzdóttir**, óbóleikari, **Rúnar Óskarsson**, klarinettuleikari, **Guðrún Þórarinsdóttir**, víóluleikari og **Þórir Jóhannsson** kontrabassaleikari Á efnisskrá er Kvintett eftir Sergei Prokoffief, kvintett eftir Óliver Kentish, dúó fyrir fiðlu og kontrabassa eftir Reinhold Gliere og dúó fyrir klarinettu og kontrabassa eftir W. Sydeman.

#### LEIKLIST

☐ 20.00 **Stúdentaleikhúsið** frumsýnir verkið **Examinasjón** í **Kartöflugeymslunum** í **Ártúnsbrekku** í kvöld. Verkið er bygg á sagnabálki sem birtist í breska spéritinu VIZ fyrir nokkrum árum og tekur verkið til umfjöllunar þær kenndir mannskepnunar sem fæstir vilja kannast við. Leikstjóri er **Guðjón Þorsteinn Pálmarsson** en um tónlistarstjórn sér **Snæbjörn Ragnarsson**.

☐ 21.00 Nemendur á öðru ári í **Fræði og framkvæmd** í **Listaháskóla Íslands** setja upp leiksýninguna **Tímabil** í gömlu kartöflugeymslunum í **Ártúnsbrekku**. Sýningin gerist öll í og í kringum jarðhúsin og er samin með sögu og lögun staðarins sem innblástur.

#### SKEMMTANIR

☐ 20.00 Hljómsveitin **Skátar** fagnar útgáfu breiðskífu sinnar, **Ghost of the Bollocks to Come** á Barnum við Laugaveg 22.

#### FYRIRLESTRAR

☐ 13.30 **Gísli Pálsson** prófessor heldur fyrirlestur í **Odda** sem hann nefnir: **Nafnahefðir inúíta: mannfræðileg sjónarmið.** Í erindinu verður rætt um nafnahefðir í ólíkum samfélögum, sérstaklega mannanöfn, og umfjöllun um þær á vettvangi mannfræði og skyldra greina. Áhersla verður lögð á samfélög inúíta allt frá Síberíu til Grænlands, breytingar á nafnahefðum þeirra í kjölfar heimsveldis og menningarblöndunar og viðbrögð inúíta síðustu ár.

#### FUNDIR

☐ 11.30 **París**, félag þeirra sem eru einir/einar, heldur fund á **Kringlukránni**. Nýir félagar velkomnir.

#### SÝNINGAR

☐ 13.00 **Rúrí** býður gestum upp á leiðsögn um sýninguna í **Gerðubergi** laugardaginn 14. apríl kl. 13. Sýningin verður framlengd og stendur til 6. maí nk.

☐ 13.00 Í **SAFNI** við **Laugaveg** stendur yfir sýning franska myndlistarmannsins **Mathieu Copeland Exhibitions' ruins / Emotional Landscapes**. Sýningin byggir á leifum eða rústum eldri sýninga. Hún stendur til 13. maí.

☐ 13.00 **Borghildur Óskarsdóttir** sýnir verkið **OPNUR - sögur frá liðnum tíma í ljósi mynda** í **Listasafni ASÍ** við Freyjugötu. Uppistaðan í sýninginni er ættar- og fjölskyldusaga sem tengist hinum ýmsu stöðum á sunnanverðu landinu, náttúrunni þar og húsunum.

☐ 15.00 **Sirra Sigrún Sigurðardóttir** og **Guðrún Benónýsdóttir** verður með **listamannaspjall** í **Nýlistasafninu** í tenglsum við sýningu þeirra **Fata Morgana**.


ABBABABB!
eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
Sun 15. apríl kl. 14.00 Uppselt
Sun 15. apríl kl. 17.00 Laus sæti
Sun 22. apríl kl. 14.00 Laus sæti
Sun 29. apríl kl. 14.00 Örfá sæti laus
Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 555 2222 eða á www.midi.is
www.abbababb.is

CAVALLERIA RUSTICANA
eftir PIETRO MASCAGNI
3. sýn: Lau. 14. apríl kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
4. sýn: Sun. 15. apríl kl. 17 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
Elín Ósk Óskarsdóttir
Jóhann Friðgeir Valdimarsson
Ólafur Kjartan Sigurðarson
Hörn Hrafnsdóttir Þórunn Stefánsdóttir
SAMSTARFSVERKEFNI ÍSLENSKU ÓPERUNNAR OG ÓPERUKÓRS HAFNARFJARÐAR
TILFINNINGASÚPA Í HÁDEGINU
HÁDEGISTÓNLEIKAR ÞRIÐJUDAGINN 17. APRÍL KL. 12.15
Sigríður Aðalsteinsdóttir, mezzósópran og Helga Bryndís Magnúsdóttir, píanó, flytja þýsk og frönsk ljóð.
Miðaverð kr. 1.000.-
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

SÍÐAN SKEIN SÓL
20 ára afmælistónleikar
Mið 18/4 kl. 20 Miðaverð 3.900

VILTU FINNA MILLJÓN?
Sun 15/4 kl. 20 Fim 3/5 kl. 20
Síðustu sýningar

EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 15/4 kl.20 Þri 17/4 kl. 20
Fim 19/4 kl. 20 Þri 24/4 kl. 20

LADDI 6-TUGUR
Í kvöld kl. 20 UPPS. Sun 15/4 kl. 14 UPPS.
Mán 16/4 kl.21 UPPS. Fim 19/4 kl. 14 UPPS.
Fim 19/4 kl. 17 UPPS. Fim 19/4 kl. 21 UPPS.
Fös 27/4 kl. 20 UPPS. Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS.
Fös 4/5 kl. 20 UPPS. Fös 4/5 kl. 22:30 UPPS.
Fim 10/5 kl. 20 UPPS. Fim 10/5 kl. 22:30
Þri 29/5 kl. 20 Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 20 Lau 2/6 kl. 22:30

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Í kvöld kl. 20 UPPS. Sun 15/4 kl.20 UPPS.
Mán 16/4 kl. 20 UPPS. Fös 20/4 kl. 20 UPPS.
Lau 21/4 kl.20 UPPS. Sun 22/4 kl.20 UPPS.
Mið 25/4 kl. 20 UPPS. Lau 28/4 kl. 20 UPPS.
Sun 29/4 kl. 20 UPPS. Fim 3/5kl.20
Sun 6/5 kl. 20 Fim 10/5 kl. 20
Fös 11/5 kl. 20 Lau 12/5 kl. 20

DAGUR VONAR
Mið 18/4 kl. 20 UPPS. Fim 19/4 kl. 20
Fim 26/4 kl. 20 Fös 27/4 kl. 20
Fös 4/5 kl. 20 Mið 16/5 kl. 20

SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Fös 20/4 kl. 20 FORS.UPPS.
Lau 21/4 kl. 20 FORS. MIÐAVERÐ 1.500
Sun 22/4 kl. 20 FRUMSÝNING UPPS.
Lau 28/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Sun 29/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort
Lau 5/5 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 6/5 kl. 20 5.sýning Blá kort
Fös 11/5 kl. 20

KILLER JOE
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Í kvöld kl. 20 Fös 20/4 kl. 20
Lau 21/4 kl. 20
Síðustu sýningar í vor

KARÍUS OG BAKTUS
Sun 15/4 kl. 13,14,15 UPPS.
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 UPPS.
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 20/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvins
Þri 17/4 kl. 20 AUKAS.
Mið 2/5 kl. 20 AUKAS.
Lau 5/5 kl. 20 AUKAS.

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ






Stóra sviðið kl. 20:00
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 15/4 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 17:00 örfá sæti laus, sun. 22/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 örfá sæti laus, sun. 29/4 kl. 14:00 nokkur sæti laus.
Síðustu sýningar!
LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Í kvöld , lau. 14/4 örfá sæti laus, fim. 19/4, fös. 20/4 örfá sæti laus, lau. 21/4 nokkur sæti laus, fim. 26/4, fös. 27/4 örfá sæti laus, lau. 28/4, fös. 4/5, lau. 5/5.
Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.
CYMBELINE eftir Shakespeare - Cheek By Jowl í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.
Þri. 15/5 örfá sæti laus, mið. 16/5, fim. 17/5 örfá sæti laus, fös. 18/5.
Smíðaverkstæðið kl. 20:00
Hálsfesti Helenu eftir Carole Fréchette.
Frumsýning í kvöld lau. 14/4 uppselt, sun. 15/4 uppselt, fös. 21/4 örfá sæti laus, fös. 27/4, lau. 5/5. Umræður eftir sýningu méð Jóhönnu Kristjánsdóttur 21/4 og Sveini Rúnari Haukssyni 27/4 og 5/5.
Kassinn
HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Frumsýning mið. 18/4 uppselt, fim. 19/4 uppselt, fös. 20/4 uppselt, lau. 21/4 örfá sæti laus, fim. 26/4 uppselt, fös. 27/4 uppselt, lau. 28/4 örfá sæti laus, sun. 29/4 örfá sæti laus, fim. 3/5 uppselt, fös. 4/5 örfá sæti laus, lau. 5/5 örfá sæti laus, sun. 6/5 örfá sæti laus. sun. 13/5 örfá sæti laus, fös. 18/5.
Kúlan
MJALLHVÍT Brúðusýning Helgu Arnalds.
Í dag lau. 14/4 kl. 15:00, sun. 15/4 kl. 15:00, fim. 19/4 kl. 15:00, lau. 21/4 kl. 15:00, sun. 22/4 kl. 15:00.
GERSEMAR GÆRDAGSINS Gestasýning frá Turak leikhópnum í Frakklandi.
Mán. 16/4 kl. 20:00 örfá sæti laus.
Afgreiðslan er opin frá kl. 12:30 til kl. 18:00 á mánudögum og þriðjudögum. Aðra daga frá kl. 12:30 til 20:00. Miðasölusími 551-1200. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is
Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!

KRINGLUKRÁIN
SIXTIES í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Vesturport
Í samstarfi við Vesturport
14. apríl - Uppselt
15. apríl Uppselt
21. apríl Uppselt
25. apríl Uppselt
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is





EILÍF HAMINGJA
Fyrsta íslenska millistjórnendadramað
SÝNT Í BORGARLEIKHÚSINU
★★★★ Fyndin hugmynd útfærð á frumlegan hátt með frábærum leikurum. Fréttablaðið
TILBOÐ 2 FYRIR 1
Viðskiptavinir Glitnis fá tvo miða á verði eins ef greitt er með greiðslukorti Glitnis.
GLITNIR
FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN ER OKKAR VERKEFNI

Draumalandið
eftir Andra Snæ Magnason
14. apr lau. 8 sýning kl. 20
20. apr fös. 9 sýning kl. 20
21. apr lau. 10 sýning kl. 20
26. apr fim. 11 sýning kl. 20
27 apr fös. 12 sýning kl. 20
28 apr lau. 13 sýning kl. 20
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is

## NÝJAR BÆKUR

JPV útgáfa sendir frá sér skáldsöguna Saffraneldhúsið eftir Yasmin Crowther en þetta er frumraun höfundar sem hvarvetna hefur hlotið mikið lof og frábærar viðtökur. Bókin er gefin út beint í kilju. Á þungbúnum haustdegi í London brjótast sársaukafullar minningar Maryam Mazar upp á yfirborðið með þeim hræðilegu afleiðingum að dóttir hennar Sara missir ófætt barn sitt. Til að flýja sektarkenndina yfirgefur Maryam góðhjartaðan breskan eiginmann sinn og heimili þeirra í úthverfi London og heldur til afskekkta þorpsins í Íran þar sem hún ólst upp. Sara veit ekkert um fortíð móður sinnar, sem fluttist ung til Bretlands, en ákveður að fara á eftir henni til að reyna að fá hana til að snúa aftur heim. Smám saman kemst hún að því hvernig Maryam varð viðskila við fjölskyldu sína og verður margs vísari um rætur óhamingju hennar. Saffraneldhúsið er ljúf og grípandi saga um samband móður og dóttur, svik og refsingu, ást og fjölskyldubönd, gerólíka menningarheima og klofna sjálfsmynd. Ekki síst fjallar hún á áhrifamikinn hátt um það hvernig draumar og draugar fortíðarinnar elta okkur alltaf uppi þótt þeir hafi legið í þagnargildi árum saman.




JPV útgáfa hefur sent frá sér skáldsöguna Skíðaferðina eftir Emmanuel Carrère, höfund Óvinarins sem kom út á íslensku hjá sama forlagi árið 2002. Bókin, sem alls staðar hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda, er gefin út beint í kilju. Sigurður Pálsson þýðir. Nicolas er lítill strákur í skíðaferð með bekknum sínum lengst uppi á fjöllum, fjögur hundruð kílómetra frá heimili sínu. Strax frá upphafi er ljóst að ógn steðjar að. Við finnum það, við vitum það, alveg eins og hann hefur alltaf vitað það. Í ferðinni breytist kvíðinn sem býr innra með honum í skelfilega martröð. Við vitum að óttinn er raunverulegur og að eitthvað er í þann veginn að gerast. Eitthvað sem enginn fær stöðvað. Emmanuel Carrère starfar sem rithöfundur, handritshöfundur og leikstjóri. Umfjöllunarefni hans tengjast gjarnan innri átökum, birtingarmyndum blekkingarinnar og raunveruleikaskynjun.





**Viðburðir Landnámsseturs í apríl**

**lau 14. apríl** kl. 20
Mr. Skallagrímsson **örfá sæti laus**
**su 15. apríl** kl. 16 Mr Skallagrímsson **uppselt**
**su 15. apríl** kl. 20:30 JASS TÓNLEIKAR
**mið 18. apríl** kl.20
Mr.Skallagrímsson **uppselt**
**fi 19. apríl** kl. 20 Mýramaðurinn **Laus sæti**
**fö 20. apríl** kl. 20 Mr Skallagrímsson
**uppselt**
**lau 21. apríl** kl. 20 KK og Einar **Laus sæti**
**su 22. apríl** kl. 16
Mr. Skallagrímsson **uppselt**
**má 23. apríl** kl. 20
Brúðuleikhús Turak - **ókeypis aðgangur**
**fö 27. apríl** kl. 20
Mr. Skallagrímsson **uppselt**
**lau.28.apríl** kl 16 **aukasýning**
Mr.Skallagrímsson **uppselt**
**lau. 28. apríl** kl. 20
Mr. Skallagrímsson **uppselt**
**su. 29 aprríl** kl. 16 **aukasýning**
Mr. Skallagrímsson **uppselt**
**su 29. apríl** kl. 20 KK og Einar **Laus sæti**

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS

Nánanari upplýsingar um sýningar í maí á www.landnamssetur.is
Miðapantanir í síma 437 1600


# Tónleikar Áskels í Hnitbjörgum

Hnitbjörg, hús, vinnustofa og fyrrum heimili Einars Jónssonar myndhöggvara á Skólavörðuholti, er merkileg bygging, hannað af listamanninum sjálfum. Þangað leggja margir leið sína. Bæði garðurinn við húsið og allar innréttingar eru sérstakar.

Áskell Másson tónskáld efnir á morgun til hljómleika í húsinu og sætir það nokkrum tíðindum. Hljóðfæraskipun þeirra verka sem Áskell hefur valið til flutningsins er óvenjuleg: harpa, flauta og slagverk. Fimm verk verða þar flutt og kallar tónskáldið dagskrána Úr huliðsheimum.

Verkin fjögur eru úr ýmsum áttum og frá ólíkum tímum í lífi tónskáldsins: *Lament* var samið eftir lestur sögunnar Itys úr grískri goðafræði. Sorgin flæðir úr brjósti móður sem misst hefur barn sitt. Það var samið fyrir Manuelu Wiesler á árinu 1978. *Mirage* var samið fyrir Elísabetu Waage hörpuleikara á síðasta ári og flytur hún það á morgun. Um það segir tónskáldið: „Eins og úr undirdjúpum koma gárur sem mynda hillingar. Heimur hörpunnar er engum líkur og hefur heillað mig alla tíð.“ Verkið var samið fyrir Elísabetu Waage snemma á síðasta ári. Tvö lög eru á dagskránni, *Canzona* frá 1984 og *Bercuse* frá 1980. Fyrra lagið var samið í tilefni fæðingar dóttur tónskáldsins. Það síðara er vöggulag. Þessi lög hafa verið leikin á flest hljóðfæri, en harpan ljáir þeim einstakan blæ, segir Áskell. Um fjórða verkið segir hann: „Á meðal íslenskra þjóðsagna má finna sögu sem ber heitið Íma álfastúlka. Hér stígur hún fram úr steininum. Verkið var samið fyrir japanska slagverksleikarann Madoku Ogasawara sem frumflutti það í Kaupmannahöfn í „Den sorte diamant“ þann 29. nóvember á síðasta ári. Hljóðheimurinn er sérstæðir litir málmhljóðfæranna og ber það nafn álfkonunnar, *Íma*.

Síðasta verkið er melódía tekin úr fiðlukonsert Áskels sem frumfluttur var í byrjun maí á síðasta ári af Sigrúnu Eðvaldsdóttur og Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Rumons Gamba. Þetta verk, *Cantilena*, fyrir þau Martial Nardeau flautuleikara, Elísabetu og Frank Aarnik slagverksmeistara, var sérstaklega gert fyrir þessa tónleika.

Tónleikarnir í Hnitbjörgum hefjast kl. 15.

**- pbb**



TÓNSKÁLDIÐ ÁSKELL MÁSSON






## > TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

**Verslunin Mona** heldur upp á tveggja ára afmæli sitt í dag. Léttar veitingar verða á boðstólum í versluninni á Laugavegi kl. 11-16 og leiklistarnemar við LHÍ verða með tískusýningu kl. 14.
**Gap** hefur fengið hönnuðina Doo-Ri Chung, Thakoon Panichgul og Kate og Laura Mulleavy til að hanna skyrtur til styrktar hungruðum börnum í þriðja heiminum.
**Penelope Cruz** hefur farið í samstarf við Mango um að hanna nýja fatalínu.
**Fyrrverandi yfirhönnuður Louis Féraud**, Jean-Paul Knott, hefur verið ráðinn yfirhönnuður Cerruti.

# stíll

utlit@frettabladid.is




**Statement hálsmen** frá Alex + Chloé, fæst í Glamúr



**Silfraðir skór** með fylltum hæl frá miu miu. Fást hjá Sævari Karli.

OKKUR LANGAR Í ...




**Dásamlegt styrkjandi krem** fyrir líkamann frá Shiseido sem ilmar af sumri.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
**Anna Margrét Björnsson**

# *LSK: Litli svarti kjóllinn*



Mér er boðið í brúðkaup á næstunni og eftir að skanna hratt yfir óreiðuna í fataskápnum sá ég ekkert nema svart að vanda. Fannst eitthvað lélegt við það að mæta í svörtum kjól í brúðkaup. Brúðkaup eru hamingjusamir viðburðir en pínu hallærislegir sem tískuviðburðir. Maður fer að ímynda sér „Hello“ blöð og pastellitaða chiffon kjóla og húðlitaðar sokkabuxur (quel horreur!) En ef ég mæti aftur í svörtu þá held ég að fólk fari að halda að ég sé 1. blóðsuga 2. satanisti eða 3. óheillakráka sem boði ógæfu hinna nývígðu hjóna. En ég á bara ekkert nema svarta kjóla! Þeir mega þó eiga það að þeir eru allir skemmtilega öðruvísi... stuttir, hnésíðir, flegnir, síðar ermar, sixtís, þröngir, eða drop-dead sexý. Ég tek nefnilega hina frægu möntru alvarlega: „Þú klikkar aldrei í svörtum kjól“. Coco Chanel fann upp LSK (litla svarta kjólinn) enda gekk konan sú eiginlega eingöngu í svörtu. Hún, eins og margar framakonur vissi að: „black means business“ - þ.e.a.s. að fólk taki þær alvarlega í svörtum fötum. Tískukonungurinn Christian Dior sagði árið 1954 að „Konur geta gengið í svörtu hvenær sem er dags eða nætur, á hvaða aldri sem er og við hvaða tækifæri sem er.“ Svartur kjóll gengur í vinnunni, á fínu balli, í kokkteil, á fyrsta stefnumót, í matarboði og við jarðarfarir. Hann gengur líka ef þú ert gothara-týpa, rokkari eða kvikmyndastjarna á rauða dreglinum. Hann myndast vel, og getur verið allt frá því að vera gífurlega einfaldur til þess að vera guðdómlega kynþokkafullur. Svo segi ég bara.. **accessorise.. accessorise.. accessorise.. einfaldur kjóll getur verið poppaður upp eftir vinnu með flottu síðu hálsmeni eða perlufesti (núna er gyllt vintage skart frá um 1970 í uppáhaldi hjá mér), fallegu veski, kápu og skóm. Settu hárið upp eða gerðu á þig rokkabillí „quiff“ og sparaðu ekki eyelinerinn.** Sumsé, þú getur breytt svarta kjólnum eftir vild - einn daginn litið út eins og Audrey Hepburn, næsta eins og Edie Sedgwick og þarnæsta eins og Kate Moss. Ekki slæmt. Þrátt fyrir þetta held ég að ég verði að bregða út frá vananum í brúðkaupi... sjáum hvað setur...


## Tónlistarskóli FÍH auglýsir eftir umsóknum um skólavist fyrir skólaárið 2007-2008



Innritun nýnema fyrir næsta skólaár 2007-2008 stendur yfir hjá Tónlistarskóla FÍH til 1. maí n.k.

Sótt er um skólavist á heimasíðu skólans **www.fih.is/sk** og á rafrænnireykjavík.is.
Allir nýnemar þreyta inntökupróf í skólann.

Umsækjendur fá bréf um miðjan maí með tíma fyrir inntökupróf en þau fara fram dagana 21 - 24 maí.

Tónlistarskóli FÍH er framsækinn skóli með vel menntaða úrvalskennara sem eru virkir þátttakendur í íslensku tónlistarlífi. Skólinn býður nemendum sínum gott námsumhverfi og fjölbreytt námsframboð. Um leið eru gerðar kröfur til nemenda hvað varðar ástundun og námsframvindu.
Ef þú vilt verða góður tónlistarmaður er Tónlistarskóli FÍH rétti skólinn fyrir þig.

***Lifandi tónlist – Lifandi fólk***




**SKÆRBLEIKT** Stella McCartney með útfærslu á neonlitum í fallega sniðnum sumarkjól.



**NEON GRÆNN** Sexý kjóll frá Preen, fæst í Trilogiu.

**APPELSÍNU-RAUÐUR** Kjóll frá Erotokritos, fæst í Trilogiu.



**SIXTÍSRENDUR** Áhrifa Edie Sedgwick gætir enn á tískuna. Þessi sumarlegi kjóll er frá Sonia Rykiel.

# Gakktu óhrædd inn í sumarið

Nú þegar sólin fer vonandi að hækka á lofti er kominn tími til þess að kíkja á helstu tískustrauma komandi sumars. Það er óneitanlega hægt að segja að árstíðin verði með afbrigðum litaglöð og framúrstefnuleg. Hönnuðir eins og Hussein Chalayan og Nicolas Ghésquiere hafa boðað endurkomu geimaldar með málmi, plasti og glans. Níundi áratugurinn og „new rave“ lúkkið koma sterkt inn og áhrifin hafa meira að segja teygt sig til Bjarkar Guðmundsóttir og plötu hennar Volta, þar sem neon-litir eru í fyrirrúmi. Svart-hvítar rendur halda áfram velli og sáust meðal annars hjá Giles Deacon, Ungaro og Sonia Rykiel. Mynstur eru reyndar afar áberandi, hvort sem það eru doppur og dílar, rómantísk blómamynstur eða villt frumskógarmótíf. Hvítt er góður kostur fyrir þær sem kjósa að halda sig frá litagleðinni og margir hönnuðir voru með dásamlegar útgáfur af litla hvíta kjólnum í sumar. Draumkennt chiffon-efni og 18. aldar rómantík sveif eftir tískupöllum Louis Vuitton og húðlitur er annar fágaður litakostur í sumar. Með hækkandi sól kemur svo auðvitað aukin útivera og sport-stíllinn tröllreið sumar-og vorlínum margra hönnuða, þar á meðal Jean Paul Gaultier og DKNY. Hvað varðar fylgihluti eru veski og töskur úr lakki eða málmi áfram í tísku ásamt himinháum fylltum hælaskóm. Höfuðfatnaður eins og klútar, breið sixtís-bönd og jafnvel túrbanar eins og hjá Prada verða það alheitasta. Munum bara að það er ekkert eins hallærislegt og að skjálfa úr kulda í hinu íslenska sumri og því vert að halda fast í svörtu sokkabuxurnar og hlýjar kápur.. að minnsta kosti fram i júlí !



**MEÐ TÚRBAN Í SÓLINA** Prada kom túrbaninum aftur á tískukortið í sumar. Eflaust þægilegt fyrir strandfríin í sumar.

**5 helstu sumarlúkkin:**

1. **Neonlitir**
2. **Málmáferðir**
3. **Rómantík og blómamynstur**
4. **Svartar og hvítar rendur**
5. **Sportlegt**



**BLEIKARI EN ALLT BLEIKT** Neonvaralitur fra sumarlínu YSL.



**SILFRUÐ FRAMTÍÐARSÝN** Hvítur og silfurlitur kjóll frá Chanel.



**MARÍA ANTOINETTE** Louis Vuitton var með rómantíkina í fyrirrúmi fyrir sumarið.



**RÓMANTÍSKUR** Fölbleikur kjóll úr chiffoni frá GK, Reykjavík.



DELL Inspiron 1501

Tilboðsverð **109.900,-**

# FERMINGARTILBOÐ

## Á GRENSÁSVEGI ER OPIÐ 10-16 Á LAUGARDÖGUM



**Kodak myndavél**
Easyshare V610

Tilboðsverð **25.900,-**



**vMax spilari**
Mp3, videó, FM útvarp og 2 GB minni

Tilboðsverð **14.900,-**



**Hantarex LCD sjónvarp**
20" með innbyggðum DVD spilara

Tilboðsverð **69.900,-**



**Office 2007**
Home and student edition

Tilboðsverð **14.900,-**



**Unicorn - mv5000**
Sjónvarpsflakkari m/320 GB hd.

Tilboðsverð **29.900,-**



**Tempo**
Armband fyrir iPod Nano

Tilboðsverð **3.900,-**

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

EJS




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| PERFECT STRANGER | kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| PERFECT STRANGER SÝND Í LÚXUS | kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 |
| SUNSHINE | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| MR. BEAN'S HOLIDAY | kl. 1, 3, 5, 7, 9 og 11 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 2 og 4 |
| TMNT | kl. 2, 4, 6, og 8 B.I. 7 ÁRA |
| SCHOOL FOR SCOUNDRELS | kl. 10 |

MIÐASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á midi.is

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| SUNSHINE | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| THE SCIENCE OF SLEEP | kl. 3, 8 og 10 B.I. 7 ÁRA |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 3 og 6 |
| TMNT | kl. 3 og 6 B.I. 7 ÁRA |
| SCHOOL FOR SCOUNDRELS | kl. 3, 5.45, 8 og 10.15 |
| THE ILLUSIONIST | kl. 8 og 10.15 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| PERFECT STRANGER | kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| HOT FUZZ | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |
| SCHOOL FOR SCOUNDRELS | kl. 8 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI ÍSLENSKT TAL | kl. 4 og 6 |
| TMNT | kl. 4 og 6 B.I. 7 ÁRA |

MIÐASALA Í BORGARBÍÓ Á midi.is

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíó merktar með rauðu

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Engin mótmælahljómsveit

**Fyrsta plata Skáta í fullri lengd, Ghost of the Bollocks to Come, er komin út á vegum útgáfufélagsins Grandmothers Records. Freyr Bjarnason ræddi við gítarleikarann Benedikt Reynisson.**



**SKÁTAR** Pétur Már Guðmundsson, Björn Kolbeinsson, Benedikt Reynisson, Markús Bjarnason og Ólafur Steinsson spila á plötunni Ghost of the Bollocks to Come.

Ghost of the Bollocks to Come var að mestu leyti tekin upp á einni helgi í febrúar á síðasta ári í sumarbústað að Kiðjabergi í Grímsnesi af Bjarna Þórissyni.

„Þetta er í grunninn rokktónlist. Þetta er samt ekki „straightforward" rokk heldur aðallega í anda bandarísks nýbylgjurokks og pönks frá 1980," segir Benedikt. „Við fílum líka alveg nútímatónskáld eins og Terry Reilly eins og kemur fram í einu laginu."

Skátar stefna að því að fylgja plötunni eftir erlendis, meðal annars í Bretlandi og Bandaríkjunum. Tvö ár eru liðin síðan sveitinni bauðst plötusamningur við Moshi Moshi-útgáfuna í Englandi, sem hefur haft á sínum snærum Hot Chip og Bloc Party. Samningurinn þótti ekki nógu góður og vonast Skátar til að uppskera betri samning eftir næstu tónleikaferð. „Okkur leist ekki á það sem þeir buðu. Við erum með lögfræðing í hljómsveitinni og það kom sér vel. Við fengum líka fyrirspurn frá EMI en sinntum henni ekki," segir Benedikt af einstakri rósemi.

Auk þess að hafa spilað í Englandi hafa Skátar haldið tónleika í Belgíu, þar sem stóriðjustefnu Íslendinga var mótmælt. „Við vildum vekja athygli á þesu málefni og á tónleikana mætti fólk sem hefur verið að mótmæla á Kárahnjúkum. Við erum alltaf til í að taka afstöðu en við erum engin mótmælendahljómsveit. Við erum samt allir með sterkar skoðanir."

Þrátt fyrir að ný plata sé komin út hefur hálfgert óvissuástand ríkt hjá Skátum að undanförnu. Gítarleikarinn Ólafur Steinsson flutti til Bandaríkjanna og söngvarinn Markús Bjarnason flutti til Færeyja. Einnig missti sveitin æfingahúsnæði sitt og enduðu þau leiðindi í málaferlum þar sem Skátar voru á endanum sýknaðir. Hafa þeir nú byggt nýtt æfingahúsnæði á Kleppsvegi ásamt Jeff Who?, Ske, Jan Mayen, Ælu og Bacon.

Titill plötunnar, Ghost of the Bollocks to Come, er vísun í þessi vandamál sem hafa gengið yfir sveitina, auk hins sífellt versnandi ástands í heiminum að þeirra mati. Útgáfupartí vegna nýju plötunnar verður haldið í kvöld á Barnum.











ALÞJÓÐLEG HUNDASÝNING HUNDARÆKTUNARFÉLAGSINS ÍSHUNDA fer fram núna um helgina í reiðhöll Fáks í Víðidalnum.

Sýningin byrjar klukkan 11:00 báða dagana. Einnig verður boðið upp á kynningar- og sölubásar frá fyrirtækjum og tegundarbásar þar sem fólk gefst kostur á að kynna sér hundategundir og aðrar upplýsingar varðandi hunda. **Allir velkomnir aðgangseyrir er 500 krónur.**



Hill's

BYRJAÐU DAGINN Á BÍÓFERÐ › SPARBÍÓ 450kr á allar sýningar merktar með appelsínugulu á laugardögum og sunnudögum













Úrvalslið leikara í magnaðri kvikmynd
undir tryggri leikstjórn Robert DeNiro
THE GOOD SHEPHERD
Ósögð saga öflugustu leyniþjónustu fyrr og síðar, CIA.




Háskólabíó

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE GOOD SHEPERD | kl. 6 - 9 - 10:30 | B.i.12 | WILD HOGS | kl. 8:15 - 10:30 | b.i 7 |
| BECAUSE I SAID SO | kl. 6 - 8:15 - 10:30 | Leyfð | 300. | kl. 5:30-8-10:30 | B.i.16 |
| MRS POTTER | kl. 5:40 - 8 | Leyfð | THE GOOD GERMAN | kl. 5:30 | B.i.16 |

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE GOOD SHEPERD | kl. 8 - 11 | B.i.12 | ROBINSON F... ÍSL TAL kl. 1 - 1:30 - 3 - 3:40 - 5:50 | | Leyfð |
| GOOD SHEPERD VIP | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | | WILD HOGS kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | | b.i 7 |
| THE MESSENGERS | kl. 6 - 8 - 10:20 | B.i.16 | 300. | kl. 5:30 | B.i.16 |
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10 | Leyfð | MUSIC & LYRICS | kl. 3:40 | Leyfð |
| HOT FUZZ | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 | BRIDGE TO TEREBITHIA | kl. 1:30 | Leyfð |

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE MESSENGERS | kl. 6 - 8 - 10:30 | B.i.16 | |
| ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl.1:50 - 4 - 6:10 | Leyfð | DIGITAL-3D |
| MEET THE.. M/- ENSKU Tali | kl. 8:10 ótextuð | Leyfð | DIGITAL-3D |
| BECAUSE I SAID SO | kl. 1:40 - 3:40 - 5:50-8-10:20 | Leyfð | |
| 300. | kl. 10 | B.i.16 | DIGITAL |
| NORBIT | kl. 1:50 - 3:50 | Leyfð | DIGITAL |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | Leyfð- |
| MEET THE ROBINSONS | kl. 2 | Leyfð |
| HAPPILY NEVER AFTER | kl. 2 - 4 | Leyfð |
| MEET THE ROBINSONS | kl. 6 | Leyfð |
| CHAOS | kl. 8 | B.i. 16 |
| SMOKING ACES | kl. 10:10 | B.i. 16 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MR. BEAN´S HOLIDAY | kl. 2 - 4 - 6 | Leyfð |
| THE MESSENGERS | kl. 8 - 10 | B.i. 16 |
| MEET THE... M/- ÍSL TAL | kl 2 - 4 | Leyfð |
| BRIDGE TO TEREBITHIA | kl 6 | Leyfð |
| WILD HOGS | kl. 8 - 10 | b.i 7 |

www.SAMbio.is ( 575 8900 www.SAMbio.is


# „Skrapp“ í sókn á Íslandi

***Anna Sigríður Eyjólfsdóttir* föndrar af lífs og sálar kröftum á hverjum degi. Hingað til hefur ekki farið mikið fyrir tómstundagamni hennar hér á landi, en á ensku kallast iðjan „scrap“.**

„Það er ekki til neitt almennilegt heiti fyrir þetta á íslensku, annað en að skipta séinu út fyrir k,“ sagði Anna Sigga. „Þetta er svona eins og myndskreytt albúm. Maður notar sínar eigin myndir og myndskreytir svo eins og maður vill. Þetta er í rauninni dálítið eins og albúm og dagbók í einu,“ útskýrði hún. Til verksins þarf þó meira en hefðbundinn pappír. „Maður kaupir sérstök albúm, og svo þarf þetta allt að vera sýrufrír pappír, og „ligning free“, eða laus við trjákvoðu. Þá étur hann ekki upp myndirnar svo þær verði svona gulleitar,“ útskýrði hún. Slíkar vörur fást til dæmis í Skrapp í Fjarðarkaupum, en annars er Anna Sigga dugleg að panta sér vörur af netinu.



**SKRAPP Á HVERJUM DEGI** Anna Sigríður Eyjólfsdóttir segir skrappið vera ágætis leið til að slaka á eftir strembinn skóladag. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Anna Sigga segir langa hefð vera fyrir slíku föndri í Bandaríkjunum, en að vegur skrappsins fari þó vaxandi á Íslandi líka. „Ég byrjaði í janúar 2005, eftir að mamma mín fékk mig í þetta. Hún rakst bara á þetta á netinu. En frá svona miðju ári 2006 hefur þetta stækkað rosalega hér á landi,“ sagði Anna Sigga. Hún kveðst sjálf hafa smitað nokkrar vinkonur sínar af skrappveirunni, en er þó fyrst og fremst í sambandi við skrappara annars staðar frá. „Ég er mest á spjallrásum í Bandaríkjunum og Kanada, þar sem þetta er alveg risastórt,“ sagði hún.

Þar að auki stundar Anna Sigga síðuna pencillines.com, og í síðustu viku birtist þar skissa eftir hana. „Það eru nokkrir skrapparar frá Evrópu með þá síðu. Þær eru með áskorun í hverri viku og hafa samband við skrappara úti um allt og biðja þá um að gera skissu. Svo gerir maður sjálfur layout, eftir skissunni, og þær nota hana líka. Þetta er svona til að kveikja hugmyndir,“ sagði hún. Á síðunni verður fyrir vikið til skissusafn, sem skrapparar um heim allan geta notfært sér.

Anna Sigga segist tylla sér við skrappborðið á hverjum einasta degi, eða því sem næst. „Ég er í skóla á daginn, og mér finnst voðalega gott að gera þetta á kvöldin. Þetta er eins og að vera í þerapíu stundum – til að losna frá stressinu í skólanum og slappa af. Þetta er líka fínt fyrir kallinn, hann fær þá að horfa á fótboltann í friði,“ sagði hún og hló við.

sunna@frettabladid.is



**TVEIR FYRIR EINN** Skrappalbúm verða eins og albúm og dagbók í einu, að sögn Önnu Siggu.

# Jude Law kóngur framhjáhaldsins

Íslandsvinurinn Jude Law hefur verið valinn konungur framhjáhaldsins í heimi ríka og fræga fólksins í könnun bandarísks tímarits. Jude Law hélt sem kunnugt er framhjá leikkonunni Siennu Miller með barnfóstru sinni, Daisy Wright, og gerði þar með marga aðdáendur sína fráhverfa sér.

Annar í kjörinu um konunga framhjáhaldanna var leikarinn Billy Crudup sem skildi við ólétta kærustu sína til að taka saman við leikkonuna Claire Danes. Í þriðja sæti var Keith Urban, eiginmaður Nicole Kidman, fyrir framhjáhald með 23 ára fyrirsætu.

Rappstjarnan Puff Daddy komst líka inn á topp tíu fyrir framhjáhald með Jennifer Lopez. Það sama gerði Meg Ryan fyrir að halda við Russell Crowe.



**FRAMHJÁHALDSKÓNGURINN** Framhjáhald Jude Law með barnfóstru sinni gleymist seint.





Frábært verð

Nýkomin sending af vönduðum ítölskum sófasettum
Mikið úrval

Sófasett 3+1+1
Með koníaksbrúnu leðri eða dökkbrúnu leðri á aðeins kr.
229.000.-
m/slitsterku áklæði kr. 198.000.-



Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Opið kl. 10-18 Laugard. 11-16 Sími 581-2275 ■ 568-5375

**> Mætið tímalega**

Þriðji leikur lokaúrslita Njarðvíkur og KR um Íslandsmeistaratitil karla í körfubolta fer fram í Ljónagryfjunni í dag og ljóst að mikil áhugi er fyrir leiknum. Njarðvíkingar búast við troðfullu húsi og ætla að reyna að koma öllum í húsið sem vilja sá þennan lykilleik. Þeir sem ætla sér að vera öryggir með að ná góðu sæti er samt ráðlagt að mæta klukktíma fyrir leikinn sem hefst klukkan 14.50 í dag.



**sport**

sport@frettabladid.is

JENS ELVAR SÆVARSSON: FLUTTUR TIL DANMERKUR ÞAR SEM HANN JAFNAR SIG AF MEIÐSLUM

# *Jens verður ekki með Fylki í sumar*

Varnarmaðurinn Jens Elvar Sævarsson verður ekki með Fylkismönnum í efstu deild karla í sumar þar sem hann er flutt-ur til Danmerkur. Hann á enn eftir tvö ár af samningi sínum við félagið en gerði að eigin sögn heiðursmannasamkomulag við Fylkismenn sem gerði honum kleift að flytja til Danmerkur.

„Ég ákvað að fara til Danmerkur því ég vildi breyta til. Ég fór eftir tímabilið í haust og æfði þá með liði sem spilar hér í næst-efstu deild. Það var ánægja með mig þar og ætlaði ég að spila með liðinu eftir áramót en ég var svo óheppinn að slíta liðbönd ökkla þegar ég kom heim um jólin," sagði Jens í samtali við Fréttablaðið í gær.

Ekkert varð því úr að hann spilaði með liðinu, Brabrand, í dönsku 1. deildinni en hann hefur þó verið duglegur að æfa sjálfur og byggja sig upp á nýjan leik.

Jens býr og vinnur í Árósum og segir það nánast útilokað að hann komi heim í sumar og spili með Fylki.

„Það er gott samband á milli mín og Fylk-is og þegar það kemur að því að ég flytji heim mun ég fara aftur til Fylkis. Fylkismenn hafa gert mjög góða hluti fyrir mig."

Hann vill þó ekki útiloka alfarið að hann komi heim í sumar þó hann segi litlar líkur á því. „Ég er með ákveðin plön í kollin-um. Ég er að æfa vel hér núna og ætla að koma mér í mitt besta form í nokkur ár. Mér stendur ýmislegt til boða án þess að ég geti sagt meira frá því núna," sagði Jens dular-fullur.

Bróðir hans, Hans Sævar, hefur einnig átt við meiðsli að stríða og mun ekki spila knattspyrnu í sumar. Hann hefur verið á mála hjá Þrótti í Reykjavík.






**ÁNÆGÐUR** Jose Mourinho fagnaði verð-launum ekki alveg svona mikið en var sáttur. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

## Chelsea vann tvöfalt í mars

**FÓTBOLTI Jose Mourinho, stjóri Chelsea og markvörður liðsins, Tékkinn Peter Cech, fengu verð-laun ensku úrvalsdeildarinnar fyrir marsmánuð.**

**Þetta er í fyrsta sinn síðan í janúar 2005 sem Mourinho er kosinn stjóri mánaðarins þrátt fyrir að hafa í millitíðinni gert Chelsea tvisvar að enskum meist-urum.**

**Peter Cech hefur ekki áður verið valinn besti leikmaður mán-aðarins og hann er fyrsti mark-vörðurinn sem er kosinn síðan að Tim Flowers vann verðlaunin fyrir september 2000.**

**Chelsea vann alla fjóra leiki sína í mars og Cech fékk ekki á sig eitt einasta mark.** - óój

Lengjubikar kvenna í fótbolta:

## Stórir sigrar hjá Valsstúlkum

**FÓTBOLTI** Íslands og bikarmeistar-ar Vals hafa unnið stórsigra á KR (4-1) og Breiðabliki (5-0) í síðustu tveimur leikjum sínum í Lengju-bikar kvenna í fótbolta. Valslið-ið hefur unnið alla fjóra leiki sína með markatölunni 21-3.

Rakel Logadóttir skoraði tvö mörk gegn Blikum og þær Mar-grét Lára Viðarsdóttir og Nína Ósk Kristinsdóttir skoruðu eitt. Margrét Lára skoraði þrennu gegn KR og er búin að skora 9 mörk í þessum 4 leikjum. - óój

# Lykilleikur lokaúrslitanna

**Njarðvíkingar hafa ekki tapað á heimavelli í sextán mánuði og hafa nú unnið 29 leiki í röð í Ljónagryfjunni. Sagan segir að KR-ingar verða að vinna þar í dag því síðustu þrettán ár hefur ekkert lið komið til baka úr stöðunni 1-2.**

**KÖRFUBOLTI** Njarðvík tekur á móti KR í þriðja leik lokaúrslita Ice-land Express-deildar karla í Ljónagryfjunni í Njarðvík í dag. Njarðvík vann fyrsta leikinn með 21 stigi á heimavelli en KR jafnaði einvígið með 6 stiga sigri í öðrum leiknum í DHL-Höllinni.

Það má búast troðfullu húsi og ótrúlegu andrúmslofti alveg eins og í fyrstu tveimur leikjunum. Það er einnig ljóst að menn þurfa að mæta snemma því það komast að færri en vilja í húsið sem tekur mun færri áhorfendur en DHL-Höllin, sem var full í síðasta leik.

Fannar Ólafsson, fyrirliði KR, talaði um það eftir sigur KR í öðrum leiknum á fimmtudags-kvöldið að leikurinn í dag myndi skera úr um hvort liðið verður Ís-landsmeistari og ef sagan er skoð-uð þá styður hún það. Það lið sem hefur unnið þriðja leik úrslitaein-vígisins hefur verið Íslandsmeist-ari fimm síðustu ár og níu sinnum á síðustu tíu árum. Það er aðeins árið 2001 sem sker sig úr en Njarð-vík komst þá í 2-0 gegn Tindastól en mistókst að tryggja sér titil-inn á heimavelli í þriðja leiknum. Njarðvík vann hins vegar fjórða leikinn á Króknum og vann titil-inn.

Síðasta liðið til þess að lenda 2-1 undir og vinna titilinn var lið Njarðvíkur árið 1994 en Grinda-vík komst þá í 2-1 í úrslitaeinvíg-inu. Njarðvík vann titilinn eftir eins stigs útisigur í oddaleik.



**Í STRANGRI GÆSLU** Skarphéðinn Ingason gefur Brenton Birmingham ekki mikið pláss til að athafna sig á vellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ætli KR-ingar að vinna þriðja leikinn þurfa þeir að finna leiðir til þess að binda enda á 29 leikja og sextán mánaða sigurgöngu Njarð-víkinga í Ljónagryjfunni. Njarð-víkingar hafa unnið alla heima-leiki sína síðan 4. desember 2005 en þá vann Grindavík þar sigur í framlengingu. Þetta er jafnframt eina tap Njarðvíkurliðsins síðan að ÍR-ingar „stálu" fyrsta leikn-um gegn þeim í átta liða úrslit-unum úrslitakeppninnar í mars 2005. Það er því ekki nóg með að Njarðvíkurliðið geti unnið sinn 30. leik í röð í dag heldur státar liðið af 97% sigurhlutfalli í húsinu und-anfarin tvö tímabil.

KR-ingar þekkja það orðið eins og önnur lið að koma tómhentir heim úr Ljónagryfjunni en þeir hafa tapað níu leikjum í röð í hús-inu og unnu þar síðast 13. desem-ber 2002. ooj@frettabladid.is

**HVAÐA LEIKUR ER MIKIL-VÆGASTUR Í ÚRSLITUNUM**

| | |
|---|---|
| Sigurvegari 1. leiks | 70% (10 leikir) |
| Sigurvegari 2. leiks | 80% (10) |
| Sigurvegari 3. leiks | 90% (10) |
| Sigurvegari 4. leiks | 83% (6) |
| Sigurvegari 5. leiks | 100% (1) |

***Hér er tekinn sá tími sem lokaúrslitin hafa verið með núverandi fyrirkomu-lagi eða frá árinu 1997.**



**HÁLOFTABOLTI** Njarðvíkingurinn Egill Jónasson ver hér skot KR-ingsins Baldur Ólafssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**MEISTARI** Dagný Linda kom langfyrst í mark. NORDIC PHOTOS/GETTY

Skíðamót Íslands í Hlíðarfjalli:

## Björgvin og Dagný unnu

**SKÍÐI** Dalvíkingurinn Björgvin Björgvinsson og Akureyringur-inn Dagný Linda Kristjánsdótt-ir urðu í gær Íslandsmeistarara í stórsvigi á Skíðamóti Íslands í Hlíðarfjalli.

Björgvin kom einni og hálfri sekúndu á undan gestakeppend-anum Andre Björk frá Svíþjóð og rúmum fjórum sekúndum á undan Þorsteini Ingasyni sem varð annar.

Dagný Lind kom rétt tæpum fjórum sekúndum á undan Sal-ome Tómasdóttur í mark.

Þá urðu þau Elsa Guðrún Jóns-dóttir frá Ólafsfirði og Sigurgeir Svavarsson frá Akureyri Íslands-meistarar í göngu með frjálsri að-ferð. - óój

Arnar Darri Pétursson:

## Farinn til Reading

**FÓTBOLTI Arnar Darri Pétursson heitir efnilegur 15 ára markvörð-ur sem spilar með Stjörnunni.**

**Hann er farinn utan til Reading á Englandi og í dag mun hann spila æfingaleik með U-16 ára liði Reading gegn Chelsea.**

**Að sögn Ólafs Garðarsson-ar, umboðsmanns Arnars, verður Arnar Darri í kjölfarið við æfing-ar hjá félaginu út næstu viku.** - hbg

Guðmundur Stephensen:

## Vann alla leiki sína

**BORÐTENNIS** Guðmundur Stephen-sen varð í vikunni sænskur meist-ari í borðtennis með liði sínu Eslövs AI sem vann alla þrjá úr-slitaleikina gegn BTK Rekord.

Guðmundur stóð sig frábærlega í úrslitaeinvíginu, vann alla sína sex leiki og enn fremur 18 af 19 hrinum. Þetta gerir 100 prósenta sigurhlutfall í leikjum og 95 pró-senta sigurhlutfall í hrinum.

Guðmundur var líka með bestan árangur af öllum spilurum meist-araliðsins. Reynsluboltinn Matti-as Andersson vann alla fjóra leiki sína og 12 af 14 hrinum, Zhao Peng vann 4 af 6 leikjum sínum og 14 af 22 hrinum.

Guðmundur vann 8 af 9 leikjum sínum í úrslitakeppninni og hækk-aði sigurhlutfall sitt um 16 prósent frá því í deildarkeppninni þar sem hann vann 16 af 22 leikjum. Það má því með sanni segja að strák-urinn hafi toppað á réttum tíma. - óój



**VANN FLESTA LEIKI** Enginn stóð sig betur hjá Eslöv en Guðmundur Stephensen. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

FH verður að greiða Róberti Magnússyni fyrir áramóti samkvæmt leyfiskerfi:

# FH fær ekki þátttökuleyfi sumar-ið 2008 nema það greiði Róberti

**FÓTBOLTI** Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hefur stjórn knattspyrnudeildar FH ekki gert það upp við sig hvort hún hlíti úr-skurði samninga- og félagaskipta-nefndar KSÍ í „Róbertsmálinu" svokallaða. Róbert Magnússon vann mál sitt gegn FH og er dóm-urinn bindandi.

Samningur Róberts við FH árið 2003 er því í fullu gildi en á það vildi FH ekki sættast og greiddi leikmanninum ekki laun eftir að hann meiddist fyrir sumarið. Það ber því að gera samkvæmt dómn-um.

FH-ingar hafa út árið til að gera upp við Róbert. Geri Hafn-firðingar það ekki kemur málið til kasta leyfiskerfis KSÍ. Þar stendur að félag skuli ekki vera í vanskilum um áramót. Að öðrum kosti fær það ekki þátttökuleyfi.

Það er skýrt samkvæmt dómi nefndarinnar að samningurinn er í gildi og því virðist FH ekki geta annað en greitt fyrirliðanum fyrrverandi fyrir næstu áramót. - hbg




**GREIÐA EÐA FARA Í HART?** Jón Rúnar Halldórsson, formaður knattspyrnudeildar FH, virðist eiga um lítið annað að velja en greiða Róberti Magnússyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


NÝ
TÓNLIST
Björn And John
Writers Block
1.790
Tilboð
Writer´s Block
Peter Björn & John
WULFGANG
1.790
Tónleikar
í Skífunni
Wulfang með sína fyrstu plötu sem heitir Wulfgang. Wulfgang spilar lög af sinni fyrstu breiðskífu í dag kl 16:00 í kjallara Skífunnar á Laugavegi 26.
1.790
Tilboð
Falling out
Peter Björn & John
1.890
Blonde Redhead
23
PETER BJORN AND JOHN
1.790
Tilboð
Peter Björn & John
Peter Björn & John
MODEST MOUSE
1.890
Modest Mouse
We were dead before the ship even sank
KINGS OF LEON
1.890
Kings of Leon
Because of the times
SHOCK VALUE
1.890
Timbaland
Shock value
1.890
Gus Gus
Forever
ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI
S·K·Í·F·A·N
KRINGLUNNI • SMÁRALIND • LAUGAVEGI



Frábær vika varð enn betri hjá enska knattspyrnuliðinu Manchester United:

# Ronaldo samdi til ársins 2012

**FÓTBOLTI** Stuðningsmenn Manchester United áttu kannski ekki von á frábær vika yrði enn betri eftir 7-1 sigur á Roma á þriðjudagskvöldið en fréttirnar af nýjum samningi Cristiano Ronaldo sáu þó til þess.

Ronaldo, sem hefur margoft verið orðaður við spænska liðið Real Madrid, skrifaði undir nýjan fimm ára samning sem heldur honum á Old Trafford til ársins 2012.

„Ég er mjög ánægður því það vissu allir að ég vildi vera hér áfram. Mér líður mjög vel hjá Manchester United, ég vil vinna titla og vonandi náum við því á þessu tímabili,“ sagði Ronaldo.

„Þetta eru frábærar fréttir og sýna það og sanna að Cristiano er ánægður hjá okkur og að hann sé í rétta klúbbnum,“ sagði stjórinn Sir Alex Ferguson.

„Hann hefur gott samband við alla hjá félaginu og verður einn af bestu leikmönnum félagsins frá upphafi,“ bætti Sir Alex við. Ferguson telur ennfremur að Ronaldo eigi möguleika að komast í hóp með tveimur bestu knattspyrnumönnum allra tíma, þeirra Pele og Diego Maradona.

Það kættust fleiri við fréttirnar. Ryan Giggs sinnir fyrirliðastörfum Manchester United í fjarveru Gary Neville og spáir Ronaldo miklum frama.

„Það er enginn í heimi sem á möguleika á að velta honum úr sessi sem besta knattspyrnumann heims. Það er einstakt að sjá hvað hann hefur náð miklum stöðugleika þrátt fyrir ungan aldur og þá stöðu sem hann spilar á vellinum. Þetta eru frábærar fréttir,“ sagði Giggs en Ronaldo hefur skorað 20 mörk í 50 leikjum með United á þessu tímabili. Ronaldo kom 17 ára gamall til Man. Utd sumarið 2003. **- óój**

**FYRSTU MÖRKIN Í MEISTARADEILDINNI** Cristiano Ronaldo hefur skorað 16 mörk í ensku deildinni en skoraði sín fyrstu mörk í Meistaradeildinni í 7-1 sigrinum á Roma. NORDIC PHOTOS/GETTY








**GUSS HIDDINK** Enn orðaður við stjórastarf hjá Chelsea. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Guus Hiddink:

## Er ekki að taka við Chelsea

**FÓTBOLTI** Hollenski þjálfarinn Guus Hiddink ítrekaði í viðtali í gær að hann væri ekki að taka við Chelsea í sumar.

Orðrómur þess efnis að hann taki við af José Mourinho í sumar hefur verið þrálátur síðan talið var að kastast hefði í kekki á milli Mourinho og eiganda Chelsea, Roman Abramovich.

„Það kemur ekki til greina. Ég á enn eftir ár af samningi mínum við rússneska knattspyrnusambandið. Ég er að vonast til að komast á EM 2008 með Rússum,“ sagði Hiddink, sem vonast til að gera álíka góða hluti með Rússa og Suður-Kóreumenn. **- hbg**



**MIKE TYSON** Reynir fyrir sér í Bollywood. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Mike Tyson:

## Leikur í tónlistarmyndbandi

**BOX** Hnefaleikakappinn Mike Tyson heldur áfram að koma á óvart en nýjasta nýtt hjá honum er að hann mun leika í tónlistarmyndbandi sem er ætlað að kynna væntanlega kvikmynd.

Myndin er indversk og kemur úr framleiðslulínunni í Bollywood. Tyson mun væntanlega fljúga til Indlands á næstu dögum til að taka þátt í gerð myndbandsins. **- hbg**



**MARADONA** Verður að láta áfengið og vindlana eiga sig ætli hann sér að lifa lengur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Diego Maradona:

## Aftur á spítala

**FÓTBOLTI** Diego Armando Maradona er kominn aftur á spítala með kviðverki aðeins tveim dögum eftir að hafa losnað úr tveggja vikna vist.

Læknar á Buenos Aires-spítalanum segja að líf Maradona sé ekki í hættu. Maradona byrjaði aftur að drekka á dögunum en það þoldi lifrin ekki og því var hann fluttur í skyndingu á spítala. **- hbg**



**Í SÉRSTAKRI STÖÐU** Óskar Örn, knattspyrnumaður úr KR, sést hér í grænröndótta bolnum í stúkunni á fimmtudag að klappa fyrir Njarðvíkingum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stuðningsmenn KR létu Óskar Örn Hauksson heyra það í DHL-höllinni:

# Mun sitja áfram með Njarðvíkingum

**KÖRFUBOLTI** Óskar Örn Hauksson, knattspyrnumaður úr KR, fékk að heyra það frá stuðningsmönnum KR á leik liðsins gegn Njarðvík á fimmtudag. Ástæðan er sú að Óskar Örn styður Njarðvík í körfuboltanum og situr með stuðningsmönnum þeirra á leikjum og því fékk hann nokkra söngva frá stuðningsmönnum KR.

„Þetta voru engin leiðindi hjá þeim. Þetta var allt innan siðsamlegra marka og bara léttar „kyndingar“, bara gaman að því,“ sagði Óskar Örn léttur en hann mætti í grænröndóttum bol með hvítu og svörtu á völlinn. Fatavalið var meðvitað hjá knattspyrnumanninum í ljósi umræðunnar. „Ég var samt rólegri í stúkunni nú en oft áður á þessum leik.“

Óskar Örn lék lengi vel með Njarðvík í körfuboltanum og þótti mjög efnilegur á sínum tíma. Hann er nánast alinn upp í Ljónagryfjunni í Njarðvík enda hefur móðir hans unnið þar í átján ár.

„Ég er harður Njarðvíkingur í körfunni og það breytist ekkert. Ég sit KR-megin á öllum körfuboltaleikjum nema gegn Njarðvík,“ sagði Óskar Örn.

Félagar hans í fótboltaliðinu höfðu strítt honum fyrr um daginn með því að líma klósettpappír á skápinn hans sem á stóð „Svikari“. Allt í gamni gert og mikið hlegið þegar Óskar kom inn í búningsklefann og sá miðann. Hann er enn á skápnum.

„Ég mætti svo 40 mínútum fyrir leik og strákarnir í stúkunni byrjuðu fljótlega að syngja Óskar í Njarðvík og svona. Ég hafði bara gaman af þessu þar sem þetta var ekkert rætið,“ sagði Óskar, sem var aldrei í vafa um að mæta á völlinn.

„Ég hlakkaði bara til að mæta. Var ekkert stressaður. Ég vissi samt ekki alveg við hverju var að búast en átti svo sem von á einhverju. Vissi að búið var að ræða málið á netinu til að mynda. Ég mun mæta í næsta leik ef ég get mætt og sitja Njarðvíkurmegin. Þetta er bara gaman og verður það áfram,“ sagði Óskar Örn, sem hefur ekki spáð meir í fatavalið á næstu leikjum. - hbg



**EKKERT GEFIÐ** Keflavíkurstúlkur létu Ifeomu Okonkwo finna fyrir sér í síðasta leik og héldu henni í aðeins 8 stigum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Iceland Express-deild kvenna:

## Nær Keflavík að jafna metin?

**KÖRFUBOLTI** Lokaúrslitaeinvígi Iceland Express-deildar kvenna heldur áfram í Keflavík klukkan 16.15 í dag þegar Haukastúlkur fá aðra tilraun til þess að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn.

Haukaliðið var 2-0 yfir í einvíginu og 14 stigum yfir í þriðja leiknum þegar sex mínútur voru eftir. Ótrúleg endurkoma Keflavíkurstúlkna galopnaði hins vegar einvígið og sá til þess að það verður spilaður fjórði leikur í fyrsta sinn í fimm ár. Síðustu fjögur ár hafði úrslitaeinvígið alltaf endað 3-0.

Haukaliðið hafði ekki tapað heimaleik í 18 mánuði þegar Keflavík vann á Ásvöllum. Í dag getur Keflavíkurliðið séð til þess að Haukar tapi tveimur leikjum í röð í fyrsta sinn síðan í mars 2005 eða í meira en tvö ár.

Vinni Keflavíkurliðið verður oddaleikur um Íslandsmeistaratitilinn á Ásvöllum á þriðjudaginn. - óój

Iceland Express-deild karla:

## Stigin úr teignum skipta öllu

**KÖRFUBOLTI** Baráttan í einvígi lokaúrslitaeinvígis Iceland Express-deildar karla snýst ekki síst um hvort liðið er að skora meira inni í teig.

KR-ingar bættu hlut sinn svo um munaði á þeim vígstöðum í öðrum leiknum eftir að hafa skorað helmingi færri stig úr teig í fyrsta leiknum (26-52). KR-ingar skoruðu aðeins fimm stigum færra úr teignum í leik tvö (25-30), þar af skoruðu þeir 16 stig gegn 12 í seinni hálfleik þar sem þeir sneru leiknum sér í hag.

Það lið sem hefur fengið jafnmörg eða fleiri stig úr teignum hefur unnið 7 af 8 leikhlutum úrslitaeinvígisins til þessa.

Í leik tvö munaði einna mest um framlög Igor Beljanski í liði Njarðvíkur en hann skoraði 17 stig úr teignum í fyrsta leiknum en aðeins tvö slík stig í tapi Njarðvíkur í DHL-Höllinni. - óój





INNKAUPAKORT VISA




- **Innkaupakort VISA** er ókeypis kreditkort.
- Ekkert stofngjald, árgjald eða seðilgjald.
- Kortið er ætlað í rekstrarinnkaup og kemur í stað beiðna- og reikningsviðskipta.
- Lengri greiðslufrestur.

Úttektartímabil **Innkaupakorts** er almanaksmánuður og gjalddagi reiknings 25. næsta mánaðar.

Hægt er að sækja um Innkaupakort VISA á www.visa.is og hjá öllum bönkum og sparisjóðum. Nánari upplýsingar í síma 525-2280

Nýr dagur – ný tækifæri VISA

## SCARLETT JOHANSSON

Fædd í New York árið 1984 en móðir hennar er af pólskum ættum og pabbi hennar af dönskum. Eftir Lost in Translation hefur ferill Scarlett legið beint upp á við. Þrátt fyrir að vera rétt skriðin yfir tvítugt hefur Scarlett hlotið fjórar tilnefningar til Golden Globe-verðlaunanna. Scarlett sést í myndinni The Horse Whisperer í Sjónvarpinu í kvöld.



# dagskrá

### VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SÉR Í LIT OG SVARTHVÍTU

## Rauð andlit og kona í karlafötum

Í byrjun kosningahátíðar sjónvarps og hljóðvarpsmiðla koma í ljós ýmis skemmtileg tilbrigði við mannlífið. Á fundum Stöðvar 2 og Kastljóss í samvinnu við Fréttastofu sjónvarpsins – já, menn taka sig dálítið hátíðlega í ohf-inu – kom í ljós að þrátt fyrir langa reynslu af beinum útsendingum var byrjandabragur í boði: á báðum stöðvum höfðu menn ekki haft fyrir því að stilla saman vélar, spyrjendur hjá ríkinu voru óttalega byrjandalegir og hlóðu spurningar sínar gildismati. Raunar var settöppið allt þeim megin dálítið tilgerðarlegt með Þórhall Gunnarsson sem yfirkynni. Best var þegar hann kynnti inn auglýsingatímana rauður eins og karfi í framan í vanstilltri vél. Ríkið bauð upp á hefðbundið brúmm svona því til áréttingar að hljóðdeildin væri ekki í rólegheitum Efstaleitisins heldur komin út á völl. En þetta hlýtur að lagast þegar byrjendamóðurinn er runninn af þeim Helga Seljan og Ingólfi. Og í settunum var samræmdur klæðaburður stjórnmálamanna viðhafður: meira að segja Þorgerður Katrín hafði verið sett í jakkaföt – þessi glæsilega kona fékk ekki einu sinni að skarta fríðleik sínum og vesti. Toppinn tók þó úr þegar í ljós kom í gær að hún var líka í jakkafötunum á opnun landsfundar, stóð björt í miðjum hópi brosandi jakkaklæddra kalla: kjósandinn í mér hugsaði með sér: hvaða ljóshærði síðhærði strákur er kominn í forystu flokksins?



## EKKI MISSA AF



▶ **20.10** Söngkeppni framhaldskólanna RÚV



▶ **14.45** Njarðvík-KR SÝN



▶ **19.15** How I Met Your Mother STÖÐ 2



▶ **22.00** Gangs of New York STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.00** High School Reunion - lokaþáttur SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.00 Heimskautalíf** (3:6)
**10.25 Stundin okkar** (e)
**10.50 Formúla 1 - Tímataka**
**12.15 Kastljós**
**12.45 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2007** (1:4) (e)
**13.45 Tilboð sem drepa**
**14.45 Alpasyrpa**
**15.10 Skíðamót Íslands** (1:3)
**15.25 Skíðamót Íslands** (2:3)
**15.45 Íþróttakvöld**
**16.05 Íslandsmótið í körfubolta**
**18.00 Táknmálsfréttir**
**18.10 Vesturálman** (10:22)
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.40 Jón Ólafs**
**20.20 Spaugstofan**
▶**20.50 Söngkeppni framhaldsskólanema** Bein útsending frá keppninni sem fram fer í Íþróttahöllinni á Akureyri.
**23.25 Van Helsing (Van Helsing)** Bandarísk bíómynd frá 2004. Skrímslafangarinn nafntogaði, Van Helsing, er sendur til Transylvaníu til að stöðva voðaverk Drakúla greifa. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**01.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.05 Mean Girls** (Vondar stelpur)
**08.00 Scooby Doo 2: Monsters Unleashed** (Scooby Doo 2: Ófreskjan)
**10.00 White Chicks** (Hvítar gellur)
**12.00 Rabbit-Proof Fence** (Kanínugirðingin)
**14.00 Mean Girls**
**16.00 Scooby Doo 2: Monsters Unleashed** (Scooby Doo 2: Ófreskjan)
**18.00 White Chicks**
**20.00 Rabbit-Proof Fence**
▶**22.00 Gangs of New York**
**00.40 Spartan**
**02.25 Nine Lives** (Níu líf)
**04.00 Derailed** (Dauðalestin)

## STÖÐ 2

**07.00 Ruff's Patch**
**07.10 Barney**
**07.35 Myrkfælnu draugarnir** (8:11) (e)
**08.00 Gordon the Garden Gnome**
**08.10 Grallararnir** (Tiny Toons)
**09.15 Kalli kanína og félagar**
**09.20 Kalli kanína og félagar**
**09.25 Kalli kanína og félagar**
**09.35 Bratz**
**09.55 A.T.O.M.**
**10.20 How to Deal** (Unglingaástir) Rómantísk mynd með Mandy Moore í aðalhlutverki. 2003. Leyfð öllum aldurshópum.
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Bold and the Beautiful**
**13.05 Bold and the Beautiful**
**13.25 Bold and the Beautiful**
**13.45 Bold and the Beautiful**
**14.10 X-factor - leiðin að sigri** (e)
**15.15 Svæsnustu horrenglur í Hollywood** (Extreme. Skinny Celebrities)
**16.00 The New Adventures of Old Chr**
**16.25 Hot Properties** (5:13)
**16.50 Deep Purple** ("The Best of Both Worlds")
**17.50 Sjálfstætt fólk**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Íþróttir og veður**
**19.05 Lottó**
▶**19.15 How I Met Your Mother** (Svona kynntist ég móður ykkar) (5:22) Marshall veit ekki hvernig hann passar inn í þennan heim sem krefst þess að allir séu í samböndum. Hann reynir þó að aðlagast.
**19.35 Joey** (11:22) Joey fær heimsókn frá besta vini sínum úr gagnfræðaskóla.
**20.00 Stelpurnar** (15:20)
**20.25 Closer** (Nærmynd) Dramatísk verðlaunamynd með þeim Juliu Roberts, Jude Law, Clive Owen og Natalie Portman. Myndin segir sögu fjögurra einstaklinga sem flækt eru í vef framhjáhalds og lyga en ekkert þeirra virðist sjá leið út. Aðalhlutverk: Julia Roberts, Natalie Portman, Jude Law. Leikstjóri. Mike Nichols. 2004. Stranglega bönnuð börnum.
**22.10 The Horse Whisperer** (Hestahvíslarinn) Leikstjóri. Robert Redford. 1998.
**00.55 Simone**
**02.50 Gods and Generals** (Guðir og generálar)
**06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**17.00 Trading Spouses** (e) Við fylgjumst með nokkrum fjölskyldum þar sem mæður og feður skipta um fjölskyldur. Í hverri viku mun einn húsráðandi skipta um hlutverk við annan húsráðanda. Þau munu ala upp börn þeirra, hugsa um heimilið þeirra og fá þannig að upplifa annað líf. Fyrir suma er þetta gott frí en fyrir aðra algjör martröð.
**17.45 KF Nörd** (13:15) Þá er komið að því að sjá hvort líkamlegt ásigkomulag Nördanna hafi lagast við allar æfingarnar. Þeir verða mældir aftur frá hvirfli til ilja og spurning hvort uppskeran verði eins og til var sáð. Auk þess keppa Nördarnir við 3. flokk kvenna hjá Val og úr verður spennandi viðureign.
**18.30 Fréttir** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá á samtengdum rásum Stöðvar 2 og Sirkuss.
**19.10 American Inventor**
**22.00 X-factor - leiðin að sigri..** Nú er orðið ljóst hver hefur X-Factorinn en hér verður sagt frá því hvernig X-factor ævintýrið hófst og hvað þurfti til að geta staðið uppi sem sigurvegari. Skemmtilegur þáttur sem sannir X-Factor aðdáendur verða að sjá.
**23.05 Gene Simmons: Family Jewels** (Food or Sex?)
**23.30 Supernatural** (9:22) Bræðurnir Sam og Dean halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn. Nú leita þeir hefnda. Hörkuspennandi þættir sem hafa slegið í gegn út um allan heim.
**00.20 Twenty Four - 2** (24:24) (e) Ómissandi lokaþáttur þar sem spennan er í hámarki og óhugsandi að Jack takist að sanna mál sitt. Stranglega bönnuð börnum.
**01.05 Dr. Vegas (e)**
**02.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**10.20 Vörutorg**
**11.20 Rachael Ray (e)**
**12.50 Rachael Ray (e)**
**15.05 Top Gear (e)**
**16.00 Psych (e)**
**16.50 World's Most Amazing Videos (e)**
**17.40 Fyrstu skrefin (e)**
**18.10 Survivor. Fiji (e)**
**19.10 Game tíví (e)**
**19.40 Everybody Hates Chris (e)**
**20.10 World's Most Amazing Videos** (4:26) Raunveruleikinn er lyginni líkastur og hjartað slær hraðar þegar þú sérð þessi einstöku myndbönd. Sum eru bráðfyndin en önnur hádramatísk.
▶**21.00 High School Reunion - Lokaþáttur** Bandarísk raunveruleikasería þar sem 17 fyrrum skólafélagar koma aftur saman tíu árum eftir útskrift og gera upp gömul mál. Það gengur á ýmsu þegar þybbna klappstýran, slúðurskjóðan, balldrottningin, tíkin, feimna stelpan, bekkjartrúðurinn, íþróttakappinn, hrekkjalómurinn, lúðinn, kvennabósinn og einfarinn koma saman á ný.
**21.50 The Dead Zone** (1:12) Johnny Smith sér ýmislegt sem öðrum er hulið. Hann reynir sitt besta til að nýta gáfuna til góðs, en finnst stundum að hún sé bölvun en ekki blessun. Ekki missa af frábærum þáttum byggðum á samnefndri skáldsögu Stephen King.
**22.40 Hack** (4:18)
**23.30 Dexter (e)**
**00.20 Kidnapped (e)**
**01.10 Fyndnasti Maður Íslands 2007**(e)
**02.10 Ungfrú Reykjavík (e)**
**03.40 Vörutorg**
**04.40 Jay Leno (e)**

## SKJÁR SPORT

**11.15 Tottenham - Blackburn** (e)
**13.15 Upphitun (e)**
**13.45 Sheff. Utd. - West Ham** (beint)
S2 Arsenal - Bolton S3 Man. City - Liverpool S4 Reading - Fulham S5 Portsmouth - Newcastle
**16.00 Middlesbrough - Aston Villa** (e)
**18.00 Man. City - Liverpool** (frá í dag)
**20.00 Arsenal - Bolton** (frá í dag)
**22.00 Reading - Fulham** (frá í dag)




Helgartilboð

Entrecote í heilu og steikum á aðeins 2698.- kr.kg

GALLERÍ KJÖT

Opið virka daga frá kl 10 -18:30 Laugardaga frá kl 11 -17 Grensásvegi 48 Búðarkór 1 gallerikjot.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.25

### Closer



Dramatíska verðlaunamyndin Closer var ein sú umtalaðasta þegar hún var gefin út enda er hún vægast sagt áleitin. Myndin skartar þeim Juliu Roberts, Jude Law, Clive Owen og Natalie Portman í aðalhlutverkum en þau Owen og Portman hlutu einróma lof fyrir frammistöðu sína og hlutu bæði Golden Globe verðlaunin auk tilnefningar til Óskarsverðlaunanna. Myndin segir sögu fjögurra einstaklinga sem eru fastir í vef lyga og framhjáhalds og sjá enga leið út. Dan og Alice eru par en þegar Dan kynnist Önnu fellur hann strax fyrir henni. Anna er þó ekki á því að gerast viðhaldið hans og því ákveður hann að senda internetperra á hennar fund án hennar vitundar en það hefði hann betur látið ógert.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Sheff. Utd.-West Ham

### Skjársport 13.45

Botnslagirnir verða varla miklu stærri en þessi. Íslendingaliðið West Ham hefur verið á góðri siglingu að undanförnu og lagði meðal annars Arsenal um síðustu helgi. Sheffield United hefur hins vegar verið að tapa stigum í gríð og erg. Ef West Ham sigrar í þessari viðureign ná félagið að lyfta sér yfir Sheffield og er þá komið skrefi nær því að bjarga sér frá falli. Ef West Ham tapar hins vegar er liðið svo gott sem fallið.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Laugardagur til lukku **08.00** Morgunfréttir **08.05** Músík að morgni dags **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Krossgötur **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Til allra átta
**14.40** Glæta
**15.30** Með laugardagskaffinu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.05** Fimm fjórðu
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Auglýsingar
**18.26** Laumuspil
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Kringum kvöldið
**19.30** Stefnumót
**20.10** Íslensk þjóðmenning - Íslensk tunga
**21.05** Pipar og salt
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Flakk
**23.10** Danslög
**00.00** Fréttir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07.15 PGA Tour 2007 - Highlights**
**08.10 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**08.35 Pro bull riding**
**09.30 NBA deildin**
**11.10 Þýski handboltinn** Bein útsending frá undanúrslitaleik Hamburgar og Kronau/Östringen í þýsku bikarkeppninni.
**12.55 Þýski handboltinn** Bein útsending frá stórleik Flensburg og Kiel í undanúrslitum þýsku bikarkeppninnar í handknattleik.
▶ **14.45 Iceland Expressdeildin 2007** Bein útsending frá þriðja leik Njarðvíkur og KR um Íslandsmeistaratitilinn í körfuknattleik karla.
**16.25 FA Cup 2006** Bein útsending frá undanúrslitaleik Watford og Manchester United í ensku bikarkeppninni.
**18.20 Spænski boltinn** (Racing - Real Madrid)
**20.00 Spænski boltinn** (Betis - Real Sociedad)
**21.55 Hnefaleikar** (Box - Nikolay Valuev - Ruslan Chagaev)
**23.55** Joe Calzaghe - Peter Manfredo

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**6.50** Frikvarter **7.15** Kære Sebastian **7.45** Ninja Turtles: Tidsrejsen! **8.05** Troldspejlet **8.35** Lovens vogtere **9.00** Børneblæksprutten **9.15** Ungdomsprogram **9.30** Viften **10.00** TV Avisen **10.05** Poul Martinsen kavalkade **11.10** Forestillinger **12.10** Boogie Listen **13.10** Før melodi grand prix **14.10** Hiv stikket ud med Master Fatman **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Kaj og Andrea **16.00** De store katte **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.30** Når giraffen får et føl **18.00** Matador **19.00** Kriminalkommissær Barnaby **20.35** Conviction **21.15** Jagten på D.B. Cooper **22.55** Boogie Listen **5.30** Morten **5.55** Den lille røde traktor

## NRK 1

**6.00** Mikkes klubbhus **6.30** Vennene på Solflekken **6.55** Skrimmel Skrammel **7.30** De tre vennene og Jerry **7.45** Kårni og Børni **8.00** Mánáid-TV - Samisk barne-tv 8.15 Liga **8.45** Fabrikken **9.15** Frokost-tv **10.15** Hjarte i Afrika **11.00** Kunnskapskanalen **11.15** Kunnskapskanalen **11.45** By under vatn **12.20** Flintstones **13.45** Screaming Masterpiece **15.10** Doc Martin **16.00** Skrimmel Skrammel 16.25 En gul en og en grønn en **16.30** Familien 17.00 Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Hvilket liv! **18.25** Topp 10 **19.30** Med hjartet på rette staden **20.15** Løvebakken **20.40** Veterinær på safari **21.10** Kveldsnytt **21.25** Suspect **5.30** Stå opp! **5.40** Lisa **5.50** Teddy og Annie **6.00** Kalle og Molo

## SVT 1

**6.00** Bolibompa hälsar på **6.01** Meckar-Micke **6.15** Dagens visa **6.20** Zoé Kézako **6.35** I Mumindalen **7.00** Karamelli **7.30** Sagoträdet **7.45** Klister **8.00** Rea **8.25** Amigo **8.50** Hjärnkontoret **10.00** Startskottet **10.30** Mitt i naturen **11.00** Packat & klart **11.30** Saras kök **12.00** Svenska slag **12.30** Playa del Sol **13.00** Uppdrag Granskning **14.00** Bror och syster **15.00** Inför Eurovision Song Contest 2007 **16.00** Disneydags **17.00** Bröderna Lejonhjärta **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Stina! **19.00** Brottskod: Försvunnen **19.45** The Robinsons **20.15** Bingo Royale **21.00** Rapport **21.05** Madonna: The Confessions Tour **22.35** Mothman **0.30** Sändningar från SVT24 **6.00** BoliBompa


100% FJÁRMÖGNUN

Nýr Chevrolet **Lacetti** Station
á aðeins **26.980,-** á mán.*

100% fjármögnun
Engin útborgun
Í erlendri mynt, vextir 4,27%
3 ára ábyrgð



Chevrolet **Lacetti**
frá GM **stærsta bílaframleiðanda í heimi**
**Verð: 1.899.000,-**

*m.v. 84 mánaða bílasamning (í erlendri mynt, vextir 4,27%) Aukabúnaður á mynd: Álfelgur

DYNAMO REYKJAVÍK

**Engin útborgun…**
…og þú ert kominn á **nýjan fjölskyldubíl!**

Lacetti

**Vertu klár** – engin útborgun fyrir nýjan bíl

**Þú færð nýjan fjölskyldubíl úr kassanum með 100% fjármögnun** og borgar aðeins **26.980 kr.** á mánuði.
Bíllinn, sem er hluti af evrópulínu Chevrolet, er með **3ja ára ábyrgð** og Chevrolet gæðastimplinum.
**Vertu því klár**, komdu og kynntu þér málið. Við erum á Tangarhöfðanum og tökum vel á móti þér.

Bílabúð Benna | Tangarhöfða 8-12 | Sími 590 2000 | www.benni.is | Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00

**Umboðsmenn:** Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala austurlands, Egilsstöðum.

CHEVROLET

## HRÓSIÐ ...



*Guðmundur Erlingsson*

**Aldur:** 38 ára.
**Starf:** Þýðandi og kvikmyndagerðarmaður.
**Fjölskylda:** Einhleypur, eitt barn.
**Foreldrar:** Erlingur Guðmundsson bóndi og Ragnhildur Hafliðadóttir.
**Búseta:** Öldugata í Reykjavík.
**Stjörnumerki:** Sporðdreki.

Guðmundur frumsýndir heimildarmyndina Tímamót í Háskólabíói á morgun. Myndin fjallar um þrjá þroskahefta menn sem standa á krossgötum.



**LÁRÉTT**
**2** spil **6** hvað **8** frostskemmd **9** hljóma **11** kringum **12** fylgsni **14** vitlaust **16** grískur bókstafur **17** for **18** keyra **20** nafnorð **21** hnappur.
**LÓÐRÉTT**
**1** ofneysla **3** klafi **4** vanhelgun **5** angan **7** heimsálfa **10** fæða **13** líða vel **15** ílát **16** fálm **19** bor.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** gosi, **6** ha, **8** kal, **9** óma, **11** um, **12** felur, **14** rangt, **16** pí, **17** aur, **18** aka, **20** no, **21** tala. **LÓÐRÉTT: 1** óhóf, **3** ok, **4** saurgun, **5** ilm, **7** ameríka, **10** ala, **13** una, **15** trog, **16** pat, **19** al.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Á Hólmsheiði.
2. LdB Football Club, en hét áður Malmö FF.
3. Kaupþing.


Hvað er að frétta?



Beint í farsímann eða í vefpósti_
www.visir.is
vísir

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


# Eldar fyrir O.J. Simpson og Orlando Bloom

Bók Völundar Snæs Völundarsonar, Delicious Iceland, hlaut nýverið hinn virtu The Gourmet Cookbook Awards sem veitt eru í Kína. Verðlaunin þykja með þeim stærstu í matarbókarheiminum. Hlaut hinn virti kokkur Jamie Oliver þau fyrir nokkrum árum auk þess sem einkakokkur sjónvarpsdrottningarinnar Opruh Winfrey var sæmdur sömu nafnbót. Verið er að þýða verðlaunabókina yfir á íslensku og kemur hún því Íslendingum fyrir sjónir í fyrsta sinn innan tíðar.

Völli, eins og kokkurinn er jafnan kallaður, er auk þess að opna glænýjan veitingastað á Bahamaeyjum en hann hefur notið dyggrar aðstoðar konu sinnar, leikkonunnar góðkunnu Þóru Sigurðardóttur, við að hanna hann að innan. Og Völli hefur í hyggju að koma tveimur veitingastöðum til viðbótar á legg. Þau hjónin eru stórhuga og ekki verður séð að þau séu væntanleg til Íslands í nánustu framtíð. Enda eru ævintýrin rétt handan við hornið hjá þeim skötuhjúum.

„O.J. Simpson er góðkunningi minn en hann dvelst mikið á eyjunni. Hann er orðinn nokkuð gamall og lúinn verður að segjast, en hann er fínn kall,“ segir Völli í forvitnilegu viðtali við Fréttablaðið á morgun. Í viðtalinu kemur auk þess fram að Völli hefur eldað fyrir Orlando Bloom, sem er hvað kunnastur fyrir leik sinn úr Pirates of the Caribbean og Hringadróttinssögu, og þáverandi unnustu hans Kate Bosworth. Leikarar úr sjóræningjamyndinni voru reglulega í mat á veitingastað Völla meðan á tökunum stóð. Þá eru stórstjörnur á borð við Geoffrey Rush og Gene Hackmann reglulegir gestir hjá veitingastað Völla í Karíbahafinu. **-fgg**



**BORÐAÐ HEIMA** Orlando Bloom og Kate Bosworth snæddu kvöldverð á heimili þeirra hjóna.



**VÖLLI SNÆR OG ÞÓRA** Eru stórhuga í Karíbahafinu en Völli og Þóra ætla að opna tvo nýja veitingastaði á eyjunni til viðbótar við þann sem fyrir er.



**AÐALLEIKARARNIR** Frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins tóku sig vel út á sviðinu í Laugardalshöll og léku sitt hlutverk ákaflega vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**ÞORLEIFUR ARNARSSON** Var fengin af góðum vinum til að gefa skipuleggjendum Landsfundar Sjálfstæðisflokksins góð ráð með setningarathöfnina. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

## ÞORLEIFUR ARNARSSON: ALLT Á SÍNUM STAÐ Í LAUGARDALSHÖLL

# Leikstýrði setningu landsfundar Sjálfstæðisflokksins

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins stendur yfir í Laugardalshöll þessa helgina. Og eins og lesendur Fréttablaðsins hafa séð er ekkert til sparað við umgjörð hans enda um að ræða einn stærsta fund ársins. Geir H. Haarde flutti á fimmtudaginn ræðu sína til flokkssystkina sinna og var eftir því tekið hversu glæsileg innkoman var hjá frambjóðendum flokksins fyrir alþingiskosningarnar í maí. Og þá ekki síður hversu allt virtist vera vel skipulagt, einhvern veginn allt á sínum stað.

Þetta er engin tilviljun því skipuleggjendur landsfundarins fengu félaga sinn, leikstjórann Þorleif Arnarsson, sem er við nám í Berlín, til liðs við sig og báðu hann um góð ráð fyrir setningaratriðið. Þorleifur tekur skýrt fram að hann hafi ekkert með eiginlega skipulagningu fundarins að gera.

„Enda eru það mér eldri og reyndari menn sem hafa séð um þá hlið málsins,“ útskýrir hann. Hann viðurkenndi þó að hann hefði komið að uppsetningu sviðsins. „Því það skiptir máli hvar hlutirnir og ræðumenn eru staðsettir. Þetta er alls ekki svo ólíkt leikhúsinu þar sem sviðsmunir og leikarar þurfa að vera á réttum stað,“ útskýrir hann og bætir að mesta framlagið hafi verið söngatriðin sem hljómuðu við upphaf fundarins. „Leikhús gengur á hughrifum. Það var til að mynda góð stemning fyrir því að láta frambjóðendur koma saman uppi á sviði og láta það marka upphaf kosningabaráttunnar og ná um leið fram einhverjum hughrifum. Við leikgerðum í raun þessa innkomu með góðum og gildum leikhúsaðferðum,“ útskýrir Þorleifur.

Þorleifur segist aðeins hafa kynnt sér landsfundi bandarísku flokkanna tveggja, repúblíkana og demókrata, fyrir fundinn. Þeir eru frægir fyrir hvers kyns sýndarmennsku enda segir leikstjórinn þá fundi meira í ætt við afþreyingu heldur en pólitík þar sem hugmyndin sé að selja einhverja pakka-ímynd. Og slíkt á ekki upp á pallborðið hjá Þorleifi. „Íslendingar krefjast þess sem betur fer enn að það sé innihald og tenging á þessum fundum. Og vilja ekki sjá hvítar dúfur og sprengingar. Okkur langar ekkert í slíkt og getum í raun ekki leyft okkur slíka hluti,“ segir Þorleifur. Hann segist hafa það á tilfinningunni að stjórnmálaflokkar séu í sífellt meira mæli farnir að nýta sér hæfni og krafta fagfólks í hinum listræna geira. „Þú færð ljósameistara til að stjórna ljósunum, skáld til að skrifa ræðu. Af hverju ekki leikstjóra til aðstoða við sviðsetningu?“ **freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Óli Björn Kárason**, fyrrverandi útgáfustjóri Viðskiptablaðsins, heldur úti ansi góðri bloggsíðu í Moggasamfélaginu undir nafninu businessreport.blog.is. Og greindi hann meðal annars frá því á fimmtudaginn að sjálf **Björk Guðmundsdóttir** myndi koma fram í bandaríska þættinum **Saturday Night Live** um næstu helgi og flytja þar lög af nýjustu plötu sinni Volta. Samkvæmt Óla verður gestastjórnandi engin önnur en bandaríska leikkonan **Scarlett Johansson**. Björk ætti ekki að koma að tómum kofunum hjá Scarlett hvað vitneskju um Ísland varðar enda hefur förðunarfræðingurinn **Heba Þórisdóttir** verið förðunarmeistari hennar í síðustu þremur myndum leikkonunnar.



Athygli vakti í nýjasta Séð og heyrt að þar mátti sjá myndir af gestum og gangandi á leið í 200 milljóna króna afmæli **Björgólfs Thors Björgólfssonar** á Jamaíka. Myndatökur af þessu tagi hafa yfirleitt ekki verið vel séðar í afmælisveislum auðkýfinganna og var ljósmyndurum til að mynda meinaður aðgangur að afmælisveislu **Ólafs Ólafssonar** í Vatnagörðum þar sem **Elton John** spilaði. En gestir Björgólfs voru kurteisir og viðkunnanlegir og virtust kippa sér lítið upp við myndatökurnar enda hefur fátt getað skyggt á ferðina til Jamaíka.



Útgáfu sólóskífu **Garðars Thors Cortes** er beðið með mikilli eftirvæntingu í Bretlandi en þar kemur hún út á mánudaginn. Spennan er orðin svo mikil að geisladiskurinn er strax kominn í annað sætið á sölulista hjá plötubúðinni HMV yfir klassískar plötur. Og er þar einungis um pantanir að ræða. Þetta eru því mikil gleðitíðindi fyrir **Einar Bárðarson**, umboðsmann Garðars, sem hefur lagt nótt við nýtan dag að gera útgáfuna sem glæsilegast úr garði. **- fgg**



# Brynhildur líklega í Lordi-myndinni

„Þetta var ein skemmtilegasta áheyrnarprufa sem ég hef verið með,“ segir Alexía Björg Jóhannesdóttir hjá Reykjavík Casting en hún sá um að prófa leikkonur fyrir finnsk/íslensku hryllingsmyndina Dark Floors: Lordi Motion Picture. Eins og fram kom í Fréttablaðinu fyrir skömmu verður íslensk leikkona í aðalhlutverkinu en meðframleiðendur myndarinnar eru þeir Júlíus Kemp og Ingvar Þórðarson hjá Kvikmyndafélagi Íslands. „Þær komu hingað og öskruðu úr sér lungun og samstarfsfólk mitt hélt að ég væri hreinlega að reyna að drepa þær,“ bætir hún við. Alexía vildi ekki gefa upp hversu margar leikkonur kæmu til greina fyrir hlutverkið en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hlutu níu leikkonur náð fyrir augum Alexíu en sex þeirra koma hvað sterkast til greina. Meðal þeirra eru þær Laufey Elíasdóttir sem sló í gegn í Blóðböndum, Ingibjörg Stefánsdóttir, Birna Hafstein og Haldóra Malin auk Caroline Dalton. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er þó helst veðjað á að Brynhildur Guðjónsdóttir hreppi hnossið en hún þótti fara á kostum í prufunum. Þá er myndin leikin á ensku en Brynhildur lærði sín fræði í Bretlandi og þykir mikil tungumálamanneskja.

Dark Floors verður mikil auglýsing fyrir þá leikkonu sem verður valin en hún verður fyrst kynnt á Cannes-kvikmyndahátíðinni í maí. Þá verður hún markaðssett eins og háttur hefur verið á með Hollywood-kvikmyndir en samkvæmt kvikmyndavefnum imdb.com er ráðgert að hún verði jólamyndin í Finnlandi. Tökur fara fram í heimabæ finnsku skrímslasveitarinnar, Oulu. Íbúar bæjarins bíða spenntir eftir að fá þessa bestu syni bæjarins í heimsókn til sín og ætla að stjana við aðkomumennina. **-fgg**



**INGIBJÖRG STEFÁNSDÓTTIR** Kemur sterklega til greina fyrir hlutverkið.

**BRYNHILDUR GUÐJÓNSDÓTTIR** Þykir líklegust til hreppa hlutverkið í kvikmyndinni Dark Floors sem skartar sjálfri skrýmslasveitinni Lordi.

**LAUFEY ELÍASDÓTTIR** Kvikmyndin gæti verið stóra tækifærið fyrir leikkonuna ungu.


ÍSAM
www.isam.is
ora
Ástríða í matargerð
Rauð og fullþroskuð
Í Ora tómatsósu eru eingöngu notaðir fyrsta flokks tómatar sem eru rauðir og fullþroskaðir. Það skilar sér í einstökum gæðum því betri tómatar gera betri tómatsósu.
Hefurðu prófað?
www.ora.is
ora
680g
ora
Tómatsósa

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR**



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
**Stórmarkaður í stofunni heima**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS




**BAKÞANKAR**

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR


## *Kannanir*

Nú er hafið tímabil hinna æsispennandi skoðanakannana. Líklega fara þær að berast núna ein á dag með tilheyrandi uppslætti á forsíðum dagblaðanna og í fréttatímum. Ég viðurkenni það að ég, sem lúmskur áhugamaður um tölulegar vísbendingar og hlutfallslegar skiptingar á öllum sköpuðum hlutum, tek hverri slíkri könnun fagnandi og rýni í þær með morgunkaffinu, eins og sjómenn áður fyrr í aflatölur, á hverjum morgni, haukfránum augum.

**MÉR** sýnist af öllu að ég sé ekki einn um það að hafa gaman af svona skoðanakönnunum og þeirri analýtísku hugarleikfimi sem þeim fylgir. Hver einasti umræðuþáttur um stjórnmál, með stjórnmálaleiðtogum, hefst nefnilega núna nærri undantekningalaust á nokkuð langri og yfirgripsmikilli samræðu, í hvert og eitt sinn, um skoðanakönnun dagsins. „Hvað finnst þér um þessar tölur?“ er spurt. „Er þetta ásættanlegt?“

**ÞAÐ** er auðvitað æsispennandi að vera hluti af svona þjóðfélagi. Þjóðfélagsmálin hafa verið kappvædd. Þau eru orðin eins og íþróttaviðburður. Hverjir verða sigurvegarar? Hverjir munu taka það á endasprettinum? Hverjir munu gefa eftir?

**FYRIR** síðustu borgarstjórnarkosningar keyrði áhuginn á skoðanakönnunum nokkuð um þverbak að mínu mati. Kappræður leiðtoganna fóru þá fram í sjónvarpssal kvöldið fyrir kjördag. Umræðan byrjaði á því, nema hvað, að kynnt var ný skoðanakönnun, ein af mörgum það vorið. Fyrsti hálftíminn af þættinum fór svo í það að ræða niðurstöðu könnunarinnar, sem var auðvitað svona og svona fyrir suma og afskaplega ánægjuleg fyrir aðra. En ég man að ég hugsaði: Bíddu við. Á ekki að kjósa á morgun? Hvaða tilgangi þjónar það að ræða skoðanakönnun daginn fyrir kjördag? Skiptir hún einhverju máli? Er það ekki kjördagurinn sem skiptir öllu máli?

**ÉG** óttast dálítið að það sama gerist núna. Hið sjúklega ástand gæti farið að myndast, að kjördagurinn hverfi endanlega í skuggann af skoðanakönnunum. Hann verður ekkert spennandi lengur. Kannski rennur upp sá tími einhvern tímann að þegar gengið verður að kjörborði á Íslandi verði þegar búið að spyrja alla í skoðanakönnunum hvað þeir ætli að kjósa og ræða þær upplýsingar sundur og saman í umræðuþáttum áður en gengið er til kosninga. Ef það myndi gerast, sem er ekki svo fjarri lagi, væri þjóðfélagið fullkomlega farið að snúast um sjálft sig. Og þetta er þegar farið að eiga sér stað. Kosningabarátta flokkanna er í auknum mæli farin að snúast um að gefa rétt viðbrögð við spám fjölmiðla um það hvernig kosningarnar muni á endanum fara.

**ÞETTA** er auðvitað algerlega tilgangslaust. En hver ætli ástæðan sé? Getur verið að þjóðfélagsmálin séu orðin svo yfirgripsmikil og svo víða brýn úrlausnarefni, og stundum flókin, að fjölmiðlar eru farnir – hugsanlega vegna tímaskorts – að veigra sér við að kafa ofan í þau og kjósa frekar að spyrja bara 800 manns á dag af handahófi úr símaskrá: Hvað finnst þér?


